



# **Staða og þróun jafnréttismála 1997-2002**



Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands

Reykjavík 2004

# **Staða og þróun jafnréttismála 1997-2002**

**Erla Hulda Halldórsdóttir**

Reykjavík 2004

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Tillögur til úrbóta og aðgerða .....	5
Samantekt .....	9
Forsagan.....	11
Nemendur við Háskóla Íslands.....	11
Starfsfólk .....	14
Lagalegur grunnur jafnréttisstarfs við Háskóla Íslands .....	15
Jafnréttisstarf í háskóla- og vísindasamfélagi.....	21
Jafnrétti við Háskóla Íslands.....	27
1. Millifundanefnd 1995–96.....	28
2. Millifundanefnd 1996–97 .....	30
Jafnréttisstarfið 1998–2002 .....	33
Jafnréttisnefnd 1998–2001 .....	33
Jafnréttisnefnd 2001– .....	34
Starf jafnréttisnefndar frá 1998.....	34
Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands .....	35
Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni .....	37
Fræðsla um jafnréttismál .....	39
Úttekt á vinnumatskerfi starfsmanna Háskóla Íslands .....	41
Kynjað orðfæri í dómnefndarálitum .....	42
Jafnara námsval kynjanna – átaksverkefni jafnréttisnefndar og Jafnréttisstofu .....	45
Mat á átaksverkefni um jafnara námsval kynjanna .....	52
Fjölskyldu- og starfsmannastefna Háskóla Íslands .....	55
Staðreyndir um konur og karla við Háskóla Íslands og í vísindasamfélaginu .....	61
Jafnrétti í víðum skilningi.....	75
Samkynhneigðir stúdentar og starfsmenn.....	76
Fatlaðir stúdentar og starfsmenn.....	78
Erlendir stúdentar og starfsmenn .....	83
Starf jafnréttisfulltrúa .....	85
Viðhorf, mat og framtíðarsýn stjórnenda við Háskóla Íslands .....	89
Aðgerðir – horft til framtíðar.....	97
Heimildaskrá.....	101
Prentuð rit, skýrslur og greinar: .....	101
Fréttatímar RÍkisútvarpsins – Kastljósið .....	106
Heimildir af vefmiðlum: .....	107
Aðrar heimildir: .....	109
Viðaukar .....	111
Viðauki 1 .....	113
Viðauki 2 .....	117
Viðauki 3 .....	118
Viðauki 4 .....	121

## Myndaskrá

Mynd 1 Útskrifaðir frá Háskóla Íslands 1912–1977, greint eftir kyni. Ekki var unnt að birta kyngreindar tölur útskrifaðra frá 1977–2002 .....	12
Mynd 2 Fjölgun stúdenta við Háskóla Íslands 1989–2002, greint eftir kyni. ....	13
Mynd 3 Hér má sjá hver staða karla, sem innrituðust haustið 1993, var í nóvember 2000. ....	58
Mynd 4 Hér má sjá hver staða kvenna, sem innrituðust haustið 1993, var í nóvember 2000. ....	58
Mynd 5 Hér má sjá hlutfallslega skiptingu um fjölda kvenna og karla á tíunda áratugi 20. aldar. ....	61
Mynd 6 Aldursdreifing nemenda við Háskóla Íslands haustið 2000, greint eftir kyni. Karlar grænar súlur (ljósar), konur rauðar (dökkar). ....	62
Mynd 7 Skipting eftir kyni í félagsvínsindadeild 1997-2002 .....	63
Mynd 8 Skipting eftir kyni í guðfræðideild 1997-2002.....	63
Mynd 9 Skipting eftir kyni í heimspekideild 1997-2002.....	64
Mynd 10 Skipting eftir kyni í hjúkrunarfræðideild 1997-2002 .....	64
Mynd 11 Skipting eftir kyni í raunvínsindadeild 1997-2002. ....	65
Mynd 12 Skipting eftir kyni í tannlæknadeild 1997-2002.....	65
Mynd 13 Skipting eftir kyni í viðskipta- og hagfræðideild 1997-2002.....	66
Mynd 14 Skipting eftir kyni í verkfræðideild 1997-2002. ....	66
Mynd 15 Skipting eftir kyni í lyfjafræðideild 1997-2002. ....	67
Mynd 16 Skipting eftir kyni í læknadeild 1997-2002. ....	67
Mynd 17 Skipting eftir kyni í lagadeild 1997-2002. ....	68
Mynd 18 Fjöldi meistaranema við Háskóla Íslands 1996-2002 greint eftir kyni. ...	68
Mynd 19 Nemendur í doktorsnámi við Háskóla Íslands1996-2002. Greint eftir kyni. ....	69
Mynd 20 Fyrirmund bessa myndrits er fengin úr ETAN-skýrslunni, sem vitnað er til framar í þessari skýrslu, og kallast „Scissors diagram“ .....	70
Mynd 21 Skipting starfa milli karla og kvenna 1. desember 2002.....	73
Mynd 22 Fjöldi fatlaðra stúdenta sem naut sérúrræða við Háskóla Íslands 1999-2003. ....	79
Mynd 23 Hér má sjá skiptingu milli mismunandi sviða fötlunar eða hömlunar miðað við þá nemendur sem nutu sérúrræða á árunum 2000–2002. ....	81

## Töflur

Tafla 1 Tafla fengin úr Konur í vísindum á Íslandi, bls. 65. ....	71
Tafla 2 Lektorar, dósentar, prófessorar og aðjúnktar við Háskóla Íslands 1. september 2002, greint eftir kyni og deild. Konur bleikar, karlar bláir. ....	72
Tafla 3 Skipting starfa milli starfshópa og kynja 1. desember 2002. ....	72

## Inngangur

Á vordögum 2002 var undirrituð fengin til þess að vinna skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála við Háskólan 1997–2002 fyrir jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. Sú ákvörðun byggir á ákvæði í erindisbréfi jafnréttisnefndar skólans. Þar er m.a. kveðið á um að á fimm ára fresti skuli tekin saman skýrsla um ástand jafnréttismála við Háskóla Íslands.

Skýrslunni er ætlað að vera heimild um stöðu og þróun jafnréttismála við Háskólan og veita stjórnendum deilda og stofnana innsýn í málaflokkinn, en jafnréttismál skulu samkvæmt jafnréttisáætlun skólans vera fléttuð inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku við Háskóla Íslands. Skýrslunni er ætlað að nýtast við frekari stefnumótun í jafnréttismálum.

Rætt var formlega við 17 einstaklinga við Háskólan, stjórnendur og einstaklinga sem unnið hafa að jafnréttismálum, í því skyni að fá sem besta yfirsýn og skilning á viðhorfum til jafnréttismála. Ekki gáfu allir sem til var leitað kost á viðtali. Viðmælendur eru ekki nefndir með nafni í skýrslunni nema með góðfúslegu leyfi viðkomandi þar sem skýrluhöfundur taldi æskilegt vegna þess málefnis sem um var rætt að sérþekking viðkomandi kæmi fram. Þá átti skýrluhöfundur gagnleg en óformleg samtöl við nokkurn fjölda fólks, auk þess sem ýmsar ábendingar bárust um efni skýrslunnar meðan hún var í vinnslu.

Skýrluhöfundur lagði sig fram um að kynna sér erlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið á stöðu kynjanna í háskóla- og vísindasamfélagi og kynnti sér þá hugmyndafræði sem jafnréttisstarf almennt er byggt á. Af þeim sökum er talsverð áhersla lögð á kynningu á jafnréttisstarfi almennt og er það von skýrluhöfundar að sú samantekt og það efni sem vísað er til neðanmáls reynist áhugasömu háskólfólki upplýsandi um jafnréttismál.

Skýrluhöfundur þakkar viðmælendum sínum fyrir ánægjuleg og upplýsandi samtöl. Eymundi Hannessyni B.A. í félagsráðgjöf er sérstaklega þakkað framlag hans til skýrslunnar, en B.A.-ritgerð hans um brottafell nemenda við Háskóla Íslands, var unnin með það fyrir augum að hún nýttist við stefnumótun í jafnréttismálum. Jafnréttisnefnd, jafnréttisfulltrúa og öðrum sem liðsinnt hafa skýrluhöfundi á einn eða annan hátt eru færðar þakkir.

Erla Hulda Halldórsdóttir



## Tillögur til úrbóta og aðgerða

### I.

Eftirfarandi eru tillögur skýrsluhöfundar til úrbóta og aðgerða í jafnréttismálum við Háskóla Íslands, byggðar á viðtölum, skýrslum og greinargerðum og erlendum rannsóknum, einkum á stöðu kvenna í háskólasamfélagi.

- 1) Hvatt er til þess að jafnréttisnefnd, með stuðningi háskólayfirvalda, standi fyrir námskeiðum um jafnréttismál í víðum skilningi fyrir stjórnendur innan skólans. Þar verði jafnréttisáætlun skólans kynnt og sett í samhengi við jafnréttisstarf almennt, ekki síst í samhengi við erlenda háskóla og þær áherslur sem eru í jafnréttisstarfi á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu. Jafnframt verði starf jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúans kynnt. Æskilegt er að fá erlenda fyrirlesara eða sérfræðinga til þátttöku og ráðgjafar, t.d. sérfræðing í samþættingu jafnréttissjónarmiða.
- 2) Skýrsluhöfundur telur ástæðu til þess að hvetja sérstaklega til fræðslu um fötlun en í máli viðmælenda skýrsluhöfundar kom fram óöryggi í garð hinna mörgu og mismunandi stiga fötlunar, enda var starfssvið jafnréttisnefndar víkkað út árið 2002 þannig að starf nefndarinnar nær til minnihlutahópa auk jafnréttis kynjanna. Háskólayfirvöld og jafnréttisnefnd eru hvött til að nýta sér þá þekkingu sem nú þegar er til staðar í fötlunarfræðum innan Háskóla Íslands (sjá bls. 80).
- 3) Hvatt er til þess að jafnréttisnefnd, með stuðningi háskólayfirvalda, standi fyrir opnu málþingi um jafnréttismál við Háskóla Íslands þar sem jafnréttisstarfið er kynnt, rannsóknir á stöðu kynjanna í vísindasamfélagini og á stöðu minnihlutahópa. Ástæða er til þess að hvetja til opinna umræðu um kosti og galla jafnréttisstarfs. Æskilegt væri að fá erlendenan sérfræðing til þátttöku.
- 4) Peim tilmælum er beint til Háskóla Íslands að vinna markvisst að markmiðum jafnréttisáætlunar skólans þann tíma sem hún er í gildi, en þar er jafnrétti kvenna og karla í fyrirrúmi. Ástæða er til þess að huga sérstaklega að stöðu kvenna í æðstu stöðum Háskólans.
- 5) Hins vegar er hvatt til þess að málefnum minnihlutahópa verði gerð skil í sérstakri stefnu *gegn hvers kyns mismunun*. Til fyrirmynadar er bent á

jafnréttisáætlun og stefnu gegn mismunun við Háskólan í Helsinki (sjá bls. 43)

- 6) Hvatt er til þess að í öllu kynningarefni um Háskóla Íslands og deildir hans (s.s. myndefni hverskonar), bæði hvað varðar nám og störf, sé þess gætt að það endurspegli margbreytileika samfélagsins. Með því er undirstrikað að Háskólinn tekur vel á móti nemendum sínum og starfsfólki óháð litarhætti, þjóðerni, kynhneigð, fötlun, kynferði o.s.frv.
- 7) Lagt er til að deildir Háskólans eflí tengslin við jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúa og skipi tengilið eða nefnd, sem hefði það hlutverk að efla tengslin, sbr. Háskólan í Lundi, [www.lu.se/pers/Jamstalldhet/jamstall.htm](http://www.lu.se/pers/Jamstalldhet/jamstall.htm), en eins og fram kemur í skýrslunni eru tengsl jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúa við deildir Háskólans ófullnægjandi.
- 8) Jafnframt er lagt til að myndaður verði starfshópur um jafnréttismál innan stjórnsýslu Háskólans sem hefði það að markmiði að vinna aðgerðaáætlun um hvernig hrinda megi í framkvæmd stefnu Háskólans um samþættingu jafnréttissjónarmiða innan stjórnsýslunnar. Til fyrirmynadar er vísað til jafnréttisstarfs við háskóla í Noregi.
- 9) Þeim tilmælum er beint til Háskóla Íslands og jafnréttisnefndar að markvisst verði unnið að því að draga úr kynbundnu námsvali. Hvatt er til þess að jafnréttisnefnd, í samstarfi við deildar og skorir, vinni að átaksverkefnum á því sviði þar sem karlar eru hvattir til náms í hefðbundnum kvennafögum og konur í hefðbundnum karlafögum.
- 10) Nýleg rannsókn á brottfalli leiðir í ljós að brottfall nemenda við Háskóla Íslands reynist nátengt félagslegu hlutverki kynjanna. Hvatt er til þess að jafnréttisnefnd, í samstarfi við stjórnsýslu, leiti leiða til þess að vinna gegn brottfalli karla og kvenna og uppræta hindranir vegna fjölskylduaðstæðna (sjá bls. 57) Jafnframt er hvatt til frekari rannsókna á brottfalli karla og kvenna, ekki síst á ástæðum þess að ungrir karlar falla frekar úr námi á framhaldsskólastigi, og þess að svo virðist sem Háskóli Íslands komi ekki til móts við þarfir ungra karla í námi (sjá bls. 57).
- 11) Þeim tilmælum er beint til háskólayfirvalda að þau hvetji til og styðji við rannsóknir sem miða að því að kanna og greina orsakir mismununar (kynja og minnihlutahópa) innan Háskólans. Frekari rannsóknir á sviði kynjafræða og efling fræðslu um jafnréttismál er einmitt eitt af markmiðum jafnréttislaga nr.

96/2000. Jafnframt má nefna rannsóknir á óbeinni mismunun, bæði kynjamismunun og mismunun sem byggist á fötlun, kynhneigð og þjóðerni, úttekt á framgangskerfi háskólans þar sem kannað er hvort framgangur kvenna er hægari en karla og þá af hvaða ástæðum. Æskilegt er að ráðist verði í hliðstæðar rannsóknir og gerðar hafa verið í Finnlandi og Danmörku þar sem eiginlegum og meginlegum rannsóknaraðferðum er beitt til þess að finna og greina hindranir sem verða á vegi kvenna í framgangi háskólasamfélagsins.

- 12) Þeim tilmælum er beint til jafnréttisnefndar að hún, með stuðningi háskólayfirvalda, láti reglulega kanna kjör og aðstöðu háskólamanna með tilliti til kyns.
- 13) Þeim tilmælum er beint til jafnréttisnefndar og háskólayfirvalda að þau beiti sér fyrir því að tekin verði afstaða til forgangsreglu jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands, þ.e. hvort hún skuli ná til deildar eða skorar, sbr. minnisblað Tryggva Þórhallssonar lögfræðings Háskóla Íslands, sem vísað er til í skýrslunni.

## II.

Til þess að Háskóla Íslands takist sem best það ætlunarverk sitt:

- að samþætta jafnréttismál allri ákvarðanatöku og stefnumótun skólans,
  - að vinna áfram að metnaðarfullri stefnu í jafnréttismálum í víðum skilningi,
- og geti sem best unnið að þeim tillögum til úrbóta og aðgerða sem tilgreindar eru hér að ofan telur skýrsluhöfundur mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga:

- 1) Að starf jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands verði full staða. Mikilvægt er að Háskóli Íslands haldi áfram að vinna markvisst að framgangi jafnréttismála í víðum skilningi. Skólinn hefur þegar náð góðum árangri á þessu sviði og litið er til hans sem fyrirmynnar. Hins vegar er ljóst að erfitt verður að halda áfram á sömu braut ef starfshlutfall jafnréttisfulltrúa Háskólans er 50% þrátt fyrir aukið starfssvið jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúa með nýju erindisbréfi jafnréttisnefndar í júní 2002 (sjá bls. 73).
- 2) Hvatt er til þess að háskólayfirvöld gefi jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands aukið vægi í stefnumótun og ákvarðanatöku við skólann og líti þannig á sérþekkingu á jafnréttismálum sem forsendu þess að árangur náist í samþættingu jafnréttismála (sjá bls. 84-86).



## **Samantekt**

Háskóli Íslands hefur sett sér metnaðarfull markmið með jafnréttisáætlun sinni og nýju erindisbréfi jafnréttisnefndar. Háskólinn hefur því sýnt vilja til þess að vinna að jafnréttismálum og samþætta jafnréttissjónarmið stefnumótun og ákvarðanatöku. Háskólinn hefur í þessu efni fylgt þeirri þróun sem orðið hefur í háskólum erlendis og í jafnréttisstarfi almennt. Hins vegar skortir nokkuð á að samræmi sé milli markmiða skólans, skv. jafnréttisáætlun og erindisbréfi jafnréttisnefndar, og þess fjármagns sem veitt er til málaflokkssins. Í þessu efni er líkt á komið með Háskólanum og ríkisvaldinu sem hefur verið gagnrýnt fyrir ósamræmi í háleitum markmiðum í jafnréttismálum og fjárveitingum.

Þegar farið er yfir starf jafnréttisnefndar, jafnréttisfulltrúa og millifundaneftnda er ljóst að mikið hefur áunnist. Markvisst hefur verið unnið gegn kynferðislegri áreitni, leitast hefur verið við að jafna námsval kynjanna, vinnumatskerfið hefur verið skoðað og tekið á kynjuðu orðfæri dómnefndarálita, svo dæmi séu tekin. Þá hefur síðustu misseri aukin áhersla verið lögð á jafnrétti í víðum skilningi, þ.e. á réttindi fatlaðra, samkynhneigðra og erlendra stúdenta og starfsmanna.

Í máli viðmælenda skýrsluhöfundar kom fram óöryggi gagnvart jafnréttismálum, bæði jafnrétti kynjanna og minnihlutahópa. Ljóst er að vanþekking og jafnvel fordómar eru til staðar í háskólasamféluginu líkt og annars staðar og það er hvorki hlutlaust gagnvart kyni né öðrum breytum sem eiga þátt í því að fólk sé mismunað. Á þessum málum þarf að taka með aukinni fræðslu, úttektum og könnunum ásamt samþættingu jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Ljóst er að jafnréttismálin eru ögrandi og ekki ríkir einhugur um hvort eða hvernig unnið skuli að jafnrétti kvenna og karla. Hins vegar virðast flestir hlynntir því að unnið verði að málefnum samkynhneigðra, fatlaðra og erlendra starfsmanna og stúdenta – þótt ekki sé alltaf skilningur eða þekking til staðar á aðstæðum eða þörfum þessara hópa. Því er ljóst að gera þarf átak í fræðslu um jafnréttismál við Háskóla Íslands til þess að upplýsa starfsmenn og stúdenta um hvað felst í jafnréttisstarfinu, markmið þess og starfsaðferðir.

Gagnrýni á Háskóla Íslands og jafnréttisnefnd og ábendingar um það sem betur má fara breytir ekki þeirri meginniðurstöðu skýrslunnar að við Háskóla Íslands hafi verið unnið þarf og gott starf í jafnréttismálum sem nauðsynlegt er að halda áfram.



## Forsagan

### Nemendur við Háskóla Íslands

Í lögum um stofnun háskóla árið 1909 var kveðið á um að konur jafnt sem karlar, sem lokið hefðu stúdentsprófi, gætu orðið „háskólaborgarar”.<sup>1</sup> Konur höfðu þá haft óheftan aðgang að Menntaskólanum í Reykjavík frá 1904 og afar takmarkaðan rétt til náms við prestaskólann og læknaskólann frá 1886 en höfðu hvorki rétt til námsstyrkja né embætta. Úr þessu var bætt árið 1911 þegar konur fengu ótakmarkaðan rétt til menntunar og embætta – sama ár og Háskóli Íslands tók til starfa.

Fáar konur höfðu lokið stúdentsprófi þegar þarna var komið sögu og engin hefð var fyrir framhaldsnámi eða svokallaðri æðri menntun kvenna. Fáeinir konur höfðu sótt sér menntun til útlanda seint á 19. öld og tekið þar stúdentspróf, stundað nám við kennaraskóla og jafnvel lagt stund á nám sem ekki var boðið upp á hér á landi. Nefna má Camillu Torfason, sem lauk stúdentsprófi í Kaupmannahöfn 1889 og Ingibjörgu H. Bjarnason, skólastýru og fyrstu konuna sem tók sæti á Alþingi, en Ingibjörg nam kennslu- og uppeldisfræði og lauk leikfimiprófi fyrst Íslendinga árið 1892. Þegar leið á 20. öldina fjölgaði þessum konum og námsvalið varð fjölbreyttara. Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir lauk prófi í lyfjafræði 1919 í Kaupmannahöfn, svo dæmi sé tekið, Anna Bjarnadóttir B.A.-prófi í enskum bókmenntum frá Westfield College í Lundúnum 1922 og loks má nefna Björgu C. Þorláksson sem lauk doktorsprófi fyrst kvenna árið 1926.<sup>2</sup> Ef til vill hefur þessum konum þótt auðveldara að sækja nám sitt til útlanda þar sem lengri hefð var fyrir háskólamenntun kvenna og valmöguleikar fleiri en heima á Íslandi.


Ein kona var í hópi þeirra 45 stúdenta sem hófu nám við Háskóla Íslands haustið 1911. Hún hét Kristín Ólafsdóttir, var skráð í læknadeild og lauk þaðan embættisprófi fyrst kvenna árið 1917. Kristín var eini kvenstúdentinn fyrstu fjögur árin en eftir það fjölgaði konum lítilsháttar. Þær náðu þó ekki að fylla tuginn fyrr en árið 1929 og þegar Háskólinn hélt upp á 20 ára afmæli sitt árið 1931 voru átta konur skráðar til náms en 156 karlar, þær voru því tæp 5% háskólanema.

Athyglisvert er að stærstur hluti þeirra kvenna sem lögðu stund á nám við Háskóla Íslands fyrstu two áratugina tóku aðeins próf í forspjallsvísindum, þ.e. þær voru aðeins

<sup>1</sup> *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 182.

<sup>2</sup> *Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna*. Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (Reykjavík, 1998), bls. 32–38.

einn vetur við nám, og þær fjórar konur sem luku námi við skólann 1911–1932 voru allar í læknisfræði. Eftir það félle virkin hvert á fætur öðru; kona lauk embættisprófi í lögfræði 1935, í guðfræði 1945 og kandídataprófi í viðskiptafræðum 1953, svo dæmi séu tekin.<sup>3</sup>



**Mynd 1** Útskrifaðir frá Háskóla Íslands 1912–1977, greint eftir kyni. Ekki var unnt að birta kyngreindar tölur útskrifaðra frá 1977–2002 Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.


Konum í námi við Háskóla Íslands fjöldaði hægt og bítandi næstu áratugi og um og upp úr 1975 fjöldaði þeim verulega, eða úr 24,5 í 38,5% af heildarfjölda háskólanema. Þessa fjölgun má skýra með breytingum sem voru að eiga sér stað í þjóðféluginu, s.s. aukinni umræðu um jafnrétti kynjanna og menntun kvenna, nýju kvennahreyfingunni, kvennaári og kvennafrídegi.<sup>4</sup>

Árið 1987 urðu konur í fyrsta skipti fjölmennari í hópi stúdenta við Háskóla Íslands og hafa síðan verið í meirihluta. Körlum í námi hefur þó ekki fækkað heldur hefur fjölgun þeirra ekki orðið jafnhröð og kvenna, en sífellt fleiri konur leggja stund á háskólanám. Nokkur umræða hefur skapast vegna þess, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar þar sem þróunin hefur verið hin sama.<sup>5</sup>

<sup>3</sup> Árbækur Háskóla Íslands. – Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland. Ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík, 1997). – Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna.

<sup>4</sup> Hagskinna, bls. 859, tafla 18.12.

<sup>5</sup> Sjá t.d. umfjöllun í NIKK-magasin 2/2003 en yfirskrift blaðsins er Hvem er klasserommets vinnere og tapere? – Sjá einnig grein í danska veftímaritinu Forum: Ulrikke Moustgaard, „Panik i skolegården“, FORUM for køn og kultur 8/9 2003, > <http://www.forum.kvinfo.dk/features/?id=1656670><



**Mynd 2 Fjölgun stúdenta við Háskóla Íslands 1989–2002, greint eftir kyni.** *Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands*

Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands um fjölda nemenda í framhalds- og háskólum haustið 2002 leiða í ljós að konur eru rúm 57% nemenda og karlar tæp 43% en eingöngu á háskólastigi eru konur 63,5%. Hagstofan bendir á að sjá megi talsverðan kynjamun milli skóla, þannig séu konur 83,5% nemenda í Kennaraháskóla Íslands samkvæmt þessum bráðabirgðatölum en 37,3% í Tækniháskóla Íslands.<sup>6</sup>

En það er ekki aðeins hlutur kvenna sem hefur gjörbreyst í Háskóla Íslands á þeim rúmu 90 árum sem skólinn hefur starfað.

Þegar flett er í gegnum Árbækur Háskóla Íslands fyrstu áratugina sem skólinn starfaði má sjá nöfn fáeinna erlendra stúdента sem lögðu stund á nám við skólann en árið 2002 voru 559 erlendir námsmenn skráðir til náms við Háskólann.

Fatlaðir eru annar hópur sem lítið fer fyrir í heimildum fyrstu áratugina en ekki þarf annað en að ganga um elstu byggingar Háskólans til þess að sjá að þar var ekki

<sup>6</sup> Hagstofa Íslands. Fjöldi nemenda í framhaldsskólum og háskólum haustið 2002. Bráðabirgðatölur 16. janúar 2003, sjá [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) skólamál

gert ráð fyrir að hreyfihamlað fólk gæti stundað nám, svo dæmi sé tekið. Á þessu hafa orðið verulegar breytingar, eins og nánar verður vikið að síðar í skýrslunni.

Samkynhneigðir hafa vafalaust verið í hópi stúdenta frá upphafi en ætla má að lítið hafi farið fyrir þeim fyrr en með þeirri vitundarvakningu sem segja má að hafi orðið með stofnun Samtakanna '78, sem fagna aldarfjórðungsafmæli sínu á þessu ári. Engar tölur eru til um fjölda samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdenta við Háskóla Íslands en hann gæti verið á bilinu tvö til sex hundruð.<sup>7</sup>

## Starfsfólk

Í áratugi voru karlar einir fastir kennarar við Háskóla Íslands. Anna Bjarnadóttir B.A. fékk leyfi háskólaráðs til að flytja erindi um enskar bókmenntir háskólaárið 1923–24 og varð hún þar með fyrst kvenna til þess að kenna við skólann. Á fjórða og fimmsta áratuginum voru nokkrar erlendar konur stunda- og sendikennarar í tungumálum við heimspekideild en fyrsta íslenska konan sem ráðin var til kennslu við Háskóla Íslands var Ragnheiður Guðmundsdóttir læknir. Hún hóf störf árið 1953 og kenndi lífeðlisfræði í tannlæknadeild.

Þær konur sem fengust við kennslu við hinar ýmsu deildir Háskólans voru titlaðar auka- eða stundakennarar allt fram undir 1970. Fyrsti kvenprófessorinn var Margrét Guðnadóttir en hún var skipuð prófessor í læknadeild árið 1969. Næsti kvenprófessor var ekki skipaður fyrr en árið 1986 þegar Þórdís Kristmundsdóttir varð prófessor í lyfjafræði, við læknadeild.<sup>8</sup> Kona gegndi fyrst lektorsstöðu árið 1970 þegar Helga Kress var sett lektor í íslensku fyrir erlenda stúdenta og fyrsti dósentinn var Kristín E. Jónsdóttir árið 1976.

Fyrsta konan sem ráðin var til starfa við stjórnsýslu Háskólans var Erla Elíasdóttir árið 1949, en hún var ráðin í starf aðstoðarháskólaritara. Konur eru nú í miklum meirihluta þeirra sem starfa við skrifstofustörf innan stjórnsýslunnar, eða um 78% þeirra sem það gera.

---

<sup>7</sup> Upplýsingar fengnar af heimsíðu félags sam- og tvíkynhneigðra stúdента við Háskóla Íslands, sjá [www.gay.hi.is](http://www.gay.hi.is).

<sup>8</sup> Lyfjafræðideild hefur verið sérstök deild frá 2000 en lyfjafræðin heyrði áður undir læknadeild. Skýrsluhöfundur vill nota tækifærið og leiðréttu villu, sem hann ber ábyrgð á, í sérblaði *Morgunblaðsins* í tilefni 90 ára afmælis Háskóla Íslands haustið 2001. Þaðan segir að næstu kvenprófessorar á eftir Margréti Guðnadóttur hafi verið skipaðir í stöður árið 1988. Hið rétta er að kvenprófessor var skipaður 1986, eins og fram kemur hér að ofan og síðan tvær árið 1988. Þórdís Kristmundsdóttir er beðin velvirðingar á þessum mistökum.

## Lagalegur grunnur jafnréttisstarfs við Háskóla Íslands

Jafnrétti er bundið í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Þar segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“<sup>9</sup>

Með þessari stjórnarskrárbreytingu árið 1995 var leitast við að tryggja jafnrétti á öllum sviðum. Þá höfðu lög um jafnrétti karla og kvenna verið við lýði í tæpa two áratugi og enn lengri tími var liðinn frá því fyrstu lögin um launajafnrétti kvenna og karla voru samþykkt. Nefna má lög um barnakennara og laun þeirra árið 1919 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins árið 1954, en þar var skýrt kveðið á um að konur og karlar hefðu jafnan rétt til opinberra starfa og skyldu hafa sömu laun fyrir sömu vinnu.<sup>10</sup> Alþjóðasamþykkt um sömu laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf var löggilt hér á landi árið 1958.<sup>11</sup> Premur árum síðar voru sett lög um launajöfnuð kvenna og karla innan ákveðinna starfsstéttar<sup>12</sup> og árið 1973 voru samþykkt lög um jafnlaunaráð. Þar var kveðið á um að konum og körlum skyldu greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og atvinnurekendum var gert óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði.<sup>13</sup>

Fyrstu jafnréttislögin voru sett árið 1976 og var þeim ætlað að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla. Konur áttu samkvæmt þessum nýju lögum að njóta sömu möguleika og karlar til atvinnu og menntunar og fá greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Atvinnurekendum var sem fyrr gert óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði.<sup>14</sup> Jafnréttislögin voru endurskoðuð árið 1985. Þar var m.a. fjallað um að tryggja jafna möguleika kvenna og karla til atvinnu og menntunar með stjórnvaldsáðgerðum og að við starfs- og námsfræðslu í skólum skyldi leitast við að breyta venjubundnu náms- og starfsvali kvenna og karla.<sup>15</sup>

Enn var bætt við jafnréttislögin árið 1991 og að þessu sinni var gert ráð fyrir sérstökum tímabundum aðgerðum til þess að bæta stöðu kvenna. Jafnframt var kveðið á um að búa skyldi bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samféluginu, fjölskyldulífi

<sup>9</sup> Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944 (nr. 33/1944). Breyting samþ. 25. febrúar 1995. (nr. 957/1995).

<sup>10</sup> Lög um skipun barnakennara og laun þeirra nr. 75/1919. – Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.

<sup>11</sup> Auglýsing nr. 12/1958.

<sup>12</sup> Lög um launajöfnuð kvenna og karla nr. 60/1961.

<sup>13</sup> Lög um jafnlaunaráð nr. 37/1973.

<sup>14</sup> Lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976.

<sup>15</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985.

og atvinnulífi. Þá var sveitarfélögum með yfir 500 íbúa gert að skipa jafnréttisnefndir og á þann hátt leitast við að bæta stöðu kvenna í sveitarféluginu.<sup>16</sup>

Núgildandi jafnréttislög voru samþykkt árið 2000 og er þeim ætlað að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum karla og kvenna á öllum sviðum þjóðlífssins. Þessu skal náð m.a. með því að gæta jafnréttissjónarmiða hvarvetna, stuðla að jöfnum áhrifum kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samféluginu og auðvelda kynjunum að samræma fjölskyldulíf og atvinnu.<sup>17</sup>

Árið 1986 var í fyrsta skipti lögð fram á Alþingi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna og gilti hún til 1990. Árið 1993 tók ný áætlun gildi og sú þriðja árið 1998.<sup>18</sup> Þar segir að það sé stefna ríkisstjórnarinnar „að konur og karlar skuli njóta jafnra tækifæra og hafa sömu möguleika til áhrifa í samféluginu.“ Jafnframt að ríkisstjórnin muni vinna að því að „jafnréttissjónarmið verði samþætt opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku.“<sup>19</sup> Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar 1998–2001 var endurskoðuð við lok gildistímans og sú endurskoðun var lögð fram sem framkvæmdaáætlun 2002–2004, en gert er ráð fyrir að þá liggi fyrir ný þingsályktun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Í inngangi endurskoðaðrar framkvæmdaáætlunar segir að sem fyrr sé samþætting jafnréttissjónarmiða leiðarljós hennar, jafnframt að „ríkisstjórnin muni vinna að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku og að allir sem koma að þeim málum þurfi því að hafa þekkingu á jafnréttismálum.“<sup>20</sup>

Samþætting (e. mainstreaming) þýðir að kynferði sé grundvallarforsenda við stefnumótun og ákvarðanatöku. Samþætting er flókið hugtak og hefur skilgreining á því verið mismunandi og það jafnvel misskilið eða mistúlkað, svo vitnað sé til orða dr. Teresu Rees, prófessors við Cardiff-háskóla í Wales. Dr. Rees er einn helsti sérfræðingur Evrópu í samþættingu jafnréttismála en hún skilgreinir samþættingu á eftirfarandi hátt: „Samþætting er kerfisbundin innleiðing kynjajafnréttis í öll kerfi,

<sup>16</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.

<sup>17</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

<sup>18</sup> Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða? Um þáttaskil í íslenskri jafnréttisumræðu“, *Ritið 2. Femínismi* (2002), bls. 25.

<sup>19</sup> Pingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1998–2001.

<sup>20</sup> Framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002–2004. Sjá t.d. á vef Jafnréttisstofu: [www.jafnretti.is/gogn/skyrsla%20um%20framkvæmdaætlun.htm#fylgiskjal](http://www.jafnretti.is/gogn/skyrsla%20um%20framkvæmdaætlun.htm#fylgiskjal)

strúktúra, stefnur, áætlanir, ferli og verkefni, inn í leiðir til að sjá og skilja, inn í menningarhætti og stofnanir þeirra.”<sup>21</sup>

Markmiðið er að fléttu sjónarhorn beggja kynja inn í alla stefnumótun samfélagsins, endurskilgreina hefðbundin hlutverk kynjanna og gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnutíma. Samþætting gengur þannig út frá því að breyta þurfi kerfinu í stað þess að gengið sé út frá því að konurnar sjálfar séu vandamálið (eða minnihlutahópar þegar því er að skipta).

Samþætting hefur undanfarin ár verið lykilhugtak í alþjóðlegri jafnréttisumræðu. Evrópusambandið hefur síðan 1996 unnið markvisst að samþættingu og nú er í gangi fimm ára áætlun um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna. Þar er gengið útfrá því að lýðræði sé ekki fullkomið nema bæði kynin komi að ákvarðanatöku og stefnumótun á öllum sviðum samfélagsins. Árangursríkasta aðferðin til þess að koma á jafnrétti er talin samþætting, ásamt sértækum aðgerðum til hagsbóta konum.<sup>22</sup>

Á norrænum samstarfsvettvangi hafa jafnréttismálin verið til umræðu um langa hríð og Norðurlöndin löngum álitin fyrirmýnd annarra í því efni.<sup>23</sup> Norræna ráðherranefndin vinnur nú eftir sérstakri áætlun sem tekur til áranna 2001–2005. Þar er að finna sömu áherslur og í jafnréttisstarfi Evrópusambandsins. Jafnrétti, segir í áætlun Norðurlandanna, felur í sér jafna dreifingu valds og áhrifa, að konur og karlar skuli hafa sömu réttindi, skyldur og tækifæri á öllum sviðum og lögð er áhersla á að jafnrétti kynjanna sé forsenda frekari lýðræðisþróunar. Áætlunin gerir ráð fyrir að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar jafnframt því að hvert land fyrir sig stuðli að öflugra jafnréttisstarfi heima fyrir.<sup>24</sup>

Jafnréttislögin frá 2000 og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna eru undir sterkum áhrifum af því sem gerst hefur á

<sup>21</sup> Teresa Rees, „Gender Mainstreaming: Misappropriated and Misunderstood?“ (fyrirlestur haldinn 21/2 2002), sjá [www.sociology.su.se/cgs/ReesPaper.doc](http://www.sociology.su.se/cgs/ReesPaper.doc) Tilv. á ensku: „Mainstreaming is the systematic integration of gender equality into all systems and structures, policies, programmes, processes and projects, into ways of seeing and doing, into cultures and their organisations.“ – Einnig: Teresa Rees, „First results from the Helsinki Group on Women and Science: policy review“, *Gender & Research. Brussels, 8–9 November 2001*. Conference Proceedings (Brussels, 2002).

<sup>22</sup> COM (2000) 335 final. „Towards a Community Framework Strategy on Gender Equality (2001–2005)“, bls. 2–3.

<sup>23</sup> Benda má á heftið *Jafnrétti og lýðræði? – konur og stjórnmál á Norðurlöndum*. Auður Styrkársdóttir stjórnmálafræðingur tók saman (TemaNord 1999:566). Heftið byggir á bókinni *Likestilte demokratier? Kjønn og politikk i Norden*, sem út kom 1999 á vegum Norrænu ráðherranefndarinn, en í bókinni eru birtar vandaðar greinar norrænna fræðimanna um konur, jafnrétti og stjórnmál á Norðurlöndunum. Einnig má nefna greinasafnið *Is there a Nordic feminism? Nordic feminist thought on culture and society*. Ritstj. Drude von der Fehr, Bente Rosenbeck og Anna G. Jónasdóttir (London, 1998).

<sup>24</sup> Nordisk likestillingssamarbeide 2001–2005.

[www.norden.org/jaemst/sk/samarbetsprogram2001–2005.pdf](http://www.norden.org/jaemst/sk/samarbetsprogram2001–2005.pdf)

alþjóðavettvangi síðustu árin og raunar hefur þróunin hér á landi um áratugaskeið fylgt þeim áherslum sem hafa verið á alþjóðavettvangi. Þannig einkenndist fyrsta stig jafnréttislöggjafarinnar af því að lögð var áhersla á jafnan rétt kvenna og karla og bann lagt við mismunun. Annað stigið hefur verið kennt við sértækar aðgerðir og hið þriðja, sem nú stendur yfir, við samþættingu.<sup>25</sup>

Það eru gömul sannindi og ný að lagaleg réttindi ein og sér tryggja ekki jafnrétti. Kvenréttindakonan Bríet Bjarnhéðinsdóttir var óþreytandi við að benda kynsystrum sínum á þessa staðreynd á fyrstu áratugum 20. aldar. Hún skrifaði í *Kvennablaðið* í desember árið 1919:

Fyrsta skilyrðið ... er að nota hin gefnu réttindi. Og þá kemur fyrst til það skilyrðið: að vera *jafnfær* í hverja stöðu sem þær æskja eftir, og keppinautar þeirra, karlmennirnir. Sé það skilyrði uppfylt, þá er að gera sig gildandi. Láta taka jafnmikið tillit til sín og þeirra. Gera sig ekki ánægða með lægri laun eða minna tillit, til að komast að, og sjá um að konur fái að hækka í stöðum eftir verðleikum og venjum eins og karlmennirnir, en ekki gera sig ánægða með að nöldra að eins yfir ranglætinu, *en pola það þó.*<sup>26</sup>

Reynslan hefur sýnt að það að vera jafnhæf og karlinn, og jafnvel hæfari, hefur ekki alltaf dugað til. Konum hefur sannanlega verið mismunað vegna kynferðis eins og staðfest hefur verið í dóumum Hæstaréttar. Benda má á dóm nr. 431/1995, þar sem konu voru í fyrsta skipti dæmdar bætur vegna ólöglegrar ráðningar, dóm nr. 11/2000 þar sem staðfest var að konu hafði verið mismunað í launum vegna kynferðis og dóm í máli Helgu Kress frá 1993 þar sem staðfest var að henni hafði verið mismunað við stöðuveitingu.<sup>27</sup>

Í 24. grein núgildandi laga um jafnan rétt kynjanna segir að óheimilt sé að mismuna umsækjendum á grundvelli kynferðis, einnig að óheimilt sé að auglýsa eftir öðru kyninu fremur en hinu. Síðan segir: „Þetta ákvæði gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.“<sup>28</sup> Með þessu er veitt heimild fyrir sértækar

<sup>25</sup> Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða?“, bls. 19. – Teresa Rees, „Gender Mainstreaming: Misappropriated and Misunderstood?“

<sup>26</sup> *Kvennablaðið* 31/12 1919, bls. 90.

<sup>27</sup> Hæstaréttardómar nr. 431/1995, nr. 11/2000 og 1993:2230.

<sup>28</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

aðgerðir fyrir það kynið sem er í minnihluta, séu umsækjendur jafnhæfir. Þessu til stuðnings má benda á Hæstaréttardóm 2230/1993. Þá segir í 20. grein jafnréttislaga að „þar sem því verður við komið, [skuli] sitja sem næst jafnmargar konur og karlar” í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, bæði þeirri sem gilti 1998–2001 og í endurskoðaðri gerð hennar, er einnig lögð áhersla á að auka hlut kvenna í ráðum og nefndum á vegum ráðuneytanna og hins opinbera. Það er því greinilegur skilningur íslenskra stjórnvalda og Hæstaréttar að réttlætanlegt sé að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða til þess að jafna hlut kynjanna.



## Jafnréttisstarf í háskóla- og vísindasamfélagi

Síðustu ár hefur jafnrétti innan háskóla- og vísindasamfélagsins verið mjög til umræðu, bæði innan og utan fræðanna. Jafnréttisnefndir hafa verið settar á laggirnar við háskóla erlendis og leitast hefur verið við að greina og uppræta þær hindranir sem verða á vegi kvenna í námi og starfi.<sup>29</sup> Síðustu ár hafa stjórnvöld víðast hvar í Evrópu og Evrópusambandið unnið markvisst að því að finna leiðir til þess að jafna stöðu kynjanna í vísindasamféluginu.

Ráðherraráð Evrópusambandsins samþykkti árið 1999 áætlun sem miðar að því að efla stöðu kvenna í rannsóknum og vísindum. Gert var ráð fyrir að lönd Evrópusambandsins og lönd því tengd skiptust á upplýsingum um stöðu kvenna í vísindum og til hvaða aðgerða væri gripið til úrbóta. Sem aðili að 5. rammaáætlun Evrópusambandsins er Ísland eitt þessara landa og skipaði menntamálaráðuneytið nefnd árið 2000 til þess að vinna að söfnun og úrvinnslu upplýsinga um konur í vísindum. Afrakstur þeirrar vinnu var skýrslan *Konur í vísindum á Íslandi* sem kom út í mars 2002 en þá var jafnframt haldin ráðstefna um konur í vísindum og efni skýrslunnar kynnt.<sup>30</sup> Í henni er að finna mikið magn tölulegra upplýsinga um hlutfall kvenna og karla í háskólanámi, í rannsóknum og stöðum í háskólasamféluginu og um úthlutanir sjóða til rannsókna. Farið er yfir kynjaskiptingu í háskólum víða um heim og rætt um helstu leiðir til þess að fjölgja konum í vísindum. Skýrslan er unnin undir sterkum áhrifum af skýrslu sem unnin var á vegum Evrópusambandsins og kom út árið 2000, *Science policies in the European Union: Promoting excellence through mainstreaming gender equality*.

Skýrslan er afrakstur vinnu sérfræðingahóps European Technology Assessment Network on Women and Science [ETAN] um konur og vísindi og vísindastefnu (science and science policy). Í skýrslunni, sem tók til Evrópusambandslanda, er sjónum beint að verkfræði (engineering), félagsvísindum (social science), tölvunarfræði (computing) og tæknigreinum (technology) en hvatt er til hliðstæðrar úttektar á hugvísindum (arts and humanities). Skýrslan (sem jafnan er nefnd ETAN-skýrslan) hefur vakið gríðarlega athygli. Þar kemur fram að staða kvenna í evrópsku

<sup>29</sup> Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna innan Háskóla Íslands. Tillögur millifundanefndar um jafnréttismál (1997), bls. 2–3. – Þorgerður Einarsdóttir, „Er menntun lykillinn að jafnrétti? Staða kvenna í háskólasamféluginu.“ *Bryddingar. Um samfélagið sem mannanna verk* (Reykjavík, 2000), bls. 11–23.

<sup>30</sup> *Konur í vísindum á Íslandi* (Reykjavík, 2002), bls. 5–7. – Ráðstefnan, *Konur í vísindum. Fer mannauður til spillis?*, var haldin í Salnum í Kópavogi 22. mars 2002.

vísindasamfélagi (ESB-löndunum) er mun lakari en karla. Fram kemur að bæði sögulega séð og í samtímanum er hlutur kvenna í ákvarðanatöku um stefnumótun í vísindum og forgangsröðun verkefna afar rýr, jafnframt að fáar konur láti reyna á að ná frama innan (raun)vísindasamfélagsins. Fram kemur að brottfall kvenna er meira en karla, þ.e. þeim fækkar eftir því sem ofar dregur í valdastiga vísindasamfélagsins og bent er á að þær séu innan við 10% þeirra sem eru í forstu í vísindasamféluginu þrátt fyrir að vera um helmingur þeirra sem útskrifast með fyrstu gráðu úr háskólum. Skýrsluhöfundar fara rækilega í gegnum tiltækar tölulegar upplýsingar um stöðu kvenna víða um lönd og leggja fram tillögur til úrbóta. Lögð er áhersla á að mannauður sé vannýttur ef konur, sem hafa sótt sér menntun í þessum greinum, fá ekki eða, af einhverjum ástæðum, sækjast ekki eftir framgangi eða frama. Jafnframt er bent á nauðsyn sampættingar jafnréttissjónarmiða í öllu vísindastarfi. Sanngirni í framgangi í starfi, í styrkveitingum, í akademískum stöðum og í mótu vísindastefnu og forgangsröðun, eru lykilefni skýrsluhöfunda.<sup>31</sup>

Undir áhrifum af ETAN-skýrslunni og jafnréttisstarfi Evrópusambandsins var í maí 2001 haldin ráðstefna í Ósló á vegum NorFA þar sem rætt var um hlut kvenna í vísindasamféluginu. Megintilgangur ráðstefnunnar var að ræða og móta aðgerðir svo sampætta mætti jafnréttissjónarmið innan vísindasamfélagsins.<sup>32</sup> Allmargar rannsóknir hafa verið gerðar á stöðu kvenna í vísindasamféluginu á Norðurlöndum og voru niðurstöður nokkurra þeirra birtar í tímaritinu *Nora. Journal of Women's Studies* árið 2001.

Meginniðurstaðan er að konur verði fyrir hindrunum í framgangi sínum innan háskóla- og vísindasamfélags og að sú staðreynð að færri konur en karlar komist í háar stöður innan vísindasamfélagsins virðist viðvarandi vandamál. Algengt er að fræðimenn og stjórnendur innan akademíunnar eigi erfitt með að trúa því að þar viðgangist misrétti meðal karla og kvenna og telja að fæð kvenna í æðstu stöðum eða ákveðnum greinum eigi sér skýringar utan akademíunnar, s.s. í því að konur gangi með og fæði börn og beri oftar en ekki meiri ábyrgð en karlar á uppeldi og heimili. Þó er á það bent í grein Liisa Husu að sífellt fleiri virðast hverfa frá þeirri skýringu, sem svo lengi hefur verið haldið á lofti, að fæð kvenna í ábyrgðarstöðum megi rekja til

<sup>31</sup> *Science policies in the European Union: Promoting excellence through mainstreaming gender equality* (Brussel, EC, 2000), sjá einkum „Executive summary“, bls. viii–ix og 1–6. – Konur í vísindum, bls. 8.

<sup>32</sup> *Women in Academia – a Nordic perspective. Proceedings from the conference in Oslo 7th-9th May 2001* (Oslo, 2002), bls. 4.

óframfærni þeirra og (neikvæðrar) sjálfsmynadar. Þess í stað, segir Husu, er vaxandi áhugi á að skoða akademíuna sjálfa sem vandamál, kynjaða menningu hennar, uppbyggingu og venjur.<sup>33</sup> Þetta er í samræmi við þá hugmyndafræði sem liggur að baki sambættingu jafnréttissjónarmiða, þ.e. kerfið er tekið til endurskoðunar og leitað að þeim þáttum sem eru karlmiðaðir (androcentric eða male-centred) og þeir upprættir þannig að eftir standi kerfi sem er kynhlutlaust.<sup>34</sup>

Í framhaldi af þessu má benda á nýlega norska rannsókn á kvenstjórmendum í ákveðnum geirum atvinnulífsins. Í ljós kom að rúm 80% þeirra kvenna sem tóku þátt í rannsókninni gátu vel hugsað sér stjórnunarstöður. Þær töldu sig vel hæfar til slíkra starfa og vildu gjarnan takast á við þá ábyrgð sem þeim fylgdi. Staðreyndin er hins vegar sú að körlum eru oftar boðnar stjórnunarstöður og margar konur reka sig á glerþakið svokallaða; ósýnilegar og óformlegar hindranir. Í rannsókninni kom jafnframt fram að framabraut kvenna er oft öðruvísi en karla, framgangur þeirra er hægari. Þær virðast bæði gera meiri kröfur til sjálfra sín og árangurs í starfi en karlar en einnig hafna því að þurfa að velja milli fölskyldu og starfsframa og leita leiða til þess að samræma þessa tvo þætti.

Meginniðurstaðan er sú að goðsögnin um að konur hvorki vilji né þori að takast á við stjórnun og ábyrgð er hrakin. Skýringanna á fæð þeirra í stjórnunarstöðum er því að leita annars staðar en í konunum sjálfum.<sup>35</sup> Pótt hér sé vitnað til rannsóknar á stöðu og framgangi kvenna í atvinnulífinu er ljóst að hliðstæða þætti er að finna í háskólasamfélaginu.

Á árunum 1996–2002 stóðu Danir fyrir viðamikilli rannsókn á þeim hindrunum sem mæta konum á æðri stigum menntunar og á sviði rannsókna (Kønsbarrierer i de højere uddannelser og forskningen). Tölfræðin sýndi verulega kynjaskekju í dönskum háskólum þar sem konur voru í miklum minnihluta vísindamanna og því ofar sem dró í valdastigann, því færri voru konur. Mikið var rætt um hvort þetta væri vandamál sem leystist af sjálfu sér eða hvort sértaekar aðgerðir væru nauðsynlegar til að rétta hlut kvenna. Áðurnefndri rannsókn var ætlað að gefa auka skilning á því

<sup>33</sup> Sjá einkum: Dorte Marie Søndergaard, „Consensual and disensual university cultures: gender and power in academia“, Elisabet Rogg, „Passion and pain in academia“ og Liisa Husu, „On metaphors on the position of women in academia and science“, *Nora. Journal of Women's Studies* 9:3. Gender in academia (2001).

<sup>34</sup> Teresa Rees, „Gender Mainstreaming: Misappropriated and Misunderstood?“

<sup>35</sup> Sjá [www.kvinnebasen.no/nyheter/farapport.htm](http://www.kvinnebasen.no/nyheter/farapport.htm). Skýrslan heitir *Vi vil! Slipp os til!* (2002). Jafnframt má benda á skýrsluna *Sjef og kvinner. Myter & fakta om kvinner i ledelse* (2002) á pdf-formi á slóðinni [www.kvinnebasen.no/nyheter/Sjef\\_og\\_kvinne.pdf](http://www.kvinnebasen.no/nyheter/Sjef_og_kvinne.pdf)

hvaða þættir skapa og viðhalda kynjaskekkjunni svo unnt væri að bregðast við með viðeigandi hætti. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar í skýrslunni *Køn i den akademiske organisation*, sem gefin var út síðla árs 2002. Þar kemur fram að fleiri karlar en konur hafa fastar stöður við danska háskóla, að karlar eigi a.m.k. helmingi meiri möguleika en konur á að fá fastar stöður og að karlar hafi meiri og betri möguleika en konur til framgangs í starfi. Þetta er á skjön við ríkjandi viðhorf um að kynjaskekkjan lagist af sjálfa sér um leið og nógu margar konur ljúka framhaldsnámi. Dönsku skýrsluhöfundarnir telja því ljóst að sú nýliðun sem verði neðar í menntakerfinu (fjöldi kvenna í námi, útskriftir o.fl.) skili sér ekki út í vísindasamfélagið og ekki í hæstu stöðurnar. Niðurstaðan er sú að „pípurnar leka“. Með því er vitnað til frægrar líkingar bandaríksa vísindasagnfræðingsins Londa Schiebinger um „the leaky pipeline“, sem vísar til brottfalls kvenna eftir því sem ofar dregur í akademíunni.<sup>36</sup>

Hins vegar segja dönsku skýrsluhöfundarnir að það sé staðreynd að miklu færri konur en karlar sækja um lausar akademískar stöður í dönsku vísindasamfélagi. Skýringa á þessu hefur til skamms tíma verið leitað utan akademíunnar, þ.e. í samfélagslegum þáttum og hjá konunum sjálfum, eins og fram kom hér að framan. Þannig er akademíán gerð kynhlutlaus og því haldið fram að vandamálið tengist ekki valdasamsetningu hennar. Gjarnan er fullyrt að konur eigi erfiðara með en karlar að sameina starfsframa og heimilislíf – og af þeim sökum láti þær akademískan frama sitja á hakanum – og að þær skorti fyrirmyn dir. Á móti hefur verið bent á að karlar séu „hliðverðir“ eða varðmenn háskólanna og vísindasamfélagsins, þ.e. þeir hafa sett reglurnar og viðmiðin um það hvernig góður vísindamaður sé og hvað séu viðurkennd rannsóknarverkefni. Dönsku fræðimennirnir leituðust við að skoða og leita uppi „ósýnilegar hindranir“, þ.e. viðhorf og hefðir, sem yfirleitt eru taldar hindrun fyrir konur. Skoðaðar voru mismunandi leiðir kynjanna inn í og út úr háskólunum í því skyni að varpa ljósi á þessar leiðir og greina þá þætti sem sköpuðu og endursköpuðu kynjaskekkjuna. Skoðaðar voru steríotýpur jafnt fræðimanna sem stúdenta í ákveðnum fögum og í ljós kom að oftar en ekki félru konur illa að þeim. Meginniðurstaða skýrslunnar er því sú að vísindasamfélagið verði að taka innri breytingum og vera tilbúið til þess að skoða með gagnrýnum augum hvernig samfélagið sjálft og menntunin er uppbyggð. Í skýrslunni kemur fram að umræða um

---

<sup>36</sup> Londa Schiebinger, *Has Feminism Changed Science?* (Cambridge, Mass., 1999), bls. 33.

jafnréttismál og kynferði væri af mörgum álitin hættulegt fyrirbæri þar sem hún ögraði þeim menningarlegu hugmyndum sem að jafnaði styrktu og endurnýjuðu ríkjandi formgerðir háskólasamfélagsins.<sup>37</sup>

Áðurnefndar aðgerðir og rannsóknir voru fyrst og fremst viðbrögð yfirvalda við kynjaslagsíðu víssindasamfélagsins, en eins og þegar hefur komið fram hafa háskólar víða um heim brugðist við vandamálinu með stofnun jafnréttisnefnda innan skólanna og jafnvel gripið til sértækra aðgerða sem hvetja konur til dáða. Jafnréttisnefndum er víðast hvar ætlað að móta stefnu í jafnréttismálum, safna upplýsingum, hafa frumkvæði að umræðu og fræðslu, veita ráðgjöf og umsagnir. Áhersla er lögð á að jafnréttisstarfið sé liður í gæðaumbótum við háskólana, að aukið jafnrétti tryggi betri nýtingu mannauds og að samstarf og jafnari hlutur kynjanna leiði til meiri ánægju og skilvirkni í starfi, svo fátt eitt sé nefnt.<sup>38</sup>

---

<sup>37</sup> *Køn i den akademiske organisation. Perspektiver på kønsskævheden i forskningen og de højere uddannelser – nogle resultater fra projekterne under forskningsprogrammet: Kønsbarrierer i de højere uddannelser og forskningen.* Ritstj. Lis Højgaard og Dorte Marie Søndergaard. Arbejdspapir nr. 14, 2002. – Einnig má benda á Susanne V. Knudsen, „Barriers and careers in academia“, *NIKK-magasin* 3/2002, bls. 12–15.

<sup>38</sup> *Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna innan Háskóla Íslands*, bls. 2–3. – Sjá t.d.: Jafnréttisstarf við háskólann í Lundi: [www.lu.se/pers/Jamstalldhet/jamstall.htm](http://www.lu.se/pers/Jamstalldhet/jamstall.htm) – Jafnréttisáætlun háskólans í Ósló (2000–2004): [www.admin.uio.no/opa/likest/handlplan.html](http://www.admin.uio.no/opa/likest/handlplan.html) – Jafnréttisstarf Massachusetts Institute of Technology, MIT: <http://web.mit.edu/gep/> – Jafnréttisstarf háskólans í Helsinki: [www.helsinki.fi/tasa-arvo/english/index.html](http://www.helsinki.fi/tasa-arvo/english/index.html)



## Jafnrétti við Háskóla Íslands

Nýja kvennahreyfingin hleypti nýju blóði í jafnréttisumræðuna um 1970 og baráttukonur trúðu að aukin menntun myndi færa konum raunverulegt jafnrétti, að með menntuninni yrðu þær loks jafnfærar körlum, eins og Bríet komst að orði forðum, og þá væri ekki hægt að ganga framhjá þeim.<sup>39</sup>

Konur innan og utan Háskóla Íslands fóru í vaxandi mæli að stunda rannsóknir á sviði kvennafræða og háskólaárið 1980–81 var í fyrsta skipti kennt námskeið í kvennafræðum.<sup>40</sup> Á næstu árum bættust fleiri fög við og árið 1985 var haldin fyrsta íslenska ráðstefnan í kvennafræðum.<sup>41</sup> Í kjölfarið var stofnaður áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir en á hans vegum var unnið ötullega að því að stofnuð yrði rannsóknastofa í kvennafræðum, einnig að sett yrði upp námsbraut í kvennafræðum við Háskólann. Stofnun Rannsóknastofu í kvennafræðum varð að veruleika árið 1990, þegar samþykkt var reglugerð fyrir stofnunina, en hún tók til starfa í ágúst 1991. Formlegt nám í kvennafræðum, nú kynjafræðum, hófst hins vegar ekki fyrr en árið 1997. Það er mat þeirra sem til þekkja að hópurinn sem stóð að stofnun Rannsóknastofu í kvennafræðum hafi gert jafnréttismál við Háskóla Íslands sýnileg og haft mikil áhrif á framgang málafloksins eins og reyndin hefur verið víða erlendis.<sup>42</sup>

Eins og fram kom hér að framan fjölgaði kvennemendum við Háskóla Íslands umtalsvert eftir 1970 og fyrstu kvenlektorar, -dósentar og -prófessorar litu dagsins ljós um svipað leytti en þegar fram í sótti varð fjölgun kvenna í þessum stöðum hægari en margir höfðu gert sér vonir um. Fjölgun kvenna í hærri stöðum akademískrar stjórnsýslu var einnig hæg og svo virtist sem fjölgun kvennemenda og sá fjöldi kvenna sem útskrifaðist af háskólastigi skilaði sér ekki í hærri stöður innan Háskólans. Því hlutu að vakna spurningar um hvort konur sætu þrátt fyrir allt ekki við sama borð og karlar og voru það ekki síst þær fræðikonur sem lögðu stund á kvenna- og kynjafræði sem töldu að víða væri pottur brotinn innan Háskólans. Hins vegar skorti áþreifanlegar sannanir; úttektir og skýrslur um hver staða mála væri í raun og veru.

<sup>39</sup> Þorgerður Einarsdóttir, „Er menntun lykillinn að jafnrétti?“, bls. 11.

<sup>40</sup> „Konur og bókmennir“, kennari Helga Kress.

<sup>41</sup> Ráðstefnan Íslenskar kvennarannsóknir var haldin í Odda, Háskóla Íslands, í ágúst 1985.

Fyrirlestrarnir voru gefnir út í fjörlitaðri bók, *Íslenskar kvennarannsóknir* (Reykjavík, 1985).

<sup>42</sup> Susanne V. Knudsen, „Barriers and careers in academia“, bls. 15.

Jafnréttismál voru talsvert rædd á fundum innan stjórnsýslu Háskólans um 1990 og segja heimildarmenn skýrsluhöfundar að nokkur vakning hafi orðið um þetta leyti. Miklu hafi skipt þegar ríkisvaldið hóf að setja sér framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum til að framfylgja jafnréttislögum og einkum hafi sú sem fram kom 1993 haft mikil áhrif. Einnig bréf menntamálaráðuneytisins árið 1990 þar sem ríkisstofnanir, einkum skólar, voru hvattar til þess að skoða jafnréttismálin sérstaklega. Með þessum aðgerðum staðfesti hið opinbera enn frekar en áður var gert með jafnréttislögum að sérstakra aðgerða væri þörf til þess að jafna stöðu kvenna og karla á öllum sviðum og því var auðveldara fyrir þá sem höfðu látið sig málið varða að þrýsta á um aðgerðir innan Háskóla Íslands.

Árið 1994 var ráðist í könnun á starfsaðstæðum og kjörum starfsmanna Háskólans og var Félagsví sindastofnun fengin til verksins. Að könnuninni stóðu Félag háskólakennara, starfsmannasvið Háskólans og Starfsmannafélag ríkisstofnana.<sup>43</sup>

Meginmarkmið könnunarinnar var að athuga hvort munur væri á launum og aðstöðu karla og kvenna við Háskóla Íslands.<sup>44</sup> Í ljós kom talsverður munur á kjörum og aðstöðu karla og kvenna. Laun karla reyndust hærri en kvenna, eftir að tekið hafði verið tillit til lengri vinnutíma og starfsaldurs, og menntun skilaði körlum lengra en konum með sambærileg próf, þ.e. prófgráður nýttust körlum betur en konum. Starfsaðstæður karla reyndust betri en kvenna: Þeir voru frekar en konur með eigin skrifstofu og voru líklegri til að hljóta framgang í starfi og miklu fleiri konur en karlar töldu barneignir hindra frama í starfi, svo nokkur atriði séu nefnd.<sup>45</sup>

### *1. Millifundanefnd 1995–96*

Endanlegar niðurstöður könnunar Félagsví sindastofnunar voru ekki tilbúnar fyrr en snemma árs 1996 en allmiklu fyrr varð ljóst hvaða vísbendingar könnunin gæfi. Á fundi háskólaráðs 6. apríl 1995 kynnti Logi Jónsson, formaður Félags háskólakennara könnunina og lagði fram niðurstöður í töfluformi en enga greinargerð eða stefnumörkun. Samþykkt var fyrilliggjandi tillaga um að koma á fót „millifundanefnd

<sup>43</sup> Bréf menntamálaráðuneytisins til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og annarra menntastofnana er dagsett hinn 11. desember 1990 og fylgdi skýrslu starfshóps um stöðu kynja í skólum: „Jöfn staða kynja í skólum, stefna – markmið – leiðir.“ – Sjá einnig Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1993–1997.

<sup>44</sup> Kónnun á starfsaðstæðum og kjörum starfsmanna Háskóla Íslands. Félagsví sindastofnun (1996), bls. 1.

<sup>45</sup> Sama heimild, bls. 45–48. – Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamunur í vinnumatskerfi háskólamanna“, Fréttabréf Háskóla Íslands 21:1 (1999), bls. 32.

til að undirbúa tillögur fyrir háskólaráð, um mörkun stefnu í jafnréttismálum og framkvæmd hennar.“<sup>46</sup>

Í nefndina voru kjörin Valgerður Edda Benediktsdóttir, fulltrúi Félags háskólakennara, Vilhjálmur Árnason, fulltrúi háskólaráðs, Guðlaug Vilbogadóttir, fulltrúi Starfsmannafélags ríkisstofnana, og Kamilla Rún Jóhannsdóttir, tilnefnd af stúdentaráði. Sigurður J. Grétarsson tók sæti Vilhjálms í nefndinni sumar og haust 1995. Valgerður Edda Benediktsdóttir var kjörin formaður og Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs HÍ, starfaði með nefndinni og sat fundi hennar.

Fyrsti fundur millifundanefndar, sem einnig var kölluð jafnréttisnefnd háskólaráðs, var haldinn 2. júní 1995. Þar var rætt óformlega um starfsvettvang nefndarinnar og „voru nefndarmenn á þeirri skoðun að hann væri jafnréttismál almennt innan Háskólans.“<sup>47</sup> Á næstu fundum var rætt frekar um hvert skyldi vera meginmarkmið nefndarinnar og á fundi 18. júlí var bókað að nefndarmenn væru sammála um að gerð yrði jafnréttisáætlun fyrir Háskólann. Nefndin kynnti sér ítarlega þær jafnréttisáætlanir sem stofnanir og félög höfðu gert og hafði hliðsjón af áðurnefndri könnun Félagsvísindastofnunar, en helstu upplýsingar lágu þá fyrir þótt bið yrði á útkomu skýrslunnar.<sup>48</sup> Þá studdist nefndin við jafnréttisstarf og áætlanir við erlenda háskóla, jafnréttislög, stjórnsýslulög og jafnræðisreglu stjórnarskrárinna.

Í maí 1996 skilaði millifundanefndin tillögum að stefnumótun í jafnréttismálum til háskólaráðs. Þar er m.a. lagt til „að háskólaráð skipi starfsnefnd, jafnréttisnefnd, sem móti stefnu háskólans í jafnréttismálum og fylgi henni eftir.“ Einnig var lagt til að jafnréttisnefnd yrði falið að móta formlega jafnréttisáætlun fyrir Háskólann þar sem einkum yrði tekið á eftirfarandi þáttum: launa- og aðstöðumun kynjanna, aðild kvenna að stjórn Háskólans, kynferðislegri áreitni og loks að tryggja jafna aðstöðu kvenna og karla til náms. Þá lagði nefndin til að stofnuð yrði sérstök millifundanefnd til þess að „að huga að réttindamálum fatlaðra og annarra hópa sem kunna að eiga undir högg að sækja í námi eða starfi í HÍ.“<sup>49</sup> Í skýrslu millifundanefndar kemur einmitt fram að nefndinni höfðu borist „allmargar athugasemdir“ varðandi málefni minnihlutahópa og

<sup>46</sup> Fundargerð háskólaráðs 6/4 1995. Fundargerðir háskólaráðs er að finna á heimasíðu Háskóla Íslands, <http://www2.hi.is/id/1001834>. Ekki verður vísað til vefsloðarinnar eftirleiðis.

<sup>47</sup> Fundargerð millifundarnefndar [jafnréttisnefnd HÍ, skv. fundargerð] 2/6 1995.

<sup>48</sup> Fundargerðir millifundarnefndar.

<sup>49</sup> Skýrsla millifundanefndar háskólaráðs um mörkun stefnu í jafnréttismálum og framkvæmd hennar (1996), bls. [7].

taldi því brýnt að skoða þessi mál en að öðru leyti einbeitti nefndin sér að jafnrétti kvenna og karla.<sup>50</sup>

Skýrsla millifundanefndar var fyrst lögð fram á háskólaráðsfundi 23. maí þar sem talsverðar umræður urðu um tillögur nefndarinnar og fundarmenn komu með ýmsar ábendingar.<sup>51</sup> Málið var tekið upp að nýju á fundi ráðsins 8. ágúst. Þar var samþykkt bókun þar sem millifundanefnd var falið „að gera sérstakar tillögur um hvernig uppfyllt verði afmörkuð ákvæði í þingsályktun frá 1993 um aðgerðir til þess að ná fram jafnrétti kynjanna.“ Leggja átti áherslu á þau atriði sem nefndin tiltók sérstaklega í skýrslu sinni og eru nefnd hér að ofan. Jafnframt var nefndinni falið, í samstarfi við Námsráðgjöf og starfsmannasvið, að stýra vinnuhópi um málefni fatlaðra og annarra minnihlutahópa.<sup>52</sup> Segja má að þarna hafi verið stigið fyrsta skrefið í þá átt að útvíkka jafnréttisstarf við Háskólann og setja jafnrétti kynjanna og jafnan rétt annarra sem eiga undir högg að sækja undir sama hatt. Eins og fram kom hér að ofan hafði millifundanefndin lagt til að sérstök nefnd færi með málefni minnihlutahópa en ekki að þessi mál yrðu sett undir einn hatt.

Jafnréttissinnar fögnuðu því að millifundanefndinni væri falið að vinna áfram að jafnréttismálum<sup>53</sup> en ljóst var að mörgum þótti löngu kominn tími til að skipa formlega jafnréttisnefnd. Stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum hafði t.d. átta mánuðum fyrr hvatt rektor til að gera millifundanefndina að fastri nefnd háskólaráðs.<sup>54</sup>

## 2. *Millifundanefnd 1996–97*

Þar sem ljóst var að verkefni millifundanefndar voru ærin var ákveðið að fá ráðgjafa til samstarfs við nefndina og til þess að móta tillögur að jafnréttisáætlun og var Þorgerður Einarsdóttir félagsfræðingur ráðin til starfans. Formaður nefndarinnar var Valgerður Edda Benediktsdóttir, fulltrúi Félags háskólakennara, Vilhjálmur Árnason, fulltrúi háskólaráðs, Guðlaug Vilbogadóttir, fulltrúi Starfsmannafélags ríkisstofnana, og Sunna Snædal Jónsdóttir, fulltrúi stúdentaráðs. Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, starfaði með nefndinni.

<sup>50</sup> Sama heimild, bls. 1.

<sup>51</sup> Fundargerð háskólaráðs 23/5 1996.

<sup>52</sup> Fundargerð háskólaráðs 8/8 1996.

<sup>53</sup> Sjá t.d. Aþena, hagsmunafélag kvenna í Félagi háskólakennara, sjá tölvupóst Margrétar Jónsdóttur til Sveinbjarnar Björnssonar háskólastektors 19/8 1996.

<sup>54</sup> Bréf dagsett 15/12 1995. Bókað á rektorsskrifstofu 21/12.

Endurnýjuð millifundanefnd tók til starfa haustið 1996 og á næstu mánuðum var unnið að greinargerð um jafnréttismál við Háskóla Íslands, tillögu að jafnréttisáætlun, aðgerðum til þess að jafna hlut kvenna og karla við skólann og rökstuðningi fyrir aðgerðum.<sup>55</sup> Tillögur nefndarinnar að aðgerðum til að jafna stöðu kynjanna innan HÍ voru lagðar fyrir háskólaráð í apríl 1997 og teknar til umræðu 15. maí. Þar er bent á að við flesta háskóla í nágrannalöndum okkar væri litið á jafnréttisstarf sem lið í gæðaumbótum; að mikilvægt væri að sjá til þess að mannauður kvenna færi ekki til spillis.<sup>56</sup>

Í tillögu sinni að jafnréttisáætlun lagði millifundanefndin áherslu á fjögur atriði: að jafna aðstöðu og laun karla og kvenna innan Háskólans, að jafna aðild kynjanna að stjórn skólans, að móta leiðir til að taka á kynferðislegri áreitni og loks að tryggja jafna aðstöðu karla og kvenna til náms. Ein þyðingarmesta tillaga nefndarinnar var að sett yrði á fót jafnréttisnefnd við háskólann sem yrði ein af fastanefndum hans.<sup>57</sup>

Á háskólaráðsfundi 15. maí kynntu fulltrúar nefndarinnar tillögur hennar og svöruðu spurningum þar að lútandi. Háskólaráð samþykkti „einróma að skipa jafnréttisnefnd sem hafi umboð til að vinna að jafnréttismálum í víðum skilningi meðal annars á grundvelli jafnréttislaga og með hliðsjón af tillögum nefndarinnar.“<sup>58</sup>

Málið var tekið upp að nýju 29. maí þar sem rektor hugðist bera stefnuatriði jafnréttisáætlunarinnar undir atkvæði. Af því varð þó ekki þar sem ekki reyndist nógu góður friður um málið innan Háskólaráðs. Hins vegar var bókað að nefndinni bæri meðal annars að vinna „sérstaklega að því að jafnréttislögum verði framfylgt innan háskólans. Rektor setji nefndinni erindisbréf sem m.a. sé byggt á skýrslu millifundanefndar um jafnrétti kynjanna.“ Ekki voru allir fulltrúar millifundarnefndar sáttir við þessa bókun og töldu að hún væri ekki nógu skýr; það gæti staðið starfi jafnréttisnefndar fyrir þrifum. Nefndarmenn settu því traust sitt á að rektor og höfðu fulla trú á að hann myndi „gera gott úr þessu“.<sup>59</sup> Af samtölum við þá sem unnið hafa að jafnréttismálum við Háskólann er ljóst að það hefur skipt miklu máli að hafa stuðning rektors hverju sinni. Jafnréttisstarfið þrífst ekki við skólann án stuðnings og

<sup>55</sup> Fundargerðir millifundanefndar. Einnig minnisblað Þorgerðar Einarsdóttur um jafnréttisáætlanir dagsett 25/11 1996.

<sup>56</sup> Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna innan Háskóla Íslands. Tillögur millifundanefndar um jafnréttismál, bls. 3. Frétt um málið og stytta útgáfu tillagnanna má lesa í: V. Edda Benediktsdóttir „Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna innan Háskóla Íslands“, *Frétabréf Háskóla Íslands*, 5:19 (1997), bls. 16–18. (Einnig: [www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/addragandi.html](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/addragandi.html)).

<sup>57</sup> Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna innan Háskóla Ísland., bls. 5–6.

<sup>58</sup> Fundargerð háskólaráðs 15/5 1997.

<sup>59</sup> Fundargerð háskólaráðs 29/5 1997. – Tölvubréf dags. 2/6 1997 (í einkaeign).

vilja rektors. Skýrsluhöfundi hefur einnig verið tjáð að það hafi ekki verið auðvelt að bera jafnréttismál fram á fundum háskólaráðs. Sumir háskólaráðsmenn töldu óþarf að vinna sérstaklega að þessum málum og neituðu að viðurkenna að nokkru væri ábótavant í háskólasamfélaginu þegar kæmi að jafnrétti kvenna og karla. Þessa sjást hins vegar lítil merki í fundargerðum háskólaráðs.

Þótt nefndarmenn væru ekki allskostar ánægðir er ljóst að mikilvægum áfanga var náð. Nú var lokið við samningu erindisbréfs jafnréttisnefndar og hafði millifundaneftindin þar hönd í bagga.<sup>60</sup>

---

<sup>60</sup> Tölvupóstur dags. 3/6 1997 (í einkaeign).

## Jafnréttisstarfið 1998–2002

### Jafnréttisnefnd 1998–2001

Erindisbréf jafnréttisnefndar var lagt fram og samþykkt á fundi háskólaráðs 12. júní 1997. Þar segir að starfssvið nefndarinnar nái til „jafnréttismála í víðum skilningi“ en að fyrsta verk nefndarinnar verði að framfylgja ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hlutverk nefndarinnar var:

- a) að gera tillögur til háskólaráðs um jafnréttisstefnu Háskólans er taki sérstaklega mið af starfsemi hans
- b) að annast reglubundna endurskoðun jafnréttisstefnunnar
- c) að semja áætlun um framkvæmd jafnréttisstefnu Háskólans og hafa eftirlit með henni
- d) að afla upplýsinga um stöðu jafnréttismála og birta á þriggja ára fresti skýrslu um ástand jafnréttismála innan Háskólans
- e) að eiga frumkvæði að umræðu og fræðslu um jafnréttismál innan Háskólans
- f) að gefa ábendingar og ráð og veita umsögn í jafnréttismálum innan Háskólans.

Háskólaráð skipar í jafnréttisnefnd og kýs jafnframt formann. Þá situr fulltrúi frá starfsmannasviði fundi nefndarinnar og starfar með henni.<sup>61</sup>

Fyrstu jafnréttisnefnd Háskóla Íslands skipuðu Sigríður Þorgeirs dóttir formaður, Edda Benediktsdóttir, Óskar Óskarsson, Páll Hreinsson og Rannveig Traustadóttir. Varamaður var Þorgerður Einarsdóttir og tók hún sæti Rannveigar Traustadóttur á vormisseri 1998, en Rannveig var þá í rannsóknarleyfi. Með nefndinni starfaði Sigrún Valgarðsdóttir, fulltrúi starfsmannasviðs, og Eva D. Steinsson sinnti skipulagsstörfum fyrir nefndina.<sup>62</sup> Lilja Þorgeirs dóttir tók sæti Sigrúnar Valgarðsdóttur sem fulltrúi starfsmannasviðs og var Rósa Erlingsdóttir ráðin starfsmaður nefndarinnar í nóvember 1999.

---

<sup>61</sup> Erindisbréf jafnréttisnefndar háskólaráðs 12/6 1997.

<sup>62</sup> Fundargerð jafnréttisnefndar 26/1 1998. Fundargerðir jafnréttisnefndar er að finna á netinu: [www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/Fundargerdir](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/Fundargerdir) Ekki verður vísað til vefsloðar eftirleiðis.

## Jafnréttisnefnd 2001–

Ný jafnréttisnefnd var skipuð af háskólaráði í september 2001 og var fyrsti fundur hennar haldinn 2. október sama ár. Í nefndinni sátu Baldur Þórhallsson formaður, Björg Thorarensen, Jón Geir Jónsson, Jón Ingólfur Magnússon, Margrét Jónsdóttir. Lilja Þorgeirs dóttir af starfsmannasviði starfaði með nefndinni auk jafnréttisfulltrúa. Fyrsta árið vann nefndin samkvæmt óbreyttu erindisbréfi fyrri jafnréttisnefndar og jafnréttisáætlun Háskóla Íslands en með nýju erindisbréfi í júní 2002 var starfssvið nefndarinnar víkkað út þannig að nefndin lagði aukna áherslu á jafnrétti minnihlutahópa, eins og nánar verður vikið að síðar.

Þá var með nýju erindisbréfi gerð breyting á skipan í nefndina: „Skipun nefndarinnar miðast við háskólaárið og er til tveggja ára í senn með þeiri undantekningu að í fyrsta sinn eru þrír fulltrúanna skipaðir til þriggja ára og tveir til tveggja ára.“ Með þessari breytingu er komið í veg fyrir að jafnréttisnefnd hverju sinni sé skipt út allri í einu og þannig stuðlað að meiri samfelli í jafnréttisstarfinu. Eftir þessa breytingu skipuðu eftirtalin nefndina: Baldur Þórhallsson, Björg Thorarensen, Jón Ingólfur Magnússon, Margrét Jónsdóttir og Teitur Einarsson fyrir stúdentaráð. Varamenn eru Kristín Loftsdóttir og Ragnar Sigurðsson. Með nefndinni starfa Rósa Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi og Amalía Skúladóttir af stjórnsýslusviði, sem jafnframt er ritari nefndarinnar.

## Starf jafnréttisnefndar frá 1998

Fyrsti fundur jafnréttisnefndar Háskóla Íslands fór fram 26. janúar 1998. Rætt var um starfið framundan og nauðsyn þess að framkvæma úttektir og kannanir sem unnt væri að byggja frekara starf og aðgerðir á. Meðal mögulegra verkefna voru könnun á framgangs- og vinnumatskerfi en sýnt þótti að þar stæðu konur verr að vígi en karlar, könnun á skiptingu styrkja eftir kyni, deildum, fögum og rannsóknastofnunum hjá Rannís. Nefndin taldi einnig nauðsynlegt að styðja við bakið á kynjafræðum og taka á kynferðislegri áreitni, en engar skýrar reglur voru um hvernig taka skyldi á slíkum málum. Dagvistarmál og úthlutunarreglur LÍN með tilliti til kynjasjónarmiða, fræðslunámskeið um jafnréttismál og aðgerðir til þess að hvetja stelpur til að fara í strákafög og öfugt, voru einnig til umræðu á þessum fyrsta fundi.<sup>63</sup>

---

<sup>63</sup> Fundargerð jafnréttisnefndar 26/1 1998.

Nefndin hafði þegar í upphafi afskipti af ýmsum málefnum sem snerta jafnrétti. Hún gerði athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um Háskóla Íslands með tilliti til jafnréttissjónarmiða og gerði tillögu um breytingu á auglýsingum um lausar stöður við Háskólann. Nefndin lagði til að því yrði bætt við auglýsingar um störf að þar sem tveir eða fleiri sækji um starfið og verði metnir jafnhæfir skuli sá ráðinn sem er af því kyni sem er í minnihluta á umræddu starfssviði.<sup>64</sup> Þetta bar þann árangur að um nokkurra ára skeið hefur verið tekið fram í auglýsingum um störf við Háskóla Íslands að við ráðningar sé tekið mið af jafnréttisáætlun skólans. Í jafnréttisáætlun skólans er jafnframt kveðið á um að þetta skuli gert.

Starf jafnréttisnefndar var öflugt þegar í upphafi enda nefndarfólk staðráðið í að hafa áhrif á starf og stefnu Háskóla Íslands. Markvisst var unnið að fræðslu um jafnréttismál og lögð var sérstök áhersla á aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og fræðslu um þann málaflokk fyrstu starfsár jafnréttisnefndar.

### Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands

Erindisbréf jafnréttisnefndar frá 1997 kvað á um að nefndin skyldi „semja áætlun um framkvæmd jafnréttisstefnu Háskólans“. Ráðist var í gerð jafnréttisáætlunar fyrir skólann af fullum krafti haustið 1999 og í apríl vorið eftir var tillaga að jafnréttisáætlun áranna 2000–2004 lögð fyrir háskólaráð. Nokkrar umræður urðu um áætlunina og einstakar greinar hennar, bæði í háskólaráði og á háskólaufundi og nokkrar breytingar voru gerðar áður en jafnréttisáætlun Háskóla Íslands var samþykkt samhljóða á fundi háskólaráðs 19. október 2000.<sup>65</sup>

Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands byggist á jafnréttislögum, tillögum millifundanefndar, sem áður er getið, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna og jafnréttisáætlunum erlendra háskóla, sem hafa margra ára reynslu af markvissu jafnréttisstarfi. Hún nær til fjögurra ára, 2000–2004, og megináhersla er lögð á fjögur atriði:

- I. Að jafna aðstöðu og kjör karla og kvenna innan Háskóla Íslands.
- II. Að jafna aðild kynjanna að stjórn Háskólans.
- III. Að tryggja jafna aðstöðu kvenna og karla til náms.
- IV. Að vinna gegn kynferðislegri áreitni.

<sup>64</sup> „Jafnréttisnefnd háskólaráðs“, *Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum* (haust, 1998). Sjá einnig tillögu jafnréttisnefndar: [www.hi.is/stjorn/jafnrettisin/bref/kynjahlutfall.html](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisin/bref/kynjahlutfall.html).

<sup>65</sup> Fundargerðir háskólaráðs 7/4, 12/10 og 19/10 2000. – Fundargerð jafnréttisnefndar 7/6 2000.

Markmiðið með gerð áætlunarinnar var „að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kynjanna.“ Í jafnréttisáætluninni segir að hún nái „einungis til jafnréttis karla og kvenna“ en jafnframt að meðal verkefna jafnréttisnefndar á tímabilinu 2000–2004 sé „að móta stefnu og gera sérstaka áætlun til að tryggja jafnstöðu þeirra sem teljast til minnihlutahópa við Háskóla Íslands.“ Þá segir:

Í áætluninni felst viðurkenning á nauðsyn þess að grípa til sérstakra tímabundinna aðgerða til að raunverulegt jafnrétti og jafnstaða kvenna og karla náist. Stefnt er að því að jafnréttissjónarmið verði samþött allri starfsemi háskólasamfélagsins. Það þýðir að jafnrétti kynjanna verði haft í huga við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð.

Í áætluninni segir jafnframt að litið sé á jafnréttisstarf „sem lið í gæðaumbótum innan háskólasamfélagsins“. Ofangreind meginmarkmið eru skilgreind í áætluninni og lagðar fram tillögur til úrbóta, m.a. að leitast skuli við að jafna hlutfall kynjanna í stjórnum, ráðum og nefndum á vegum skólans, að kannað skuli hvort greina megi ósamræmi í dómnefndarálítum í mati á konum og körlum, þ.e. hvort orðfæri séð kynjað og að þegar tveir jafn hæfir umsækjendur eru um starf skuli ráða þann „af því kyni sem er í minnihluta á umræddu starfssviði.“

Framkvæmd einstakra ákvæða jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands er á ábyrgð deildarforseta, formanna námsbrauta, forstöðumanna stofnana, skrifstofustjóra og framkvæmdastjóra. Endanleg ábyrgð hvílir á rektor og háskólaráði en jafnréttisnefnd fer með umsjón þessara mála í umboði rektors og háskólaráðs.<sup>66</sup>

Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands er metnaðarfullt plagg og óhætt er að taka undir þau orð Sigríðar Þorgeirs dóttur, fyrsta formanns jafnréttisnefndar, að með samþykkt og framkvæmd hennar hafi Háskólinn sýnt að hann vildi „vera í fararbroddi í jafnréttismálum.“ Rósa Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi, sem þá var starfsmaður nefndarinnar, segir að samþykkt jafnréttisáætlunarinnar hafi verið stór áfangi því að með henni hafi fengist lagaleg stoð fyrir jafnréttisstarfið.<sup>67</sup>

Viðmælendur skýrsluhöfundar kváðust þekkja til jafnréttisáætlunarinnar og flestir fögnuðu henni, töldu þörf á plaggi sem þessu. Hins vegar er ljóst að skiptar skoðanir eru á einstaka ákvæðum áætlunarinnar, ekki síst um sértækar aðgerðir, og greina má

<sup>66</sup> *Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004* (Reykjavík, 2. útg., 2002).

<sup>67</sup> „Að nýta mannaud kvenna“, *Morgunblaðið*. Háskóli Íslands 90 ára, sérblað. 29/9 2001, bls. 16D.

þau viðhorf að þar sem jafnrétti kynjanna hafi fengist fyrir lögum sé annað komið undir hæfni og færni einstaklinganna.

## Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni

Þegar jafnréttisnefnd tók til starfa í ársbyrjun 1998 hafði um alllangt skeið verið rætt um að stemma þyrfti stigu við kynferðislegri áreitni en við Háskóla Íslands voru engar reglur um hvernig bregðast skyldi við kvörtunum eða kærum. Ljóst var að kynferðisleg áreitni þekktist innan skólans þótt lítið væri um formlegar kvartanir.<sup>68</sup> Jafnréttisnefnd, og millifundaneftindin áður, leit á aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni sem forgangsmál og setti saman starfshóp um málið á útmánuðum 1998. Hópurinn mótaði hugmyndir að aðgerðum gegn kynferðislegri áreitni og stýrði fræðsluátaki um málið. Á fundi háskólaráðs 25. júní 1998 var gerð samþykkt um aðgerðir til að fyrirbyggja og taka á kynferðislegri áreitni innan Háskóla Íslands. Þar segir að hún verði „ekki liðin í Háskóla Íslands, hvorki meðal nemenda né starfsfólks“.

Jafnréttisnefnd fékk sánska sérfræðinginn Ninni Hagman hingað til lands í maí 1999 en Hagman er þekktur fyrirlesari og ráðgjafi í því sem snertir kynferðislega áreitni. Koma Hagman hafði tvíþættan tilgang, annars vegar að halda námskeið (workshop) og þjálfa teymi til þess að taka á kvörtunum vegna kynferðislegrar áreitni og hins vegar að halda opna kynningarfundi um málið. Námskeiðshaldið tókst vel og ákveðið var að fá Hagman til að koma aftur í janúar 2000, þá í samstarfi við Reykjavíkurborg. Námskeið voru haldin 25.–28. janúar, bæði opin fyrirlestur, þjálfun fyrir ráðgjafa og svokallaða sáttasemjara og fræðslunámskeið fyrir stjórnendur.<sup>69</sup> Það olli jafnréttisnefnd nokkrum vonbrigðum hve dræm þátttaka háskólamanna var á opinberum fyrirlestri Ninni Hagman í Háskólabíói 24. janúar og ekki síður hve fáir yfirmenn sóttu námskeið sem sérstaklega var ætlað þeim. Skýringin var talin lítil þekking á málefnum og almennt áhugaleysi á jafnréttismálum, auk hins sígilda tímaskorts.<sup>70</sup>

<sup>68</sup> Sigríður Matthíasdóttir, „Kynferðisleg áreitni í háskólum“, *Sæmundur á selnum. Tímarit Háskóla Íslands*, 2:1 (1995).

<sup>69</sup> Rósa Erlingsdóttir, „Fréttir frá jafnréttisnefnd Háskóla Íslands“, *Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum* (vor, 2000). – Fundargerðir jafnréttisnefndar 1998–2000. – Sigríður Porgeirs dóttir, „Námskeið um kynferðislega áreitni“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 21:3 (1999), bls. 20. – Rósa Erlingsdóttir, „Námskeið um meðferð mála varðandi kynferðislega áreitni á vinnustöðum/í háskólum“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 22:1 (2000), bls. 15.

<sup>70</sup> Fundargerð jafnréttisnefndar 28/1 2000.

Skýrsluhöfundur tekur undir þau sjónarmið að nokkuð virðist skorta á skilning á jafnréttismálum og að kynferðisleg áreitni, og raunar áreitni og einelti hvers konar, sé til staðar á vinnustöðum. Skýringin kann að vera sú að kynferðisleg áreitni hefur verið feimnismál og mál af því tagi sjaldan komið til kasta yfirmanna stofnana. Það þýdir þó ekki að áreitni eigi sér ekki stað.<sup>71</sup>

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og starfshópur um kynferðislega áreitni gáfu út fræðslubækling um kynferðislega áreitni á vormisseri 2000 og var honum dreift til nemenda og starfsmanna skólans. Í bæklingnum er gerð grein fyrir stefnu Háskólans í þessum málum, farið yfir skilgreiningar á kynferðislegri áreitni og greint frá tölulegum staðreyndum um kynferðislega áreitni, bæði á Íslandi og erlendis. Loks er bent á úrræði fyrir þolendur kynferðislegrar áreitni og þeim bent á ráðgjafa og trúnaðarlækni á vegum Háskólans sem hægt er að leita til.<sup>72</sup>

Í viðtolum skýrsluhöfundar við forsvarsmenn deilda bar þennan bækling nokkrum sinnum á góma og fram kom að flestir höfðu lesið hann á sínum tíma og fögnumu útgáfu hans. Aðspurðir sögðu viðmælendur að mál af þessu tagi hefðu sjaldan eða aldrei komið inn á borð hjá þeim. Þessi staðreynd varð til þess að þeir veltu því fyrir sér hvort það þýddi að áreitni væri ekki til staðar eða hvort hún væri falin, ekki kærð eða engin athugasemd gerð. Einn viðmælenda nefndi hins vegar dæmi um áreitni stúdenta í garð kennara. Arnfríður Ólafsdóttir námsráðgjafi við Námsráðgjöf Háskóla Íslands hefur um árabil unnið að lausn mála vegna kynferðislegrar áreitni en hún fékk þjálfun sem ráðgjafi og málamiðlari á námskeiðum Ninni Hagman. Sem námsráðgjafi hefur hún einnig fengið vitneskju um kynferðislega áreitni, líkamlega og munnlega. Stúdentar eru tregir til að gera athugasemdir opinberlega, segir hún, því þeir óttast afleiðingarnar. Erlendir stúdentar eru að sögn Arnfríðar líklegri til að gera athugasemdir við óviðeigandi hegðun kennara en hún treystir sér ekki til þess að skera úr um hvort það sé vegna þess að þeir séu betur upplýstir um réttindi sín eða hvort þeir hræðist síður en íslensku stúdentarnir smæð og nálægð íslensks samfélags.

Arnfríður situr í vinnuhópi um kynferðislega áreitni en hópurinn hefur nú ráðist í tíðnikönnun á kynferðislegri áreitni og einelti bæði hjá nemendum og starfsmönnum

<sup>71</sup> Sbr. Sigríður Matthíasdóttir, „Kynferðisleg áreitni í háskólum“.

<sup>72</sup> *Kynferðisleg áreitni: Fræðsla, fyrirbyggjandi aðgerðir.* Bæklingur gefinn út af jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og starfshópi um kynferðislega áreitni [Reykjavík, 2000].

Háskólans. Rætt hefur verið um könnun af þessu tagi um alllangt skeið og því löngu orðið tímabært að hrinda henni í framkvæmd.<sup>73</sup>

## Fræðsla um jafnréttismál

Fræðsla um jafnréttismál hefur verið einn mikilvægasti þátturinn í starfi jafnréttisnefndar, enda segir í erindisbréfi hennar að hlutverk hennar sé „að eiga frumkvæði að umræðu og fræðslu um jafnréttismál innan Háskóla Íslands.“<sup>74</sup> Nefndin hóf þennan þátt starfsemi sinnar af nokkrum krafti en hin síðari ár hefur þessi hluti af starfi nefndarinnar ekki verið jafnmarkviss og skyldi.

Nefndin stóð fyrir fræðslunámskeiði um jafnréttismál fyrir starfsmenn í stjórnunarstöðum við Háskólann í september 1998. Markmiðið var að efla vitund um nauðsyn jafnréttisstarfs við Háskóla Íslands og þann ávinning sem það hefði í för með sér. Námskeiðið var haldið í samvinnu við Skrifstofu jafnréttismála og þaðan komu stjórnendur þess, Stefanía Traustadóttir og Helga Guðrún Jónasdóttir.<sup>75</sup> Í febrúar 1999 stóð jafnréttisnefndin, í samstarfi við starfsmannasvið, fyrir námskeiði um konur og stjórnun og í mars hélt dr. Elvira Scheich, eðlis- og stjórmálafræðingur frá Tækniháskólanum í Berlín, fyrirlestur á vegum nefndarinnar þar sem hún ræddi um aðgerðir til þess að fjölga konum í verkfræði og raungreinum.<sup>76</sup>

Jafnréttisnefndin hefur staðið fyrir og tekið þátt í ýmsum verkefnum sem snerta fræðslu, kynningu og umræðu um jafnréttismál. Nefna má samstarfsverkefni jafnréttisnefndar og stúdentaráðs, Vitundarvakning gegn fordóum, sem samanstóð af röð málfundu á vor- og haustmisseri 2002 þar sem fjallað var um fordóma, þeir skilgreindir og rætt um afleiðingar þeirra fyrir þolendur og þjóðfélagið allt. Meðal þess sem rætt var um voru fordómar gegn útlendingum, femínisma, geðsjúkdóum, samkynhneigð o.s.frv. Einnig má nefna átaksverkefni um jafnara námsval kynjanna, sem nánar verður vikið að síðar, skýrsluna *Konur í vísindum á Íslandi* og ráðstefnuna „Konur í vísindum. Fer mannauður til spillis?“ sem haldin var í mars 2002.

Fræðsla um jafnréttismál og samþættingu jafnréttissjónarmiða er lykilatriði í öllu jafnréttisstarfi. Fræðsla um jafnréttismál er sérstaklega tiltekin í 1. grein jafnréttislaga

<sup>73</sup> Sjá fundargerð jafnréttisnefndar 28/1 2000 og 29/2 2000. – Viðtal: Arnfríður Ólafsdóttir.

<sup>74</sup> Erindisbréf jafnréttisnefndar 12/6 1997 og 26/6 2002.

<sup>75</sup> „Stjórnendur taki mið af stöðu kynjanna. Rætt við Sigríði Þorgeirs dóttur um jafnréttisnámskeið fyrir stjórnendur Háskólans“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 20:7 (1998), bls. 6. – Einnig „Jafnréttisnefnd háskólaráðs“, *Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum* (haust 1998).

<sup>76</sup> „Jafnréttismál“, *Árbók Háskóla Íslands* 1999, bls. 33. – „Fleiri konur í verkfræði og raunvísindi“ [Viðtal við Elviru Scheich], *Fréttabréf Háskóla Íslands* 21:4 (1999), bls. 8.

sem liður í því að koma á og viðhalda jafnrétti.<sup>77</sup> Mikilvægi fræðslu um jafnréttismál er ítrekað í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar 2002–2004 þar sem segir að ríkisstjórnin muni vinna að því „að jafnréttissjónarmið verði samþött opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku og að allir sem koma að þeim málum þurfi því að hafa þekkingu á jafnréttismálum. ... [stefnt er að því að] verulegt átak verði gert í að kynna þau viðhorf og kenna þá aðferðafræði sem duga til að svo megi verða“ . Í framkvæmdaáætluninni kemur jafnframt fram að ráðuneytin muni leggja sérstaka áherslu á „markvissa jafnréttisfræðslu stjórnenda og annarra starfsmanna.“<sup>78</sup> Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands þarf því, með tilstyrk og stuðningi Háskólans, að beita sér fyrir markvissri jafnréttisfræðslu fyrir starfsmenn skólans, bæði almenna starfsmenn og stjórnendur. Viðmælendur skýrsluhöfundar voru mjög misvel að sér um starf jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúans og svo virðist sem starfssvið jafnréttisfulltrúans og hlutur hans í framkvæmd jafnréttisáætlunar og ákvörðunum jafnréttisnefndar sé óljós. Einn viðmælenda sagði t.d.:

Ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki alveg á því hvað jafnréttisfulltrúi Háskólans gerir í raun og veru. ... Ég hugsa kannski að mörgum finnist stjórnsýslan úti í aðalbyggingu hafi vaxið mjög mikið [á sama tíma og verkefnum er bætt á deildirnar] ... Þannig að þegar bætt er við einni svona stöðu í viðbót þá spyrja menn: Bíddu nú við, er þörf á þessu? Hvað er viðkomandi að gera? Ég átta mig ekki alveg á því hvað jafnréttisfulltrúinn gerir. Ég sé hvað nefndin gerir, ég set ekkert út á hana, en ég sé ekki hvað þessi starfsmaður gerir.

Athyglisvert er að þessi viðmælandi kvaðst sjá hvað nefndin gerði en ekki jafnréttisfulltrúinn. Í raun er hins vegar afar erfitt að skilja að starf nefndarinnar og jafnréttisfulltrúans því hann starfar náið með henni og vinnur m.a. að því að framkvæma ákvarðanir nefndarinnar. Þetta bendir til þess að kynningu á starfsemi nefndarinnar og starfi jafnréttisfulltrúans sé ábótavant. Flestum viðmælenda fannst þó starf jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúa nokkuð sýnilegt og oftast af hinu góða. Nokkrir nefndu þó að helst heyrðist í jafnréttisnefndinni þegar eitthvað væri að og því gætu nefndin og/eða jafnréttisfulltrúinn í sumra augum orðið að eins konar jafnréttislöggum, sem gæfi neikvæða mynd af starfi nefndarinnar. Forsvarsmenn

<sup>77</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000, 1. gr.

<sup>78</sup> Framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002–2004.

deilda kváðust þó fagna frekari fræðslu í deildunum, þar með talinn sá sem vitnað er til hér að ofan.

Niðurstaðan er því hin sama og sjá má í máli sérfræðinga á sviði jafnréttismála og fræðimanna sem skoðað hafa stöðu kvenna í háskóla- og vísindasamfélagi; fræðsla og aftur fræðsla er það sem gildir. Nina Lykke við Háskólann í Linköping orðar það svo að takast verði á við „kynjablindu“ (gender-blindness) í evrópskum háskólum og innleiða „kynjalæsi“ (gender-literacy). Það megi meðal annars gera með námskeiðum fyrir kennara og stjórnendur.<sup>79</sup>

## Úttekt á vinnumatskerfi starfsmanna Háskóla Íslands

Árið 1998 stóð jafnréttisnefnd Háskóla Íslands fyrir úttekt á vinnumatskerfi háskólamanna. Þorgerður Einarsdóttir félagsfræðingur, nú lektor í kynjafræðum, hafði umsjón með gerð skýrslunnar en verkið vann Guðný Steinsdóttir sem þá var að ljúka sálfræðinámi við Háskóla Íslands. Úttektin nær yfir tímabilið 1993–1997 en til hliðsjónar var höfð eldri úttekt sem náði til áranna 1988–1992. Fram kom að mikill munur var á kynjunum í lægstu stöðunum (þ.e. meðal fastráðinna stundakennara, lektora og sérfræðinga) en hann minnkaði eftir því sem ofar dró og var lítill meðal prófessora/vísindamanna. Þetta gaf tilefni til spurninga um brottfall kvenna við úthlutanir á lægri stigum, þ.e. yfirvinnutímar, sem reiknaðir eru út frá birtum greinum, bókum o.s.frv., voru mun færri hjá konum en körlum. Þorgerður Einarsdóttir benti á að mögulega mætti finna skýringar í niðurstöðum könnunar Félagsvísindastofnunar á starfsaðstæðum háskólamanna, og vitnað var til hér að framan. Þar kom fram að færri konur en karlar í lægstu stöðunum höfðu eigin skrifstofu, þær fóru sjaldnar í rannsóknarleyfi og eyddu meiri tíma en karlar til undirbúnings kennslu. Fram kom að ábyrgð á börnum og heimili var í höndum kvenna og að mun fleiri konur en karlar töldu að ábyrgð á börnum takmarkaði möguleika fólks til framgangs. Þorgerður spyr hvort draga megi þá ályktun að menntun leiði til þess að konur geri auknar kröfur til sín, „bæði í starfshlutverki sínu og uppeldishlutverki.“ Sú staðreynð að konur í hópi prófessora og vísindamanna (hæstu störfin) standa nokkurn vegin jafnfætis bæði hvað vinnumat og aðbúnað varðar bendir til þess, segir Þorgerður, að beina þurfi sjónum að stöðu kvenna á lægri stigum og skoða hvaða hindranir kunni að vera þar. Í

---

<sup>79</sup> Nina Lykke, „Response to the Gender Impact Assessment of „Improving human research potential and the social-economic knowledge base““, *Gender & Research. Brussels*, 8–9 November 2001. Conference Proceedings (Brussels, 2002), bls. 148.

jafnréttisnefnd var rætt um nauðsyn þess að gera úttekt af þessu tagi reglulega og er tekið undir það sjónarmið hér.<sup>80</sup> Þannig er hægt að fylgjast með raunverulegri þróun í jafnréttisátt – þar með talinni þeirri viðhorfsbreytingu, jafnt innan háskolasamfélagsins sem utan, sem sýnt er að þurfi að verða til þess að konur og karlar á lægri stigum háskolasamfélagsins fái notið sín á sama hátt.

### Kynjað orðfæri í dómnefndarálitum

Í samræmi við ákvæði í jafnréttisáetlun Háskóla Íslands fékk jafnréttisnefnd Þorgerði Þorvaldsdóttur, kynja- og sagnfræðing, til þess að gera úttekt á kynjuðu orðfæri í dómnefndarálitum og kanna hvort ósamræmi væri í mati á konum og körlum.<sup>81</sup>

Erlendar rannsóknir höfðu leitt í ljós að þrátt fyrir fullyrðingar um kynhlutlaust mat í vísindasamféluginu hefur konum verið mismunað á grundvelli kynferðis. Rannsókn sænsku fræðikvennanna Agnesar Vold og Christine Wennerås, þar sem þær sýndu fram á að konum var kerfisbundið mismunað innan Rannsóknasjóðs heilbrigðisvíðsinda í Svíþjóð, vakti heimsathygli og varð hvatinn að því að víða um lönd var farið í markvissar rannsóknir á stöðuveitingum og úthlutun rannsóknarstyrkja. Niðurstöður Vold og Wennerås sýndu svart á hvítu að konur þurftu að leggja fram 2,5 sinnum fleiri birtar vísindagreinar en karlar til þess að fá sambærilegt mat um vísindalega hæfni.<sup>82</sup>

Meginniðurstaða skýrslu um kynjað orðfærði í dómnefndarálitum er sú að íslenskt háskolasamfélag er ekki „ónæmt fyrir áhrifum kynjunar frekar en sambærilegar stofnanir erlendis.“ Þá kemur fram að fleiri breytur en kyn geta ráðið mati á umsækjanda, t.d. deilda og skorapólitík. Í skýrslunni eru dregin fram dæmi um kynjað málfar, þ.e. notkun orðalags sem byggir á eða vísar til staðlaðra ímynda um karlmennsku og kvenleika, einnig dæmi um úrdrátt og þöggun. Þar er átt við þegar framlag kvenna eða karla, sem eru kvengerðir í umsögnum, er þaggað. Það felst t.d. í minni umfjöllun um verk þeirra og að notuð eru hugtök og orð sem draga úr vísindalegi hæfni. Þá mátti merkja jaðarsetningu kvennafræðilegrar nálgunar þannig að konur sem lögðu stund á þau fræði fengu þann stimpil að fræðasvið þeirra væri

<sup>80</sup> Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamunur í vinnumatskerfi háskólamanna“, bls. 30–31. – Fundargerð jafnréttisnefndar 22/8 1998.

<sup>81</sup> Jafnréttisáetlun Háskóla Íslands 2000–2004, bls. [4]. – Þorgerður Þorvaldsdóttir, „Kynlegar víddir í dómnefndarálitum?“ Er kynbundinn munur á umfjöllun um karl- og kvenumsækjendur í dómnefndarálitum Háskóla Íslands? (Reykjavík, 2002).

<sup>82</sup> „Konur standa verr að vígi í vísindum en karlar“ [Viðtal við Agnesi Vold], Morgunblaðið 20/1 2002, bls. 16. – Þorgerður Einarsdóttir, „Er menntun lykillinn að jafnrétti?“, bls. 21–22.

þróngt. Aftur á móti voru þess dæmi að karlar sem beittu kynjafræðilegu sjónarhorni þættu sýna víðsýni og dirfsku.<sup>83</sup>

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir hefðu kynnt sér skýrsluna og hvað þeir hefðu um hana að segja. Langflestir höfðu lesið skýrsluna, voru jákvæðir og viðurkenndu að þeim hefði komið á óvart hversu kynjað orðfærið gæti verið í dómnefndarálitum, jafnvel þótt sumir þeirra segðust hafa vitað að ýmislegt viðgengist í þessum efnum. „En ég verð að viðurkenna að maður verður alveg orðlaus“, sagði einn viðmælenda. „Í þessum dómnefndarálitum sem ég hef séð ... var ekki beinlínis það að menn væru neikvæðir í garð kvenna heldur kannski svolítið jákvæð mismunun fyrir karlmennina. Það er kannski helst það sem ég hef séð.“ Aðeins tveir viðmælenda voru beinlínis neikvæðir í garð skýrslunnar. „No comment,“ sagði annar þeirra til að byrja með en sagði svo að sér fyndist skýrslan ekki sannfærandi. „Ég held það sé verið að lesa svolítið mikið í þetta. Vafalaust er eithvað til í þessu en það er voðalega erfitt að festa hendur á neinu raunverulegu þarna sýnist mér.“ Hann taldi umræðu sem þessa geta skaðað jafnréttismálin: „Ef það kemur of mikið kjaftæði þá verða menn leiðir á þessu. Það verður að presentera rök sem menn taka mark á.“ Hinn sagði að sér fyndist þetta „slök skýrsla“ og kvaðst ósáttur við þá greiningu sem notuð var. Að hans mati var skýringa á stöðu (fæð) kvenna innan háskólasamfélagsins frekar að leita í framgangskerfinu. Hann hafði meiri trú á að tefla fram tölfraði hvers konar sem nota mætti til þess að mæla stöðu kynjanna, þ.e. „staðreyndum“, svo hans orð sé notað. Þessir tveir einstaklingar eru ekki tilbúnir til að taka mark á rökstuðningi sem byggist á huglægum þáttum. Vitað er að þeir tala fyrir munn allmargra innan Háskólans þótt skýrslunni hafi einnig verið fagnað.

Tortryggni í garð huglægra þátta eða textarýni sem greiningartækis er ekki óalgent; slíkir þættir eru oft ekki taldir „staðreyndir“ þar sem þeir eru ekki mælanlegir og erfitt er að festa hendur á þeim. Skilgreiningar og skilningur á orðnotkun og framkomu getur verið einstaklingsbundinn en ljóst er að bæði starfsmenn og nemendur við Háskólan verða varir við kynjað orðalag. Arnfríður Ólafsdóttir námsráðgjafi segir að stúlkur í raunvísindum verði varar við að sumir kennrarar tali öðruvísi við þær en strákana – þeim finnst að í orðum kennaranna speglist vantrú á hæfni stúlkna og getu. Þetta séu hins vegar þættir sem þær eigi erfitt með að festa hendur á; sé meiri skynjun. Arnfríður segir að neikvætt viðhorf til

---

<sup>83</sup> Þorgerður Þorvaldsdóttir, *Kynlegar víddir í dómnefndarálitum*, bls. 59–62.

kvenna, og aldurs kvenna, í námi sé til staðar innan Háskólans. „Við viljum engar miðaldra húsmæður hér“, segir hún að hafi heyrst í ónefndri deild. Sumt er sett fram í hálfkæringi og gríni, segir Arnfríður, „en þetta grín er ekkert grín.“<sup>84</sup> Hér er að sjálfsögðu um kynjað orðfæri að ræða og alvarlegt ef háskólakennrarar lítilsvirða þá nemendur sem ekki eru á „dæmigerðum“ stúdentalaðri. Skýrsluhöfundí hefur verið tjáð að hliðstæð viðhorf finnist víðar í háskólasamfélaginu. Þar er einkum gert grín að miðaldra konum í hópi námsmanna og námi í kynjafræðum, svo dæmi séu tekin. Nú kann fólk að spyrja hvers vegna þeir sem er misboðið, eða verða fyrir áreitni af einhverju tagi, rísi ekki upp og mótmæli. Arnfríður Ólafsdóttir segir að smæð samfélagsins og nálægðin valdi því að t.d. stúdentar veigri sér við að kvarta formlega og láti sig hafa niðurlægjandi framkomu og orðalag vegna þess að þeir útskrifist bráðum og vilji ekki valda neinum usla.<sup>85</sup> Einstaka viðmælendur skýrsluhöfundar gáfu til kynna að þeim fyndist óþarf af stúlkum og konum að bregðast hart við kynjuðu orðfæri og framkomu þótt þeim fyndist sjálfsagt að taka tillit til kvartana sem á annað borð bærust: „Svo getur verið að það sem einum finnst, og kannski flestum, nánast svona grín þá getur komið einstaklingur sem tekur því allt öðruvísí. Það náttúrlega verður að taka tillit til þess. Kannski tú stúlkur sem hefðu hlegið að þessu en svo kemur sú ellefta og hún er móðguð og særð,“ sagði einn viðmælenda þegar rætt var um mál sem upp kom vegna mismununar kynjanna. „Þetta var [X] sem náttúrlega hefur sín viðhorf, kannski voru þetta ekki einu sinni viðhorf, kannski var þetta bara djók.“ Augljóst er að fólk leggur mismunandi skilning í orð og framkomu og það getur verið erfitt að greina á milli raunverulegs gríns og þess sem sett er fram í því skyni að lítillækka.

Skýrslan um kynjuð dómnefndarálit er fyrsta skref jafnréttisnefndar og Háskóla Íslands til að taka á og benda á atriði sem geta haft og hafa sannanlega áhrif á viðhorf til kvenna og geta staðið í veki fyrir framgangi kvenna innan Háskólans og því að þær fái stöður. Háskólar erlendis hafa þegar stigið þetta skref, sbr. áðurnefnda skýrslu um hindranir í dönsku háskólasamfélagi og ítarlega rannsókn sem gerð var í finnskum háskólum og rannsóknarstofnunum.<sup>86</sup> Finnar hafa einmitt gripið til margvíslegra

---

<sup>84</sup> Arnfríður Ólafsdóttir, viðtal.

<sup>85</sup> Sama heimild.

<sup>86</sup> *Køn in den akademiske organisation. – Women in Academia. Report of the Working group appointed by the Academy of Finland (Helsinki, 3. útg., 1999). – Liisa Husu, „Sexism, support and survival in academia: the Finnish experience“, *Gender & Research, Brussels, 8–9 November 2001*. Conference Proceedings (Brussels, 2002), bls. 203–207.*

aðgerða, ekki aðeins til þess að jafna hlut kynjanna í háskólum heldur einnig til að uppræta hvers kyns mismunun. Háskólinn í Helsinki hefur sett sér annars vegar jafnréttisáætlun, sem nær til jafnréttis kvenna og karla, og hins vegar stefnu gagnvart mismunun, *University of Helsinki Policy Against Discrimination*.<sup>87</sup> Þar er tekið á mismunun vegna uppruna, þjóðernis, litarháttar, menningarlegs uppruna, trúar og sannfæringar, fötlunar, heilsu, kynhneigðar, kyns og aldurs. Þar er m.a. rætt hvernig brandrarar sem eiga að virðast vingjarnlegir breytast í mismunun og jafnvel áreitni og fram kemur að það eru einkum konur sem verða fyrir áreitni vegna aldurs. Jafnrétti kvenna og karla og aðgerðir gegn mismunun vegna kynþáttar, fötlunar, kynhneigðar o.s.frv. eru því aðskildar aðgerðir innan háskólans í Helsinki en jafngildar.

Ljóst er að skýrslu jafnréttisnefndar um kynjað orðfæri þarf að fylgja eftir og hafa nefndin og jafnréttisfulltrúinn leitast við að svo yrði gert. Rætt hefur verið um hvort jafnréttisfulltrúinn ætti að bætast í þann hóp sem les yfir dómnefndarálit, þá með jafnrétti í víðum skilningi í huga. Aðspurðir kváðust flestir forsvarsmenn deilda geta fallist á að jafnréttisfulltrúinn yrði hluti af ferli dómnefndarálita svo fremi að það tefði ekki fyrir því. Aðeins einn þeirra taldi beinlínis nauðsynlegt að jafnréttisfulltrúinn færí yfir dómnefndarálit. Hins vegar hefur nýlega verið sett saman minnisblað fyrir dómnefndir þar sem farið er yfir hvað ber að varast í dómnefndarálítum. Þar er rætt um að gæta þurfi að *jafnræði* umsækjenda, að álit dómnefndar þurfi að vera hlutlaust gagnvart kyni umsækjenda og að forðast skuli ósamstætt orðaval. Jafnframt segir: „Tengist vísbendingar um ójafnræði því að umsækjendur um starfið hafi verið af báðum kynjum sendir rannsóknasvið álið til jafnréttisfulltrúa Háskólans sem yfirfer vísbindingarnar og gefur umsögn sína um þær.“<sup>88</sup> Þetta er fagnaðarefnni því með þessu hefur verið stigið mikilvægt skref í þá átt að sampætta jafnréttissjónarmið við ákvarðanatöku dómnefnda.

### **Jafnara námsval kynjanna – átaksverkefni jafnréttisnefndar og Jafnréttisstofu**

Mikil umræða hefur farið fram erlendis um þörfina á því að brjóta upp staðalmyndir í fögum/starfsstéttum þar sem annað kynið er í meirihluta og rætt hefur verið um hvort laga þurfi menntakerfið að þörfum beggja kynja.<sup>89</sup> Erlendis hafa rannsóknir verið

<sup>87</sup> Sjá [www.helsinki.fi/tasa-arvo/english](http://www.helsinki.fi/tasa-arvo/english). Einnig bæklinginn *Policy and Practices Against Discrimination at the University of Helsinki* (Helsinki, 2002).

<sup>88</sup> Minnispunktar til dómnefndar vegna nýráðningar þar sem umsækjendur eru fleiri en einn, 2003.

<sup>89</sup> Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Tvö kyn, tvö menntakerfi?“ Erindi flutt á Háskólaþingi 19/2 2000.

gerðar á ímyndum fagsviða og því hvort ákveðnar manngerðir veljist í tiltekin fög og þeim jafnvel hygt á kostnað annarra.

Hér má nefna nýlega danska rannsókn Catherine Hasse, mannfræðings við Kaupmannahafnarháskóla. Hún skráði sig í eðlisfræði við Niels Bohr stofnunina í Kaupmannahöfn og fylgdi stúdentum eftir í eitt ár í þeim tilgangi að skoða hvort sjá mætti ólíka meðhöndlun eftir kyni. Í stuttu máli var það niðurstaða Hasse að eðlisfræðin tæki betur á móti körlum en konum og raunar ákveðnum hópi karla fremur en öllum körlum. Konur lögðu niður kvenleikann, ef svo má að orði komast, fljótlega eftir að þær hófu nám því að kvenleiki og kynþokki féllu ekki að ímynd eðlisfræðinemans eða eðlisfræðingsins. Stuttu pilsin og litadýrðin véku því fyrir hlutlausari fatnaði. Kynþokkafullir karlmenn áttu líka undir högg að sækja því viðmiðið var „nördinn“ svokallaði; kynlaus, án kynþokka, akademískur og faglegur. Hasse segir að kynþokki sé settur í samhengi við heimsku og skort á fagmennsku og þess vegna vilji bæði konur og karlar sem ekki falli að „nörd“-skilgreiningunni losa sig við fáfræðistimpilinn.

Til mótvægis við eðlisfræðina skoðaði Hasse sína eigin deild, mannfræðina. Þar eru konur 80% fræðimannanna en karlar 20%, öfugt við það sem gerðist í eðlisfræðinni. Í mannfræðinni er viðfangsefnið manneskjan sjálf og mannlegt samfélag. Menning mannfræðinnar er því opnari fyrir margbreytileika en eðlisfræðin og umburðarlyndi fyrir mismunandi klæðnaði, útliti og félagslegri hegðun því meira. Hasse dregur þá ályktun að framkoma og útlit hafi ólíka merkingu milli fagsviða vegna þess að skilningur á slíku sé ofinn inn í mismunandi vefi akademíunnar. Kyn þýðir t.d. ekki hið sama hjá eðlisfræðistofnun og kynjafræðistofnun. Hasse spyr að lokum hvort rannsóknir á mismunandi skilningi á hversdagslegum og menningarbundnum hlutum gætu leitt til aukins skilnings á því hvers vegna konur hverfi úr „pípunum“ í háskólasamfélögum.<sup>90</sup> Spennandi væri að sjá hliðstæðar íslenskar rannsóknir til samanburðar.

Rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig körlum vegnar í svokölluðum kvennastörfum. Gísli Hrafn Atlason mannfræðingur skoðaði karla í kvennastörfum í B.A.-ritgerð sinni árið 1999 og benda niðurstöður hans til þess að karlar þurfi að takast á við þessi störf á forsendum kvenna í stað þess að nálgast störfin út frá eigin

---

<sup>90</sup> Catherine Hasse, „Det bestemte kön – kulturelle læreprocesser i akademia“, *Subjekt, politik och könskonstruktion: det jämförda Norden som framtidsverkstad*. Rapport från en nordisk forskningskonferens 28.2.–1.3.2002, Stockholm. Nikk Småskrifter nr. 8, 2002, bls. 147–49.

forsendum. Gísli byggði rannsókn sína einkum á hjúkrunarfræðingum og leikskólakennurum.<sup>91</sup> Þórður Kristinsson lauk meistaraprófi í mannfræði árið 2003 og fjallaði lokaverkefni hans um karla í hjúkrun. Þar kemur m.a. fram að karlkyns hjúkrunarfræðingar „falla ekki inn í viðteknar hugmyndir um starfssvið kynjanna“ og þeir finna fyrir því að fólk hefur neikvæð viðhorf til hjúkrunar. Þórður segir að karlar sem leggja hjúkrun fyrir sig séu taldir fyrirgera karlmennsku sinni; þeir séu taldir of kvenlegir eða of heimskir til að geta lært „karlkennt fag“ eins og t.d. læknisfræði. Fram kemur í rannsókn Þórðar að þeir karlar sem sigrast á fordóum gagnvart hjúkrun sem kvenlegu starfssviði og leggja fagið fyrir sig hafi ekki áhyggjur af karlmennsku sinni. Hins vegar finni þeir fyrir því að þeim sé tekið „út frá ákveðnum forsendum um að þeir séu komnir þangað sem karlar og þeim er ætlað að sinna ákveðnum karlenndum sviðum.“<sup>92</sup>

Eins og áður hefur komið fram ræddi jafnréttisnefnd Háskóla Íslands um það þegar á fyrsta fundi sínum í janúar 1998 að meðal þarfra verkefna væru aðgerðir til þess að hvetja „stelpur í strákafög og öfugt“. Jafnréttisnefnd vann að undirbúningi þessa verkefnis á næstu tveimur árum, m.a. með því að kynna sér átaksverkefni af þessu tagi við erlenda háskóla og byggði rökstuðning sinn fyrir verkefninu á niðurstöðum þeirrar vinnu.

Árið 2000 var verkefninu „Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna“ hrint í framkvæmd. Að því stóðu jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og Jafnréttisstofa ásamt forsætis-, félagsmála-, menntamála- og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum, Eimskip, Gallup-Ráðgarði, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Félagi íslenskra framhaldsskóla og stúdentaráði Háskóla Íslands. Kynningarfundur var haldinn í Háskóla Íslands 26. október 2000 þar sem Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og verndari átaksins flutti ávarp og vísindakonur og sérfræðingar af ýmsum sviðum héldu stuttar framsögur.<sup>93</sup>

Verkefnið var tvíþætt. Annars vegar að auka hlut kvenna í ábyrgðarstöðum í þjóðféluginu og hins vegar að jafna námsval kynjanna við Háskóla Íslands. Að fyrra markmiði átaksverkefnisins, að auka hlut kvenna í ábyrgðarstöðum, var unnið með því að búa stúlkur sem luku námi frá Háskólanum undir forystustörf á

<sup>91</sup> Gísli Hrafn Atlason, „Karlar í kvennaheimi. Um íslenska karla í kvennastétt“, B.A.-ritgerð í mannfræði við Háskóla Íslands 1999, *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*. – Gísli Hrafn Atlason, „Karlar í kvennaheimi“, 19. júní (1999), bls. 74.

<sup>92</sup> Sjá nánar í ritgerð Þórðar Kristinssonar, „Kynlegir kvistir: Karlar í hjúkrun“, M.A. ritgerð í mannfræði við Háskóla Íslands 2003, *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*. Tilv. af bls. 97.

<sup>93</sup> [www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/Ataksverkefni](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/Ataksverkefni)

framtíðarvettvangi. Það var m.a. gert með námskeiðum þar sem rætt var um allt frá gerð ferilskráa til stjórnunar á vinnustað. Um 700 kvennemendur við Háskólann sóttu námskeiðin. Jafnframt var gefinn út bæklingurinn *Lykillinn* að *velgengni* á *vinnumarkaði* í nóvember 2001 en í honum er að finna góð ráð til kvenna í atvinnuleit – sem ekki síður reynast körlum vel. Við útkomu bæklingsins var haldinn stór kynningarfundur þar sem m.a. voru flutt fræðsluerindi um undirbúning starfsframa. Bæklingurinn var gefinn út af jafnréttisátaki Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu og Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur í samvinnu við Eimskip, Pekkingarsmiðju IMG og ráðstefnuna Konur og lýðræði við árbúsundamót.

Þá stóð jafnréttisátakið ásamt Jafnréttisstofu fyrir sumarskóla í maí og júní 2001 með námskeiðum sem einkum voru ætluð kvennemendum sem voru að ljúka námi við Háskóla Íslands. Námskeiðin voru þó einnig opin karlmönnum en aðeins einn mætti. Námskeiðin sem boðið var upp á voru námskeið um grundvallraratriði um stofnun fyrirtækja og gerð viðskiptaáætlana, stjórnunar- og starfsframanámskeið og námskeið í stjórnun lista- og menningarstofnana.

Að síðara markmiðinu, að jafna námsval kynjanna, var unnið með viðamikilli kynningu á námi í verkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands í því skyni að fjölgum kvennemendum og árið 2002 var unnið að því að fjölgum karlkynsnemendum í hjúkrun. Þá er rétt að minna á, þótt það hafi ekki verið hluti af átaksverkefninu, að markvisst hefur verið unnið að því að fjölgum karlkyns nemendum í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Með átaksverkefninu vildi jafnréttisnefndin ekki aðeins hafa áhrif á kynbundið námsval heldur einnig á vinnumarkaðinn, þegar litið er til framtíðar. Í tengslum við verkefnið var bent á að mikil kynjaslagsíða væri á vinnumarkaði þar sem konur söfnuðust í uppellis- og umönnunarstörf en karlar í störf innan t.d. þekkingariðnaðarins og að fáar konur gegndu stjórnunarstöðum í samfélagit. Sigríður Vilhjálmsdóttir, deildarstjóri á Hagstofu Íslands, benti á við upphaf verkefnisins að konur væru 35% alþingismanna, 33% ráðherra í ríkisstjórn Íslands, 28% í sveitarstjórn, 26% í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, 15% ráðuneytisstjóra væru konur og aðeins 11% bæjarstjóra og oddvita. Þá nefndi hún að aðeins ein kona væri í hópi forstjóra hundrað stærstu fyrirtækja landsins.<sup>94</sup> Á sama tíma voru konur 9,5% prófessora við Háskóla Íslands, eða 16 af 168. Í verkfræðideild

---

<sup>94</sup> Sama heimild. – Einnig *Morgunblaðið* 28/10 2000, bls. 12.

voru konur 22% nemenda og hlutfallið enn lægra innan einstakra námsbrauta. Þegar litið var til hlutfalls kvenna meðal kennara í þessum hefðbundnu karladeildum var það jafnvel enn lægra, t.d. var aðeins ein kona í hópi 22 prófessora við verkfræðideild. Tölur á hinn veginn voru mjög sláandi. Aðeins fimm karlar, eða 1,4%, voru í hópi 367 nemenda við hjúkrunarfræðideild og karlkynsnemendur voru 5,3% nema í félagsráðgjöf.<sup>95</sup>

Ofangreindar tölur, sem aðeins eru sýnishorn af þeim tölulegu staðreyndum sem lagðar voru til grundvallar verkefninu, sýna að aðgerða var og er þörf. Það var mat jafnréttisnefndarinnar og verkefnisstjóra átaksverkefnisins að „konur þyrftu að koma meira að stjórnun og stefnumótun í samfélaginu en nú er og að sama skapi er mikilvægt að karlar sæki í auknum mæli inn í störf sem hafa verið dæmigerð kvennastörf. Slíkt gefur okkur fjölbreyttara og jafnara þjóðfélag.“<sup>96</sup>

Nokkrar þeirra kvenna sem tóku þátt í verkefninu lýstu því í viðtolum í fjölmöldum að mikil þörf væri á átaki sem þessu. Kolbrún Reinholsdóttir rafmagnsverkfræðingur sagði að sýnilegar kvenfyrirmyn dir skorti í stétt verkfræðinga, en konur voru um það leyti sem átakið hófst aðeins 6% félagsmanna í Verkfræðingafélagi Íslands. Hún sagði einhæfa ímynd verkfræðinga hafa verið ráðandi – karlar að virkja á hálandinu – en staðreyndin væri sú að störf verkfræðinga væru margbreytileg og þá væri að finna í stjórnun, við kennslu, „hönnun og ráðgjöf, svo eitthvað sé nefnt“. Margrét Edda Ragnarsdóttir, nemi á fyrsta ári í rafmagns- og tölvuverkfræði, sagði að sér fyndist námið léttara en hún hefði búist við en hún sagðist hafa orðið vör við að stelpurnar væru ekki eins öruggar með sig í stærðfræði og strákarnir. „Ég heyri það frá vinkonum mínum, sem eru í annars konar námi að stærðfræðin er mikil ógn, og reyndi mikið að fá eina þeirra með mér í deildina. Það var hinsvegar ekki „séns“ enda taldi hún stærðfræðina greinilega því líkt fjall að klífa,“ sagði Margrét. Valdís Björk Friðbjörnsdóttir tölvunarfræðingur segir líkt og Margrét að konur meti sig öðruvísi en karlar þegar kemur að stærðfræðinni og það standi þeim ef til vill fyrir þrifum.<sup>97</sup>

Sigurður Brynjólfsson, forseti verkfræðideilda, segir að þær konur sem komi til náms í verkfræðideild séu mjög ákveðnar í að standa sig og geri miklar kröfur til sín. Hins vegar hafi þær efasemdir um kunnáttu sína í ákveðnum þáttum, oft

<sup>95</sup> Tölur fengnar af heimasíðu jafnréttisnefndar en þær eru unnar úr gögnum nemendaskrár og úr starfsmannaskrá.

<sup>96</sup> „Að nýta mannaud kvenna“, *Morgunblaðið* 29/9 2001, bls. D17.

<sup>97</sup> „Miklir starfsmöguleikar og góð laun“, *Morgunblaðið* 17/2 2001, bls. 12.

smávægilegum. Strákarnir eru aftur á móti miklu sjálfsöruggari. Þetta er munur á viðhorfi, segir Sigurður – „eitthvað sem alið er upp í þeim.“<sup>98</sup> Arnfríður Ólafsdóttir námsráðgjafi finnur mun á kynjunum hvað þetta varðar. Stelpurnar sem hafa hug á raungreinunum eru hikandi jafnvel þótt þær séu afbragðsnemendur og þær sem innritast gera það „ef þær eru vissar um að standa alla vega jafnt körlunum og ef ekki að gera töluvert betur.“ Strákarnir eru aftur á móti flestir sannfærðir um eigið ágæti.<sup>99</sup> Hér er rétt að nefna rannsókn Eymundar Hannessonar, sem lauk B.A.-prófi í félagsráðgjöf í febrúar 2003. Í lokaritgerð sinni fjallaði hann um náms- og starfsval einstaklinga og brottafell nemenda úr námi út frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Eymundur tók til skoðunar þá sem innrituðust í Háskóla Íslands 1993 og luku ekki námi við skólann. Þegar brottafell í verkfræðideild er skoðað kemur í ljós að aðeins ein kona heltist úr lestinni af þeim sem innrituðust 1993 en 15 karlar. Á móti kemur að konur eru í miklum minnihluta í verkfræðideild, voru 22% á móti 78% karla á viðmiðunartíma hans árið 2000. Hins vegar bendir Eymundur á að hlutfallslegt brottafell kvenna sé minna en hlutfall þeirra í deildinni en yfirleitt haldast þessir þættir í hendur. Þá eru konur í verkfræðideild yngri en konur í öðrum deildum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að konur falli síður úr þeim fögum sem talist hafa karlafög (guðfræðin þó undanteking, þar falla fleiri konur úr námi en karlar) og Eymundur bendir á að konur komi yngri inn í karlafögum en önnur fög. Þetta sýnist honum benda til þess að þær konur sem velja sér hefðbundið karlafag séu staðfastari en aðrar og veltir fyrir sér hvort verið geti að það skref að fara í karlafag sé einfaldlega svo stórt að þær leyfi sér ekki að gefast upp þegar á hólminn er komið.<sup>100</sup>

Sigurður Brynjólfsson kvaðst aðspurður ánægður með átaksverkefnið, ekki aðeins vegna fjölgunar kvenna, heldur einnig fyrir deildina almennt. Hann segir nauðsynlegt að brjóta upp í mynd verkfræðinámsins og benda á að námið henti fjölbreyttum hópi – ekki aðeins strákum af ákveðinni gerð. Hann telur að vitundarvakning hafi orðið og bendir á kynningarrefni deildarinnar, sem sjá má á netinu og í prentuðum bæklingi. Þar eru upplýsingar um einstaka skorir þar sem markvisst var leitast við að sýna bæði karla og konur við nám og störf.

Sigurður ræddi einnig um nauðsyn þess að byrja að kynna raunvíindi fyrir stúlkum á lægri skólastigum og sama viðhorf kom fram hjá fleiri viðmælendum

<sup>98</sup> Sigurður Brynjólfsson, viðtal.

<sup>99</sup> Arnfríður Ólafsdóttir, viðtal.

<sup>100</sup> Eymundur Hannesson, „Skráning og brottafell nemenda við Háskóla Íslands“, B.A.-ritgerð í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands 2003, *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*, bls. 32 og 34.

skýrsluhöfundar: að bæta þyrfti kennslu í raunvísindum í grunn- og framhaldsskólam til þess að laða fleiri nemendur í þessi fög. Börn af báðum kynjum þurfa að vita frá upphafi námsferils síns að kyn eigi ekki að vera hindrun langi þau að leggja stund á ákveðin störf, hvort sem það er verkfræði eða hjúkrun. Hið sama kemur fram í áðurnefndri ritgerð Eymundar Hannessonar en hann vitnar til rannsókna innlendra og erlendra fræðimanna um áhrif félagsmótunar, sem hefst þegar í barnæsku, á náms- og starfsval.<sup>101</sup>

Á vormisseri 2001 sótti Rósa Erlingsdóttir, verkefnisstjóri átaksverkefnisins og starfsmaður jafnréttisnefndar, heim alla framhaldsskóla landsins þar sem kynnt var nám og starf í tæknigreinum. Með henni í för voru kvennemendur úr þessum fögum auk starfandi kvenverkfræðinga og tölvunarfræðinga, sem kynntu námið og fjölbreyttan starfsverttvang sinn fyrir stílkum í framhaldsskólunum. Fyrirmyndirnar sem þátt tóku voru um 40.<sup>102</sup> Á haustmisseri 2002 stóð jafnréttisátakið fyrir Tæknidögum í Ráðhúsi Reykjavíkur í samstarfi við Rannís og fjölda rannsóknastofnana. Tekið var á móti um 1100 grunnskólabörnum sem kynntu sér heim tækni og víinda.

Á vormisseri 2002 var farið af stað í átak til þess að fylgja karlkyns nemendum í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands en við upphaf skólaárs haustið 2001 voru aðeins fimm karlar í hópi 367 hjúkrunarnema. Hjúkrunarfræðingar í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eru 3157, þar af eru karlar 46 eða tæplega 1,5%.<sup>103</sup> Rósa Erlingsdóttir sótti heim framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Laugarvatni, Selfossi o.fl. ásamt karlkyns hjúkrunarfræðingum og nemum í því skyni að kynna námið fyrir strákum. Lögð var áhersla á að kynna fjölbreytileika hjúkrunarstarfsins, möguleika á sérhæfingu og störfum víða um heim, jafnframt að það væri hjúkrunarstarfinu nauðsyn að sjónarmið beggja kynja ættu þátt í að móta starfið.

Þá tók Rósa Erlingsdóttir þátt í undirbúningi viðamikillar auglýsingaherferðar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfræðideildar á vormisseri 2002 þar sem vakin var athygli á fjölbreyttu starfi hjúkrunarfræðinga hér heima og erlendis og áhersla lögð á að auglýsingarnar, sem birtust m.a. í sjónvarpi, á strætóskýlum og í dagblöðum, væru kynhlutlausar.

<sup>101</sup> Eymundur Hannesson, „Skráning og brottafell nemenda við Háskóla Íslands“, bls. 4–8.

<sup>102</sup> Upplýsingar um átakið er að finna á heimasíðu jafnréttisnefndar. Einnig má benda á viðtöl og kynningar í dagblöðum, t.d. í *Morgunblaðinu* 20/10 2000, 16/2 2001 og 17/2 2001.

<sup>103</sup> Tölur fengnar hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga í mars 2003.

Það verður að segjast eins og er að áhugi fjölmíðla á þessum hluta átaksins um jafnara námsval kynjanna var miklu minni en á hlut kvenna í tæknigreinum. Hugsanlega mætti skrifa hluta þessa áhugaleysis á viðaminni kynningu en Rósa Erlingsdóttir segir að erfiðara hafi gengið að fá fé inn í þennan hluta verkefnisins og það hafi haft áhrif á umfang kynningarinnar. Ef tekið er mið af þeirri umræðu sem síðar varð um átaksverkefnið meðal háskólafólks virðist óhætt að taka undir þá skoðun eins viðmælanda skýrsluhöfundar að fæð karla í hjúkrun og lítil ásókn í námið veki upp spurningar um virðingu starfa. Sami viðmælandi kvaðst telja aðveldara að fá konur í karlastörf en öfugt.

Það er mál þeirra sem tóku þátt í átaksverkefninu að einn mikilvægasti þátturinn sé eftirfylgnin. Það megi því ekki búast við miklum breytingum í aðsókn karla fyrsta kastið því viðhorfsbreytingar eigi sér stað á löngum tíma. „Þannig að það þarf aðallega eftirvinnu, eftir svona átak þarf að halda því við,“ sagði einn viðmælenda. Skýrsluhöfundur tekur undir þessi orð: Fylgja þarf átaksverkefninu eftir til þess að varanlegur árangur náist.

Víða erlendis er viðhorfið annað en hér á landi og meiri hefð er fyrir því að karlar gegni störfum í samfélagsþjónustu (umönnunarstörfum hvers konar), t.d. í stað herþjónustu. Þeir kynnast því þessum störfum og velja þau jafnvel sem framtíðarstarf. Hlutfall karlhjúkrunarfræðinga er hærra víða erlendis t.d. í Þýskalandi þar sem karlar eru um 1/3 hjúkrunarfræðinga. Þess ber þó að geta að þar er hjúkrunarnámið ekki á háskólastigi.

### **Mat á átaksverkefni um jafnara námsval kynjanna**

Hér að framan hefur verið rakin forsaga þess að ráðist var í átaksverkefni jafnréttisnefndar og Jafnréttisstofu og framkvæmdin kynnt.

Hins vegar er ljóst að ekki eru allir hlynntir átaksverkefni af þessu tagi. Allnokkur umræða varð um málið árið 2002, einkum í nóvember, þar sem segja má að kristallast hafi andstæð sjónarmið um leiðir og áherslur í jafnréttismálum.<sup>104</sup>

Til að meta ávinning af verkefninu var Gallup á Íslandi fengið til að annast framkvæmd og úrvinnslu rafrænnar könnunar á hug stúdента til átaksverkefnisins. Jafnframt var spurt nokkurra grundvallarspurninga sem lúta að jafnréttismálum.

---

<sup>104</sup> Sjá vísanir til umræðna í viðauka 3.

Úrtakið í könnuninni var 7196 nemendur en fjöldi svarenda 3161. Svarhlutfall var því 43,9% og gefur þar af leiðandi ekki tilefni til alhæfinga, aðeins vísbendinga.

Niðurstöður könnunarinnar eru um margt athyglisverðar og að verulegu leyti í samræmi við sambærilegar kannanir sem gerðar hafa verið við erlenda háskóla.

Um þriðjungur stúdenta varð var við einhverja hluta jafnréttisátaksins og var munur á kynjunum að því leyti ekki marktækur. Þetta er viðunandi árangur þegar haft er í huga að átakinu sinnti einungis einn starfsmaður í hlutastarfi og fjárráð voru takmörkuð. Þá hefur hluti þeirra nemenda sem tók þátt í átaksverkefninu lokið námi við skólann og getur þar af leiðandi ekki tekið afstöðu til þess hvernig til tókst.

Þegar horft er til einstakra þátta verkefnisins kom fram 62% þeirra sem svöruðu fannst hvatningarátak þar sem konur voru hvattar í verk- og tæknifræðigreinar jákvætt. Færri karlmenn (40%) voru hins vegar jákvæðir í garð verkefnisins en konur (74%). Athygli vekur að stuðningur við þennan hluta jafnréttisátaksins mælist minnstur í verkfræðideild eða um 37%. Varla þarf að minna lesendur skýrslunnar á að átaksverkefnið laut einmitt að stórum hluta að því að hvetja konur til náms í verkfræði. 41% nemenda verkfræðideildar töldu átaksverkefnið neikvætt og 22% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar. Rétt er að taka fram að könnunin fór fram í febrúar og mars 2003 og er næsta víst að þær umræður og sú ólga sem var í deildinni vegna átaksverkefnisins í nóvember hefur haft nokkur áhrif.

Hjúkrunarfræðinemum þótti hvatningarátakið í verkfræðideild jákvætt, eða 71%. Hlutfall kvenna í hópi nemenda er um 98% og þetta háa hlutfall jákvæðra endurspeglar væntanlega þá niðurstöðu könnunarinnar að konur eru jákvæðari gagnvart átaksverkefninu almennt séð en karlar. Konur eru aðeins fjórðungur nemenda í verkfræðideild.

Þá voru nemendur spurðir um viðhorf sitt til þess hluta átaksins sem hvatti karla til náms í hjúkrunarfræði. Alls þótti 74% verkefnið jákvætt, 84% kvenna og 54% karla. Stuðningur var minnstur við verkefnið í verkfræðideild, eða 52%, en mestur í hjúkrunarfræðideild (88%) og félagsvísindadeild (80%).

Um 40% nemenda töldu verkefni sem þessi skila miklum árangri í jafnréttismálum. Mikill munur var á viðhorfum kynjanna til þessa þáttar en 50% kvenna töldu svo vera en aðeins 21% karla. Meirihluti nemenda í verkfræðideild taldi verkefni sem þessi hins vegar litlum eða engum árangri skila (45% engum árangri, 23% hvorki né) en 64% nemenda hjúkrunarfræðideildar töldu þau skila miklum árangri.

Í könnuninni voru einnig lagðar fyrir nemendur almennar spurningar um jafnréttismál, þ.e. um stöðu kynjanna á vinnumarkaði, launamun kynjanna og um fjölskylduaðstæður kvenna og karla. Rúmlega 60% voru sammála þeirri fullyrðingu að það væri til góðs fyrir viðskiptalífið og hagkerfið ef fleiri konur væru í stjórnunarstöðum. Þarna kom hins vegar fram mikill kynjamunur, en 76% kvenna voru sammála fullyrðingunni en aðeins 33% karla. Aftur sker verkfræðideild sig úr en einungis 40% verkfræðinema voru sammála þessari fullyrðingu og 18% ósammála.

Meirihluti þeirra sem svöruðu (64,8%) var þeirrar skoðunar að karlar hefðu betri tækifæri á vinnumarkaði eftir háskólapróf en konur. Þriðjungur, eða 32%, töldu konur og karlar hafa jöfn tækifæri á vinnumarkaði, 52% karlkyns þátttakenda og 21% kvenkyns þátttakenda. Nemar í verkfræðideild skera sig enn úr hópi háskólastúdenta því 51% þeirra telur kynin hafa jöfn tækifæri á vinnumarkaði meðan aðrar deildir eru á bilinu 24-39%. Hér má geta þess að í nýlegri Gallupkönnun fyrir Jafnréttisráð kom fram að 60% þjóðarinnar telja að konur hafi minni tækifæri en karlar á vinnumarkaði og fram kom umtalsverður munur á viðhorfum kynjanna. Þannig töldu 71% kvenna að þær hefðu minni tækifæri en 49% karla voru á sömu skoðun.<sup>105</sup>

Loks var spurt hvort þátttakendur teldu að konur og karlar hefðu sambærileg laun á vinnumarkaði eftir háskólapróf. Mikill meirihluti eða 85,5% töldu karla hafa hærri laun en konur. Verkfræðinamar hafa mesta trú háskólastúdenta á að launajafnrétti sé við lýði því 28% þeirra töldu kynin hafa sambærileg laun en hlutfallið var 3-16% í öðrum deildum, lægst í hjúkrunarfræðideild.<sup>106</sup>

Ljóst er að talsverður munur er á viðhorfum kynjanna til jafnréttismála og möguleikum kynjanna á sambærilegum störfum og launum. Þá má sjá að viðhorf eru mismunandi eftir aldri og deildum. Viðhorfskönnunin er því ágætur vegvísir fyrir frekara starf að jafnréttismálum við Háskóla Íslands, ekki síst í því sem viðkemur fræðslu.

Gallup gerði einnig könnun meðal verkefnissstjórnar átaksverkefnisins, alls 20 einstaklinga, og svöruðu 16. Tæp 77% töldu verkefnið hafa skilað miklum árangri og tæp 94% að það væri til góðs fyrir viðskiptalífið og hagkerfið ef fleiri konur væru í stjórnunarstöðum. Í athugasemdum þeirra sem sátu í verkefnissstjórn kom m.a. fram að leggja hefði mátt meiri áherslu á fræðilega undirbyggingu verkefnisins, að samstarf

<sup>105</sup> Frétt um þessa könnun má finna á slóðinni [www.jafnretti.is/jafnrettisrad/gallup.pdf](http://www.jafnretti.is/jafnrettisrad/gallup.pdf)

<sup>106</sup> Viðhorfsrannsókn, febrúar–mars 2003. Jafnréttisátak. Háskóli Íslands. Gallup–IMG. Stúdentar.

Hluti könnunarnar er prentaður í viðauka en könnunina í heild má sjá hjá jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands.

við stúdenta hefði ekki verið jafn gott æskilegt hefði verið og að yfirstjórn Háskólans „hefði þurft að standa betur við bakið á verkefninu gagnvart deildum, stofnunum og stjórnsýslu Háskólans. Það er ekki nóg að líta á jafnréttisstarf sem auglýsingu sem bætir ímynd fyrirtækja þegar það hentar, það þarf að fylgja starfinu eftir“.<sup>107</sup>

## Fjölskyldu- og starfsmannastefna Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur sett sér metnaðarfulla starfsmannastefnu sem „lýsir vilja Háskólans um að vera góður vinnustaður, þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.“ Þar segir m.a. að Háskólinn beiti sér fyrir því að jafnræðisregla stjórnarskráinnar sé virt en samkvæmt henni er hvers kyns mismunun byggð á aldri, kynferði, kynþætti, fötlun, þjóðerni, trúar- eða stjórnmálaskoðunum óheimil. Starfsmenn Háskólans eiga möguleika á sveigjanlegum vinnutíma og lækkun á starfshlutfalli vegna fjölskylduábyrgðar og Háskólinn „hvetur feður sérstaklega til þess að nýta sér möguleika sína til að samræma starfs- og fjölskylduábyrgð.“<sup>108</sup>

Í júní 2001 skipaði rektor starfshóp sem hafði það hlutverk að afla upplýsinga um „aðstæður stúdenta með fjölskylduábyrgð, með það fyrir augum að setja fram hugmyndir um fjölskyldustefnu og tillögur um úrbætur ef þess reyndist þörf.“ Í starfshópnum sátu Ingibjörg Lind Karlsdóttir og Kolbrún Benediktsdóttir, fulltrúar stúdenta, Sigrún Júlíusdóttir prófessor, Magnús Diðrik Baldursson, aðstoðarmaður rektors, og Sigrún Valgeirs dóttir, fulltrúi starfsmannasviðs, tók sæti í starfshópnum eftir að fram komu óskir um að starf nefndarinnar tæki einnig til starfsfólks Háskólans. Rósa Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi kom að starfi hópsins á seinni stigum.

Alls reyndust 1619 stúdentar bera fjölskylduábyrgð (notuð var sú skilgreining að stúdent með fjölskylduábyrgð væri sá sem hefði eitt eða fleiri börn á framfæri sínu og að barnið/börnin ætti lögheimili hjá viðkomandi stúdent) af 6670 stúdentum, eða um það bil fjórðungur stúdenta. Ákveðið var að efna til rafrænnar könnunar „í því skyni að afla frekari upplýsinga um félagslegar aðstæður þessa hóps og áhrif fjölskylduábyrgðar á námsframvindu hans.“ Samsvarandi könnun var gerð meðal starfsfólks Háskólans. Svarhlutfall stúdenta var innan við 50% og af þeim sökum, og vegna galla sem voru á tæknilegri hlið könnunarinnar, telur starfshópurinn

<sup>107</sup> Viðhorfsrannsókn, febrúar–mars 2003. Jafnréttisátak. Háskóli Íslands. Gallup–IMG. Verkefnisstjórn.

<sup>108</sup> Starfsmannastefna Háskóla Íslands (Reykjavík, 2002).

niðurstöðurnar ekki leyfa „að dregnar séu af þeim altækar ályktanir.“ Hins vegar sé „áhugavert að skoða nokkrar innbyrðis krosskeyrslur og einnig má nýta niðurstöðurnar í heild sem ábendingu um fjölskylduaðstæður stúdenta í Háskóla Íslands.“

Ein meginniðurstaða könnunarinnar er að meirihluti stúdenta með börn á framfæri telur að sér hafi seinkað í námi sökum fjöldskylduábyrgðar, eða 2/3. Um helmingur þeirra sem svöruðu telur mikilvægt að hægja á námshraða vegna breytinga á einkahögum og er yfirgnæfandi meirihluti þeirra konur, eða 79% á móti 21% karla. Stúdentar í hjónabandi með þrjú til fjögur börn leggja meiri áherslu á þennan þátt en aðrir.

Í könnuninni var jafnframt spurt hvort kynin ættu jafna möguleika á því að sameina nám og fjölskylduábyrgð og í ljós kom að aðeins 20% svarenda telja konur eiga jafna möguleika og karlar að sinna námi samhliða fjölskylduábyrgð en 40% telja möguleika karla meiri og eru konur í meirihluta hinna síðarnefndu. Þessar tölur eru sambærilegar niðurstöðum könnunar sem Gallup vann um viðhorf nemenda til jafnréttismála, og var kynnt hér að framan. Þar telja 40% þeirra sem svöruðu erfitt fyrir konur að taka sér frí frá námi vegna fjölskylduaðstæðna.

Ljóst er að nemendur við Háskóla Íslands búa við nokkurt álag vegna fjölskylduábyrgðar og launavinnu en stór hluti nemenda stundar launavinnu meðfram námi. Aðeins 47% sögðust fjármagna nám sitt með námslánum.

Í greinargerð starfshópsins um niðurstöður könnunarinnar eru leiddar líkur að því að aðstæður námsmanna með fjölskylduábyrgð endurspegli fyrst og fremst ríkjandi menningu og gildi hvað snertir viðhorf til náms, vinnu og fjölskyldumyndunar. Fólk á Íslandi eignast börn fyrr en tíðkast í nágrannalöndunum og reynir að fléttu saman nám, starf og barnauppeldi. Opinber fjölskyldustefna er skemur á veg komin á Íslandi en í nágrannalöndunum og minna er um fjárveitingar til rannsóknna á fjölskyldulífi og uppeldisskilyrðum barna í íslensku samfélagi og ekki er unnið markvisst samkvæmt þeim niðurstöðum sem rannsóknir hafa leitt í ljós. Námsmenn í nágrannalöndunum fresta yfirleitt barneignum þar til að loknu námi og þeir eiga kost á fullnægjandi námslánum og búsetu á stúdentagörðum.

Sá vandi sem snýr að námsmönnum með fjölskylduábyrgð er umtalsverður og heyrir hann undir almenna stefnumörkun hins opinbera í málefnum fjölskyldna, skattamálum, dagvistunarmálum og námslánastefnu. Starfshópurinn telur því að þau atriði sem snúa sérstaklega að Háskóla Íslandi snúi að sjálfu kennslufyrirkomulaginu,

t.d. að stundaskrár tækju mið af þörfum foreldra þannig að kennsla fari fram á dagvinnutíma (8–17) en brögð eru að því að kennsla standi yfir allt til kl. 20:30.

Starfshópurinn telur æskilegt að Háskóli Íslands beiti sér fyrir frekari byggingum hagstæðra námsmannabústaða, hvetji til fjölgunar dagsvistarrýma með sveigjanlegri opnunartíma, efni til aukinnar umræðu og miðli upplýsingum um fjölskylduábyrgð stúdenta og þeirra hagsmunamála. Þá er stefnt að útgáfu upplýsingabæklings um öll réttindi og þjónustu sem fjölskyldufólki stendur til boða.

Skýrsluhöfundur fagnar tilurð skýrslunnar sem er mikilvægur leiðarvísir fyrir frekara starf að starfsmanna- og fjölskyldustefnu Háskólans. Mjög þarf er að taka saman upplýsingar um réttindi foreldra í námi, s.s. reglur varðandi fæðingarorlofsgreiðslur og sértæk úrræði fyrir konur á meðgöngu og nýbakaðar mæður á próftímum.

Niðurstöður könnunar starfshóps um fjölskyldustefnu Háskóla Íslands eru í samræmi við niðurstöður kannana þar sem fólk leggur mat á fjölskylduábyrgð fólks eftir kyni, en konur virðast bera meiri ábyrgð og heltast frekar úr lestinni hvað varðar námsframvindu og starfsframa en karlar.<sup>109</sup>


Ekki hefur enn verið unnið úr þeim hluta könnunarinnar sem náði til starfsfólks.

Í framhaldi af þessu er rétt að kynna rannsókn Eymundar Hannessonar en hann kannaði brottfall nemenda sem innrituðust í Háskóla Íslands 1993 en höfðu ekki lokið námi árið 2000. Í ljós kom að brottfall kynjanna er hlutfallslega nánast hið sama, eða 26,9 % hjá körlum og 27,07 hjá konum. Í flestum deildum helst brottfall kynjanna í hendur við fjölda nemenda, þ.e. hátt hlutfall brottfallinna kvenna helst í hendur við fjölda þeirra í deild.

Pegar brottfall er skoðað innan hverrar deildar má sjá margt athyglisvert. Langmest brottfall er í heimspekkideild en 46,6% þeirra kvenna sem hófu nám haustið 1993 höfðu ekki lokið námi við deildina árið 2000 en 45,1% karla. Þá er brottfall í félagsvínsindadeild mikið, rétt rúmlega 50% þeirra karla sem hófu nám 1993 hurfu úr námi og 35% kvenna.


---

<sup>109</sup> *Stúdentar með fjölskylduábyrgð – aðstæður og úrbætur. Greinargerð starfshóps um mótu fjölskyldustefnu Háskóla Íslands* (Reykjavík, 2003).



**Mynd 3** Hér má sjá hver staða karla, sem innrituðust haustið 1993, var í nóvember 2000.

*Heimild: Hagstofa Íslands*



**Mynd 4** Hér má sjá hver staða kvenna, sem innrituðust haustið 1993, var í nóvember 2000.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Eymundur dregur þá ályktun af rannsókn sinni að heildarbrottfall virðist ekki vera kynbundið. Þrjár deildir skera sig þó úr: guðfræðideild og læknadeild þar sem konur falla oftar úr námi en karlar og félagsvíssindadeild þar sem mun fleiri karlar en konur hverfa frá námi. Þá gefur rannsókn Eymundar vísbendingu um að konur falli síður úr námi í karladeildum, s.s. verkfræðideild þar sem brottfall þeirra er mun minna hlutfallslega en í öðrum deildum.<sup>110</sup>

Eymundur leitaði svara við spurningunni hvers vegna nemendur hurfu frá námi með því að senda 100 manna úrtaki spurningalista. Svörun varð minni en hann vænti

<sup>110</sup> Eymundur Hannesson, „Skráning og brottfall nemenda við Háskóla Íslands“, bls. 27–34.

og fleiri konur en karlar svöruðu. Af þessum sökum varar Eymundur við alhæfingum út frá niðurstöðum sínum en þær gefa þó ákveðnar vísbendingar um orsakir brottfalls.

Konur nefndu barneignir sem fyrstu ástæðu þess að hafa hætt í námi en efnahagur var næstalgengasta ástæðan. Konum fannst Háskólinn koma illa til móts við þá sem vegna eigin veikinda og barna væru við það að falla úr námi. Fram kom að fleiri konur en karlar voru í sambúð þegar þær hófu háskólanám, karlarnir bjuggu frekar í foreldrahúsum. Karlmanni nefndu sem skýringu á brottfalli að Háskóli Íslands hefði ekki mætt kröfum þeirra og þeim fannst hann ekki nægilega tengdur atvinnulífinu. Þeir sem féllu úr námi virtust því frekar vera að leita að styrra starfstengdu námi en boðið er upp á í Háskóla Íslands. Þá kom fram að karlar hættu námi þegar þeir hófu búskap. Loks kom fram að konum fannst frekar en körlum að þær hefðu af ytri aðstæðum verið þvingaðar til að hætta námi.<sup>111</sup>

Eins og tekið er fram í niðurstöðum starfshóps um fjölskyldustefnu er margt af því sem stendur námsmönnum fyrir þrifum á hendi hins opinbera en ástæða er til að hvetja Háskóla Íslands til þess að láta sig þessi mál varða og þar með hagsmuni nemenda sinna. Jafnframt gefa niðurstöður könnunar Eymundar Hannessonar til kynna að huga þurfi betur að aðstæðum fjölskyldufólks við Háskóla Íslands, sem og ástæðum brottfalls við skólann, bæði meðal kvenna og karla. Sérstaklega er það umhugsunarefni fyrir Háskóla Íslands ef nám við skólann höfðar ekki til ungra karla. Brýnt er að hvetja til rannsókna og úttekta á aðstæðum og þörfum stúdenta og byggja stefnu skólans á þeim rannsóknum í starfsmanna- og jafnréttismálum.


---

<sup>111</sup> Sama heimild, bls. 41–50.



## Staðreyndir um konur og karla við Háskóla Íslands og í vísindasamféluginu

Konur eru nú rúm 62% nemenda við Háskóla Íslands en körlum í háskólanámi hefur ekki fækkað, eins og stundum mætti ætla af umræðunni, heldur hefur fjölgun þeirra orðið hægari.<sup>112</sup> Hins vegar er ástæða til þess hvetja til frekari rannsókna á því hvers vegna karlar skili sér ekki í háskólanám (og hætti frekar en konur námi í framhaldsskóla) á sama hátt og konur.<sup>113</sup>




**Mynd 5** Hér má sjá hlutfallslega skiptingu um fjölda kvenna og karla á tíunda áratugi 20. aldar.  
Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands

Athyglisvert er að skoða aldursdreifingu nemenda við Háskólann en þar er byggð á rannsókn Eymundar Hannessonar B.A. í félagsráðgjöf. Eymundur skoðar brottfall nemenda sem innrituðust í Háskólann árið 1993 út frá kynjuðu sjónarhorni og miðar við stöðu þeirra árið 2000. Það haust voru konur við Háskóla Íslands 4049 (61%) en karlar 2621 (39%).

Meðalaldur kvenna reyndist hærri en meðalaldur karla, 27,92 ár hjá konum en 25,71 hjá körlum. Munar þar mestu um hve hátt hlutfall kvenna er yfir þrítugt.

<sup>112</sup> Nefna má Kastljósið 13. nóvember 2002 þar sem Kristján Kristjánsson og Sigríður Guðmundsson ræddu við Guðfinn Bjarnadóttur rektor Háskólans í Reykjavík. Af umræðum þeirra mátti ætla að sókn kvenna í háskólanám stæði körlum fyrir þrifum. Það var ekki fyrr en undir lok þáttarins sem Kristján Kristjánsson tók fram að ekki mætti skilja orð þeirra svo að það væri slæmt að konum fjölgangi í námi – fjölgun þeirra væri eðlileg og af hinu góða. Fjölgun karla væri hins vegar miklu hægari.

<sup>113</sup> Af rannsóknum sem þegar hafa verið gerðar má nefna: Jón Torfi Jónasson, „Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar.“ Erindi flutt á málþingi um háskólastigið í Reykjavík 19/2 2000. – Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsengi og afstöðu 75 árgangssins til náms* (Reykjavík, 2002).




**Mynd 6 Aldursdreifing nemenda við Háskóla Íslands haustið 2000, greint eftir kyni. Karlar grænar súlur (ljósar), konur rauðar (dökkar). Heimild: Hagstofa Íslands, óbirtar tölur 2002.**

Árið 1977 var meðalaldur kvenna og karla við Háskóla Íslands nokkurn veginn sá sami, eða um 23 ár. Eftir það fór að draga í sundur og er munurinn nú rúm tvö ár.<sup>114</sup> Hár meðalaldur kvenna í námi við Háskóla Íslands vekur spurningar um uppsafnaða menntaþörf kvenna og áhrif barneigna á námsferil þeirra, þ.e. konur koma eldri í nám en karlar. Þá er rétt að benda á að konur eru í miklum meirihluta þeirra sem stunda viðbótarnám við Háskólann eða 72% (200) á móti 28% (77) karla árið 2002.<sup>115</sup> Bent hefur verið á að mun fleiri konur en karlar sækist eftir viðbótarnámi til þess að verða gjaldgengari á vinnumarkaði en eins og fram hefur komið í skýrslunni virðist háskólanám ekki skila konum jafn langt áleiðis og körlum.

Þegar rætt er um fjölda nemenda við Háskóla Íslands er forvitnilegt að skoða stöðuna í einstökum deildum. Á eftirfarandi myndum má sjá þróunina síðustu ár.


<sup>114</sup> Eymundur Hannesson, „Skráning og brottfall nemenda við Háskóla Íslands“, bls. 11-12. Myndir í þessum kafla eru unnar af Eymundi Hannessyni.

<sup>115</sup> Skv. tölum frá Nemendaskrá Háskóla Íslands, teknum í janúar 2002. Viðbótarnám er stutt og hagnýtt nám sem telst ekki til framhaldsnáms á háskólastigi þar sem því lýkur ekki með akademískri prógráðu.




**Mynd 7 Skipting eftir kyni í félagsvínsindadeild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Eins og sjá má eru miklu fleiri konur en karlar við nám í félagsvínsindadeild og hefur fjölgun þeirra orðið mun meiri en karla. Meðalaldur kvennemenda við félagsvínsindadeild var 29,21 ár haustið 2000 en meðalaldur karlkynsnemenda var 26,08 ár. Þetta er umtalsverður munur.




**Mynd 8 Skipting eftir kyni í guðfræðideild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Körlum við nám við guðfræðideild fækkaði talsvert 1998–2000 en hafa eftir það verið á uppleið að nýju. Meðalaldur nemenda í guðfræðideild er sá hæsti við Háskólann, eða 34,88 ár hjá konum en 33,97 hjá körlum miðað við haustið 2000.




**Mynd 9 Skipting eftir kyni í heimspekideild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Fleiri konur en karlar eru við nám í heimspekideild. Meðalaldur kvenna við deildina haustið 2000 var 29,62 en karla 27,95, en hvort tveggja er frekar hátt miðað við meðaltal skólans í heild.




**Mynd 10 Skipting eftir kyni í hjúkrunarfræðideild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Í hjúkrunarfræði hafa nær eingöngu konur stundað nám, eins og fram kom fyrr í þessari skýrslu. Meðalaldur kvenna í deildinni er 30,91 ár en karlarnir (sex haustið 2000) voru rúmlega 22 ára.




**Mynd 11 Skipting eftir kyni í raunvísindadeild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Í raunvísindadeild voru karlar í meirihluta þar til haustið 1999. Þá hófst m.a. kennsla í ferðamálafræði við deildina (til diplóma-prófs, B.S.-prófs frá 2001) en mikill meirihluti þeirra sem stunda nám í ferðamálafræði eru konur. Árið 2000 var tölvunarfræðiskor, þar sem karlar eru í meirihluta, flutt í verkfræðiskor. Haustið 2000 var meðalaldur kvenna við deildina 26,17 ár en karla 25,55 ár.




**Mynd 12 Skipting eftir kyni í tannlæknadeild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Tannlæknadeild hefur nokkra sérstöðu vegna þess hve nemendur eru fáir en þar er kynjahlutfallið auk þess einna jafnast. Þá eru konur í tannlæknadeild yngri en karlarnir, eða 22,56 ára að meðaltali á móti 25,34 árum karla.




**Mynd 13 Skipting eftir kyni í viðskipta- og hagfræðideild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Haustið 1999 fjölgaði nemendum í viðskipta- og hagfræðideild verulega, bæði kven- og karlnemendum. Meðalaldur kvenna í deildinni var 27,17 ár haustið 2000 en 26,40 hjá körlum.




**Mynd 14 Skipting eftir kyni í verkfræðideild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Verkfræðideild er eina deild Háskóla Íslands þar sem karlar eru í meirihluta. Eins og áður hefur komið fram er meðalaldur kvennemenda við deildina sá næstlægsti við Háskólann, eða 23,78 ár en meðalaldur karla er 24,13 ár.




**Mynd 15 Skipting eftir kyni í lyfjafræðideild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Lyfjafræðideild varð sérstök deild árið 1999 en sjá má að konur eru í meirihluta nemenda við deildina. Meðalaldur nemenda er 24,2 ár, sem er vel undir meðalaldri skólans í heild og lyfjafræðideild er önnur af tveimur deildum Háskólans þar sem meðalaldur karla er hærri en kvenna eða 3,9 árum undir meðalaldri þeirra í skólanum. Þetta er önnur deildin þar sem karlar eru að meðaltali eldri en konur eða 24,62 ár,




**Mynd 16 Skipting eftir kyni í læknadeild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Í læknadeild (sem hýsir bæði læknisfræði og sjúkraþjálfun) er meðalaldur kvennemenda 23,92, sem er fjórum árum lægri en meðaltal skólans. Karlhnemendur eru að jafnaði 24, 25 ára. Breytingin á hlutfalli kynjanna milli skólaársins 1998–1999 og 1999–2000 helgast af því að 1999 varð lyfjafræðin sérstök deild.



**Mynd 17 Skipting eftir kyni í lagadeild 1997-2002.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Konur voru 57% laganema árið 2002 en karlar 43%. Konur urðu í fyrsta skipti fleiri í deildinni árið 1999. Athygli vekur fækkun karla í laganámi skólaárin 1998-1999 og 1999-2000. Konum fækkaði reyndar líka fyrra skólaárið en hefur farið fjölgandi síðan, eins og körlunum þótt fjölgun þeirra sé talsvert haegari. Fleiri karlar eru á aldrinum 25-30 ára en í öðrum deildum en meðalaldur karlnemenda er 23,81 ár. Meðalaldur kvenna er hins vegar 24,97 ár.




**Mynd 18 Fjöldi meistararanema við Háskóla Íslands 1996-2002 greint eftir kyni.** Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands.

Rétt er að benda á að mikil kynjaslagsíða er innan einstakra deilda eftir skorum.

Undanfarin ár hefur nemendum í framhaldsnámi við Háskóla Íslands fjölgæð mjög, bæði á meistarastigi og í doktorsnámi. Í myndinni hér að ofan má sjá þróunina í meistaranámi á árunum 1996–2002 og hefur konum fjölgæð hraðar en körlum.

Mun færri konur en karlar hafa lokið doktorsprófi, en eins og áður kom fram var það fyrst árið 1926 sem íslensk kona lauk doktorsprófi, Björg C. Þorláksson, frá Sorbonne háskóla í París. Fyrsta konan sem lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands var Selma Jónsdóttir listfræðingur árið 1960 en næst bættust konur í hóp doktora útskrifaðra frá Háskóla Íslands árið 1997.<sup>116</sup> Í skýrslunni *Konur í vísindum á Íslandi* kemur fram að árlegum brautskráningum kvendoktora fjölgæði á árunum 1990–2000 en nokkrar sveiflur eru milli ára, bæði hvað varðar fjölda kvenna og karla. Jafnframt kemur fram að flestar kvennanna sem luku prófi á þessu tímabili voru í náttúrvísinum, eða 29%, en fæstar voru í verk- og tæknifraði, eða 7%. Hið sama gilti um karla, flestir, eða 34%, voru í náttúrvísindum en fæstir, eða 12%, í verk- og tæknigreinum.<sup>117</sup>

Eins og sjá má á myndinni hér að neðan hefur orðið gríðarleg fjölgun í hópi doktorsnema við Háskóla Íslands og hefur fjölgunin orðið mun hraðari meðal kvenna




**Mynd 19 Nemendur í doktorsnámi við Háskóla Íslands 1996-2002. Greint eftir kyni. Heimild: Nemendaskrá Háskóla Íslands**

<sup>116</sup> Í febrúar 1997 vörðu þær Dagný Kristjánsdóttir bókmennatrafraðingur og Hafrún Friðriksdóttir lyfjafræðingur doktorsritgerðir sínar við Háskóla Íslands. Fjölmargar íslenskar konur höfðu hins vegar útskrifast við erlenda háskóla. Nöfn þeirra, útskriftarár, fagsvið o.fl. má sjá í skrá sem tekin hefur verið saman við Kvennasögusafn Íslands, sjá: [www.kona.bok.hi.is](http://www.kona.bok.hi.is)

<sup>117</sup> *Konur í vísindum á Íslandi*, bls. 22.

en karla. Þessi þróun er forvitnileg og vekur upp spurningu sem ekki verður svarað hér, nefnilega hvort sjá megi sambærilega fjölgun kvenna við doktorsnám erlendis eða hvort það sé einfaldlega möguleikinn á að stunda námið í heimalandinu sem hefur áhrif á fjöldann við Háskólann.



**Mynd 20 Fyrirmynnd þessa myndrits er fengin úr ETAN-skýrslunni, sem vitnað er til framar í þessari skýrslu, og kallast „Scissors diagram“ Heimild: Konur í vísindum á Íslandi, bls. 37.**

Áður hefur verið nefnt í þessari skýrslu að reynsla evrópsks vísindasamfélags sýni að konur skila sér ekki í æðstu stöður við háskóla og í vísindasamféluginu. Þær heltast úr lestinni eftir fyrstu til aðra háskólagráðu, eða stöðvast jafnvel að loknu doktorsprófi. Þessu hefur verið lýst á myndrænan hátt í „skæramyndinni“ svokölluðu.

Hlutur kvenna í rannsóknum og þróun hefur verið til skoðunar erlendis og í skýrslunni *Konur í vísindum á Íslandi* var birt eftirfarandi tafla um fjölda sérfræðinga við rannsóknir og þróun eftir vísindasviði 1999.

**Æðri menntastofnanir Higher education sector**

**Sérfræðingar við rannsóknir og þróun eftir kyni og vísindasviði 1999**

*Researchers in research and development by sex and field of science 1999*

Fjöldi	Fjöldi Number		Ársverk FTE		<i>Number</i>
	Konur <i>Women</i>	Karlar <i>Men</i>	Konur <i>Women</i>	Karlar <i>Men</i>	
<b>Fjöldi alls</b>	<b>347</b>	<b>653</b>	<b>175</b>	<b>304</b>	<b>Total number</b>
Raunvísindi	30	148	17	80	<i>Natural sciences</i>
Verkfraði og tækni	84	142	59	85	<i>Engineering and technology</i>
Heilbrigðisvísindi	86	141	30	43	<i>Medical sciences</i>
Fiskveiðar- og landbúnaðarvísindi	22	28	14	16	<i>Fisheries and agricultural sci.</i>
Félagsvísindi	78	109	34	44	<i>Social sciences</i>
Hugvísindi	47	85	21	37	<i>Humanities</i>
<b>Hlutfallsleg skipting, %</b>					<b>Percentage distribution</b>
<b>Alls</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>Total</b>
Raunvísindi	9	23	10	26	<i>Natural sciences</i>
Verkfraði og tækni	24	22	34	28	<i>Engineering and technology</i>
Heilbrigðisvísindi	25	22	17	14	<i>Medical sciences</i>
Fiskveiðar- og landbúnaðarvísindi	6	4	8	5	<i>Fisheries and agricultural sci.</i>
Félagsvísindi	22	17	19	15	<i>Social sciences</i>
Hugvísindi	14	13	12	12	<i>Humanities</i>
<b>Hlutfallstölur, %</b>					<b>Percentage</b>
Raunvísindi	17	83	18	82	<i>Natural sciences</i>
Verkfraði og tækni	37	63	41	59	<i>Engineering and technology</i>
Heilbrigðisvísindi	38	62	41	59	<i>Medical sciences</i>
Fiskveiðar- og landbúnaðarvísindi	44	56	46	54	<i>Fisheries and agricultural sci.</i>
Félagsvísindi	42	58	43	57	<i>Social sciences</i>
Hugvísindi	36	64	36	64	<i>Humanities</i>

Heimild: Könnun á rannsóknum og þróun 1999. Rannsóknarráð Íslands.

Source: Research and Development Survey 1999. Icelandic Research Council.

**Tafla 1 Tafla fengin úr Konur í vísindum á Íslandi, bls. 65.**

Eins og fram hefur komið í skýrslunni hefur fjölgun kvenna í æðstu stöðum háskólasamfélagsins, hér á landi sem annars staðar, verið hæg. Kona hefur aldrei gegnt starfi rektors við Háskóla Íslands og það var ekki fyrr en árið 1997 sem kona varð fyrst deildarforseti, en það var Helga Kress við heimspekkideild.

Í skýrslunni *Konur í vísindum* kemur fram að síðasta áratuginn (1990-2002) hafa ein til fimm konur setið í háskólaráði hvert skólaár, eða 6-30% fulltrúa í ráðinu.<sup>118</sup> Í háskólaráði 2002-2004 eru tveir af tíu aðalmönnum konur.

<sup>118</sup> *Konur í vísindum á Íslandi*, bls. 84.

Árið 1996 voru konur 7% prófessorra við Háskóla Íslands, 20% dósenta og 48% lektora.<sup>119</sup> Í desember 2002 voru konur 13,7% prófessorra við Háskólann, tæp 29% dósenta og 55% lektora.

Deild	Lektorar	Dósentar	Prófessorar	Aðjunktar	Alls
Guðfræðideild	2 (1-1)	1	6 (6-0)		9
Læknisfræðiskor	7 (6-1)	51 (42-9)	25 (24-1)		83
Sjúkrapjálfunarskor	4 (1-3)	3 (1-2)	0		7
Tannlæknadeild	9 (7-2)	3 (3)	2 (2-0)	1	15
Lyfjafræðideild	0	2 (1-1)	4 (2-2)		6
Lagadeild	2(1-1)	0	11 (8-2)		13
Viðskipta-&hagfræðideild	8 (6-2)	9 (9-0)	11 (11-0)	3(2-1)	31
Heimspekkideild	14 (7-7)	24 (13-11)	25 (22-3)	18(10-8)	81
Verkfræðideild	2 (2-0)	11 (8-3)	21 (20-1)		34
Félagsvísindadeild	14 (1-13)	10 (7-3)	19 (13-6)		43
Hjúkrunarfæðideild	16 (1-15)	8 (0-8)	4 (2-2)		28
Raunvísindadeild	8 (7-1)	21(18-3)	43 (37-6)	1	73
Alls : 423	<b>86</b>	<b>143</b>	<b>171</b>	23	<b>423</b>


**Tafla 2 Lektorar, dósentar, prófessorar og aðjunktar við Háskóla Íslands 1. september 2002, greint eftir kyni og deild. Konur bleikar, karlar bláir.** Heimild: Starfsmannasvið Háskóla Íslands

Konur eru í miklum meirihluta þeirra sem vinna skrifstofustörf við Háskóla Ísland, eða 78%. Engin kona gegnir starfi framkvæmdastjóra innan stjórnsýslu Háskóla Íslands.

Skipting starfa milli starfshópa og kynja 1. desember 2002			
	Karlar	Konur	Alls
Prófessorar	150	24	174
Lektorar	45	55	100
Dósentar	101	41	142
Aðjunktar	13	9	22
Sérfræðingar	7	2	9
Rannsóknafólk	56	47	103
Þjónustusérfræðingur	24	21	45
Skrifstofustörf	39	140	179
Tæknifólk	43	72	115
Samtals			889

**Tafla 3 Skipting starfa milli starfshópa og kynja 1. desember 2002.** Heimild: Starfsmannasvið Háskóla Íslands

<sup>119</sup> Árbók Háskóla Íslands 2000, bls. 31.



**Mynd 21 Skipting starfa milli karla og kvenna 1. desember 2002.** *Heimild: Starfsmannasvið Háskóla Íslands*



## Jafnrétti í víðum skilningi

Jafnrétti kynjanna hefur verið til umræðu um langa hríð en síðustu ár hefur víðari skilningur verið lagður í hugtakið jafnrétti. Þannig er rætt um jafnrétti í tengslum við málefni fatlaðra, innflytjenda og samkynhneigðra en þessir hópar hafa síðustu árin orðið sýnilegri, bæði innan Háskóla Íslands og í samféluginu almennt. Bent hefur verið á að pottur sé víða brotinn hvað varðar réttindi þessara hópa og þeim jafnvel mismunað á grundvelli fötlunar sinnar, húðlitar, tungumáls eða kynhneigðar. Þá verða kröfur um sveigjanlega fjölskyldustefnu sífellt háværari í samféluginu, ekki aðeins innan fyrirtækja heldur einnig menntastofnana eins og Háskóla Íslands, þar sem stór hluti þeirra sem þar stunda nám eiga börn.

Eins og áður er getið nær jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004 til jafnréttis kvenna og karla en jafnframt er kveðið á um að jafnréttisnefnd skuli á þessu tímabili „móta stefnu og gera sérstaka áætlun til að tryggja jafnstöðu þeirra sem teljast til minnihlutahópa við Háskóla Íslands.“ Í fyrsta erindisbréfi jafnréttisnefndar (1997) var tekið fram að starfssvið nefndarinnar næði til jafnréttismála í víðum skilningi en að nefndin legði í fyrstu „áherslu á að framfylgja ákvæðum laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.“ Með nýju erindisbréfi 20. júní 2002 var horfið frá fyrri stefnu um megináherslu á jafnrétti kynjanna. Þar segir:

Starfssvið nefndarinnar nær til jafnréttismála í víðum skilningi. Við gerð tillagna að stefnu Háskólans um jafnréttismál skal nefndin hafa að leiðarljósi jafnræðisreglu 65. greinar stjórnarskráinnar og taka sérstaklega mið af lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Markmið nefndarinnar er að stuðla að jafnrétti og sporna gegn mismunun innan háskólasamfélagsins hvort sem er á grundvelli kynferðis, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, trúarbragða og stöðu að öðru leyti.

Baldur Þórhallsson, sem tók við formennsku í nýrri jafnréttisnefnd haustið 2001, lýsti því yfir þegar í upphafi að nýja nefndin myndi „horfa sérstaklega til hinna svokölluðu minnihlutahópa innan HÍ ... Við viljum skoða hvernig bæta megi stöðu þeirra.“<sup>120</sup>

---

<sup>120</sup> „Vitundarvakning um fordóma“. Viðtal við Baldur Þórhallsson. *Fréttabréf Háskóla Íslands* 23:4 (2001).

### *Samkynhneigðir stúdentar og starfsmenn*

Undanfarin ár hafa orðið miklar breytingar á viðhorfi til samkynhneigðra og réttindi þeirra aukist til muna. Þrátt fyrir þetta eru fordómar og vanþekking enn til staðar í samféluginu og samkynhneigð pör njóta t.d. ekki sömu réttinda og gagnkynhneigð. Því hlýtur sú spurning að vakna hvernig málum sé háttað innan Háskóla Íslands. Ljóst er að þar, eins og í samféluginu öllu, er að finna vanþekkingu og fordóma í garð samkynhneigðra.

Baldur Þórhallsson, lektor í stjórnmálafræði og formaður jafnréttisnefndar, er samkynhneigður en kveðst ekki hafa fundið fyrir fordómum sem slíkur í starfi sínu við Háskólann. Baldur segir að almennt séð virðist viðhorf til samkynhneigðra innan Háskólans vera jákvætt þótt þess séu dæmi að samkynhneigðir, bæði í hópi stúdenta og starfsmanna, verði fyrir fordómum en Baldur kvaðst vita til þess að stúdent hefði hrakist frá námi af þessum sökum. Síendurteknar grínsögur og athugasemdir um samkynhneigða og tilraunir til þess að „afhomma“ eða „aflesbía“ eru meðal þekktra dæma. Eins og áður hefur komið fram veigra stúdentar sér við að kvarta formlega yfir t.d. kynferðislegrí áreitni og engin ástæða er til að ætla annað en jafnerfitt geti reynst að kæra óviðeigandi framkomu vegna kynhneigðar til háskólayfirvalda. Engar reglur eða leiðbeiningar eru til um hvernig stúdentar og starfsmenn geti brugðist við áreiti eða fordómum en í undirbúningi er stefna og könnun á tíðni áreitni af þessu tagi. Þá eru engin úrræði til fyrir þá stúdenta sem oft eiga í námsörðugleikum í því tilfinningaumróti sem fylgir því að koma út úr skápnum. Baldur Þórhallsson segir að yfirleitt sé um tímabundin vandamál að ræða en nauðsynlegt sé að stúdentar viti að þeir geti talað við námsráðgjafa, kennara eða skrifstofustjóra og fengið tilhliðranir og skilning. Slíkum upplýsingum og leiðbeiningum væri hægt að koma á framfæri í t.d. bæklingi. Skýrsluhöfundur tekur undir með Baldri að gerð bæklings sem inniheldi leiðbeiningar um úrræði og upplýsingar um til hvaða aðila væri hægt að leita til aðstoðar væri til mikilla bóta, bæði fyrir stúdenta og starfsmenn. Baldur segir enn fremur að við erlenda háskóla sé tekið mun markvissara á þessum málum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um fjölda samkynhneigðra stúdenta eða starfsmanna við Háskóla Íslands en á heimasíðu Félags samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdenta kemur fram að gera megi ráð fyrir að 200–600 stúdentar séu sam- eða tvíkynhneigðir. Peir sem til þekkja segja ljóst að sumir samkynhneigðir starfsmenn við skólann líði fyrir það að geta ekki talað um fjölskyldu sínu á sama hátt og samstarfsfólkiað, ýmist vegna þess að óviðeigandi þykir að tala um maka af sama

kyni eða viðkomandi treystir sér ekki til þess að tala opinberlega um hagi sína jafnvel þótt samstarfsfólkis viti hvernig málum er háttað.

Skýrsluhöfundur spurði viðmælendur sína um afstöðu til jafnréttis í víðum skilningi, þ.e. um stöðu minnihlutahópa við Háskóla Íslands og áherslu á réttindi þeirra. Skemmt er frá því að segja að viðmælendum töldu kynhneigð stúdenta og starfsmanna ekki skipta máli: „Ef við byrjum á samkynhneigð þá finnst mér kynhneigð nemenda engum koma við nema þeim sjálfum. Mér finnst ekki ástæða til að líta á þá sem sérstakan hóp, þetta er bara einkamál hvers og eins og á ekki að skipta nám hans neinu máli. ... Mér finnst raunverulega að þetta ætti ekki að þurfa að vera neitt mál hvort sem þetta er starfsmaður eða nemandi, það á ekki að þurfa að vera mál.“ Sumir nefndu dæmi af samkynhneigðum samstarfsmönnum: „Fyrst og fremst verðum við að taka tillit til þessara þátta, þ.e. ef það þarf að taka tillit til þeirra. Ég meina, með samkynhneigða, það er enginn barrier þar sko. ... [nefnir dæmi um samkynhneigðan samstarfsmann] þannig að ég veit ekki til þess að það sé neitt vandamál eða hafi nokkurn tíman verið.“

Einn viðmælenda hafði orð á að staða samkynhneigðra hefði verið mun erfiðari „fyrir svo og svo mörgum árum síðan, reyndar ekki svo óskaplega mörgum, þegar ábyggilega margir samkynhneigðir hafa kvalist mikið, ekki nokkur spurning um það, hérrna í Háskólanum. Bara eins og þá annars staðar.“ Og annar talaði um að miklar framfarir hefðu orðið í þessum málum en sagði jafnframt: „Ég veit engin dæmi þess að samkynhneigðum sé mismunað“.

Ljóst er af viðbrögðum viðmælenda skýrsluhöfundar að þeir verða ekki varir við eða telja sig í það minnsta ekki verða vara við fordóma gagnvart samkynhneigðum. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart miðað við það sem áður hefur verið nefnt í sambandi við t.d. kynferðislega áreitni, sem er „falið“ vandamál. Ætla má að hið sama gildi um fordóma og áreiti vegna samkynhneigðar. Af þeim sökum er áðurnefnd könnun, sem raunar verður gerð með tíðnikönnun um kynferðislega áreitni, mjög mikilvæg. Niðurstöður hennar gefa væntanlega vísbendingu um hvernig best sé að haga fræðslu. bæði til nemenda og starfsfólks.

Mikilvægur liður í því að uppræta fordóma og efla sjálfstraust ungs samkynhneigðs fólks er Félag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdента sem stofnað var árið 1999, en félagið hefur það m.a. að markmiði að efla fræðslu og umræðu um málefni samkynhneigðra og tvíkynhneigðra við Háskóla Íslands og vinna

að réttindamálum þeirra.<sup>121</sup> Rétt er að geta þess að í tilefni af 25 ára afmæli Samtakanna '78 er nú á vormisseri 2003 boðið upp á röð hádegisfyrlestra í Háskóla Íslands þar sem fjallað er um samkynhneigð og stöðu samkynhneigðra út frá ýmsum sjónarhornum. Að fundunum standa Samtökin '78 í samvinnu við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og FSS, Félag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdenta.<sup>122</sup> Þá var einn fundanna í fundaröðinni Vitundarvakning gegn fordóum, sem var samstarfsverkefni jafnréttisnefndar og stúdentaráðs á vormisseri 2002, tileinkaður samkynhneigð.

Skýrsluhöfundur telur mikilvægt að lögð verði áhersla á fræðslu um málefni samkynhneigðra og tvíkynhneigðra og að stúdentum og starfsmönnum verði bent á leiðir til þess að taka á vandamálum sem upp kunna að koma vegna erfiðleika í tengslum við kynhneigð þeirra. Er þá bæði átt við erfiðleika í tengslum við það að koma út úr skápnum og vegna áreitni og mismununar sem byggist á kynhneigð. Eins og fram kemur undir lok þessarar skýrslu, þar sem rætt er um leiðir til úrbóta, er mælt með því að jafnréttisnefnd, með stuðningi háskólayfirvalda, styðjist við stefnu Háskólans í Helsinki um aðgerðir gegn mismunun. Sú stefna er í senn aðgerðaáætlun og fræðsluefni því þar eru tekin dæmi um óviðeigandi og „mismunandi“ orðalag og hegðun – og þar er tekið á bæði beinni mismunun og óbeinni.

#### *Fatlaðir stúdentar og starfsmenn*

Ekki þarf annað en ganga um eldri byggingar Háskóla Íslands til þess að sjá hve illa þær voru, og eru sumar enn, í stakk búnar til þess að taka við líkamlega fötluðum stúdentum og starfsmönnum. Þetta kom skýrt fram í máli sumra viðmælenda skýrsluhöfunda.

Þess eru dæmi að fatlaðir nemendur hafa horfið frá námi við Háskólann vegna meintrar mismununar og leitað réttar síns fyrir dómstólum.<sup>123</sup> Háskólinn hefur hins vegar undanfarin ár unnið markvisst að því að bæta aðstöðu fatlaðra við skólann. Skólinn setti sér heildarstefnu um málefni fatlaðra árið 1995 þar sem sagði m.a. að skólinn liðsinnti „fötluðum stúdentum og leitar úrræða í samræmi við þarfir þeirra, eftir því sem við verður komið hverju sinni.“ Námsráðgjöf Háskólans hafði


<sup>121</sup> Sjá upplýsingar um félagið, markmið þess og ýmislegt sem varðar málefni sam- og tvíkynhneigðra á heimasíðu félagsins: [www.gay.hi.is](http://www.gay.hi.is)

<sup>122</sup> Fyrilestrarnir hafa verið gefnir út. Sjá: *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir **og** Þorvaldur Kristinsson (Reykjavík, 2003).

<sup>123</sup> Sjá t.d. dóm Hæstaréttar nr. 177/1998.

yfirumsjón með þjónustu við fatlaða nemendur samkvæmt þessari stefnu og árið 1999 var tekið upp það fyrirkomulag að Námsráðgjöf gerði sérstaka samninga við fatlaða stúdenta um sértæk úrræði. Þannig þótti best tryggt að hver einstaklingur fengi þá þjónustu sem hann þyrfti á að halda. Nýnemar geta merkt við á skráningareyðublöðum hvort þeir hafi einhverjar sérþarfir. Í kjölfarið eru þeir kallaðir í viðtal og brugðist við með viðeigandi hætti.

Mikil fjölgun hefur orðið í hópi þeirra sem njóta sértækra úrræða í námi við Háskóla Íslands vegna fötlunar eða hömlunar. Gera má ráð fyrir að saman fari að sífellt fleiri fatlaðir einstaklingar fari til náms en einnig að aukin úrræði og aðstoð innan Háskólans hafi þau áhrif að fleiri leiti sér hjálpar.



**Mynd 22 Fjöldi fatlaðra stúdenta sem naut sérúrræða við Háskóla Íslands 1999-2003.** Heimild: Námsráðgjöf Háskóla Íslands

Árið 2002 var samþykkt stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra og reglur um sértæk úrræði í námi við Háskóla Íslands. Í stefnunni segir:

Markmið Háskóla Íslands er að skapa fötluðum stúdentum og starfsfólki þau skilyrði sem gerir þeim kleift að taka virkan þátt í háskólastarfinu. Samkvæmt stefnu þessari er fötlun skilgreind í sinni víðstu merkingu og tekur til hreyfi- og skynhamlana, andlegra veikinda, sértækra námsörðugleika og tímabundinna líkamlegra og sálrænna vandamála sem áhrif hafa á athafnir daglegs lífs. Stefnan tekur einnig til almennings sem sækir opinbera viðburði á vegum skólans.

Markmið stefnunnar er:

- að fatlað starfsfólk og stúdentar hafi aðgang að viðeigandi stuðningi og gerðar séu breytingar sem miða að því að gera þeim kleift að taka virkan þátt í háskólastarfin
- að skoðanir einstakra stúdenta og starfsfólks séu ávallt teknar til greina þegar þarfir þeirra eru metnar
- að þeir sem vinna með fötluðum, hvort sem um er að ræða vinnufélaga, kennara eða stúdenta, fái nauðsynlegar upplýsingar og fræðslu
- að stúdentum og starfsfólki sem verður fyrir áfalli sem leiðir til fötlunar sé gert kleift að halda áfram að stunda þá vinnu eða það nám sem það valdi sér
- að fatlaðir geti tekið þátt í opinberum samkomum sem haldnar eru á háskólasvæðinu
- að háskólasvæðið sé aðgengilegt og öruggt fyrir fatlaða með þeim takmörkunum sem eldri byggingar setja

Sérstakt ráð, skipað af háskólaráði hefur yfirumsjón með málefnum fatlaðra í umboði rektors og háskólaráðs. Jafnréttisfulltrúi stýrir ráðinu og lögfræðingur Háskólans er því innan handar um ráðgjöf. Líkt og í jafnréttisáætlun skólans bera deildarforsetar, skorarformenn, forstöðumenn stofnana, skrifstofustjórar deilda og framkvæmdastjórar stjórnsýslusviða ábyrgð á að einstökum ákvæðum stefnunnar sé framfylgt en endanleg ábyrgð á framkvæmd hennar hvílir á háskólaráði og rektor. Þá segir: „Námsráðgjöf Háskóla Íslands hefur umsjón með málefnum fatlaðra stúdenta og leggur til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og fylgir eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá aðila sem málið varðar.“ Í 1. grein reglna um málefni fatlaðra við Háskóla Íslands segir:


Stúdentar við Háskóla Íslands, sem búa við fötlun, hömlun eða sérþarfir sem á einhvern hátt geta verið hindrun í háskólanámi, eiga rétt á að njóta sértækra úrræða lögum samkvæmt og eftir því sem mælt er fyrir um í reglum þessum.

Tilgangurinn með því að veita sértæk úrræði í námi er að þeir sem búa við fötlun eða sérþarfir hafi sambærileg tækifæri og aðrir til þess að nýta hæfileika sína til náms.

Aðstoðin felur á engan hátt í sér að dregið sé úr eðlilegum námskröfum eða þeim hagað með öðrum hætti gagnvart þessum hópi stúdenta en almennt gildir.<sup>124</sup>

---

<sup>124</sup> Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra er aðgengileg á netinu, sjá: [www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/stefna%20mf%20140602.html](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/stefna%20mf%20140602.html) og reglur um sértæk úrræði eru á slóðinni: [www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/reglur%20mf%20140602.html](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/reglur%20mf%20140602.html)



**Mynd 23** Hér má sjá skiptingu milli mismunandi sviða fötlunar eða hömlunar miðað við þá nemendur sem nutu sérúrræða á árunum 2000–2002. *Heimild: Námsráðgjöf Háskóla Íslands*

Ljóst er af stefnunni og þeim reglum sem settar eru að Háskólinn leitast við að koma til móts við margvísleg form fötlunar þótt gera megi betur, en talsverð gagnrýni kom fram á stefnuna þegar hún var kynnt á háskólafundi í maí 2002, þ.e. hún þótti ekki ganga nógum langt.

Margir viðmælenda skýrsluhöfundar létu í ljósi áhyggjur af stúdentum sem þjást af geðrænum vandamálum án þess að láta kennara sína (eða aðra viðeigandi aðila) vita af því. Af þessum sökum gætu kennarar eða forsvarsmenn deilda eða skora ekki alltaf brugðist rétt við þegar upp kæmu vandamál sem eiga rætur að rekja til slíkra veikinda. Þótt viðmælendurnir teldu nauðsynlegt og sögðu reyndar sínar deildir gera hvað þær gætu til að koma til móts við vandamál stúdenta og starfsmanna, og færu að tilmælum Námsráðgjafar, þá veltu sumir þeirra fyrir sér hversu langt ætti að ganga, þ.e. spurðu hvort fötlun væri í engu tilfelli raunveruleg hindrun í að stunda ákveðið nám eða ákveðna atvinnu. „Hvað á maður að vera mikið fatlaður til þess að hann eigi sama rétt til náms og aðrir og hvaða möguleika hefur hann til þess að nýta sér það. Þetta er ákaflega erfitt,“ sagði einn viðmælenda en benti um leið á að fyrir fatlaðan einstakling væri mikill sigur að ljúka prófi „og það getur vel skeð að það sé læknandi á sinni hátt. Pannig að ég er fylgjandi því að það sé gengið eins langt og manni finnst skynsamlegt.“

Í máli sumra þeirra sem skýrsluhöfundur ræddi við kom fram að þeir fundu til óöryggis vegna þessa málaflokks og það örlar á tortryrggini vegna lengri prófatíma.

Einn viðmælenda sagði t.d. að menn hefðu síðustu ár velt talsvert fyrir sér hvar mörkin til þess að fá sérstök úrræði lægju:

Menn viðurkenna t.d. með dyslexíu en hver eru mörkin, er það að vera útlendingur að vera fatlaður? Af því að hann kann ekki málið almennilega og á þá að fá lengri tíma? Og svo spyrja menn ef menn eru með litla greind eiga þeir þá ekki að fá sérstaka aðstoð og lengri tíma? En mér hefur sýnst þetta færast meira í þá átt að það eru að verða til meiri standardar um hvað eru eðlileg frávik. Þá hafa menn fengið sjúkdómsgreiningar og það hefur farið meira í þá átt að menn treysta námsráðgjöfum fyrir þessu og fara bara eftir því sem þeir segja í staðinn fyrir að komast að sjálfstæðri niðurstöðu um hvort nemandinn þurfi 15 eða 30 mínútur. Ég man að þetta var að ergja menn fyrir nokkrum árum en það hefur breyst. Veit ekki annað en þetta sé í sæmilegum farvegi.

Skýrsluhöfundi virðist ljóst að stórefla þurfi kynningu á fötlun, í víðum skilningi, svo stjórnendur við Háskóla Íslands átti sig betur á hvað um er að ræða, þ.e. hin mismunandi form fötlunar og geti betur brugðist við þörfum hvers og eins. Í þessu ljósi má minna á fötlunarfræði sem tiltölulega nýtt viðfangsefni íslenskra fræðimanna.<sup>125</sup> Rannsóknir fræðimanna á þessu sviði eru mikilvæg undirstaða aukins skilnings á fötlun og aðgerða til þess að jafna aðbúnað og tækifæri fatlaðra til náms og starfa. Því er ástæða til að hvetja jafnréttisnefnd og Háskóla Íslands til þess að nýta sér þá sérþekkingu sem er að skapast á þessu fræðasviði við stefnumótun og starf í þágu fatlaðra við Háskóla Íslands.

Þá mætti taka til athugunar hvort skynsamlegt væri að setja á fót eins konar útibú Námsráðgjafar í stóru deildunum, en sumir forsvarsmenn deilda höfðu á orði að það gæti orðið til góðs, bæði fyrir nemendur og starfsmenn, að hafa meiri nálægð við Námsráðgjöf.

---

<sup>125</sup> T.d. Margrét Margeirs dóttir, *Fötlun og samfélag. Um þróun í málefnum fatlaðra* (Reykjavík, 2001). – Rannveig Traustadóttir, „Fötlunarfræði: sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði.“ *Fötlunarfræði: nýjar íslenskar rannsóknir*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir (Reykjavík, 2003). – Rannveig hefur auk þess birt fjölda greina í tímaritum og bókum um málefni fatlaðra og annarra minnihlutahópa. Jafnframt má geta þess að Rannveig tekur nú þátt í norrænu verkefni um jafnréttisorðræðu þar sem hún beinir sjónum að þremur hópum: innflytjendum, samkynhneigðum og fötluðum og greinir opinbera stefnu og ráðandi orðræðu um kynferði og jafnrétti.

### *Erlendir stúdentar og starfsmenn*

Þegar viðmælendur skýrsluhöfundar ræddu um málefni minnihlutahópa má segja að hlutur erlendra stúdenta og starfsmanna hafi verið þeim efst í huga. Háskólaárið 2000–2001 voru 422 erlendir stúdentar frá 54 löndum í námi við Háskóla Íslands en árið 2002 var fjöldi erlendra stúdenta við skólann 559. Stór hluti þessara nemenda kemur til náms við Háskólann vegna stúdentaskipta, en Háskóli Íslands hefur átt í formlegum stúdentaskiptum frá 1989.

Fram kom í máli forsvarsmanna deilda að leitast er við að koma til móts við erlenda nemendur, sem í fæstum tilfellum tala eða skilja íslensku, þegar kemur að prófum. Sumar deildir hafa sett sér ákveðnar reglur um hvernig prófum skuli hártað, þ.e. þýðingar prófa af íslensku yfir á t.d. ensku. Þá fjölgar námskeiðum sem kennd eru á ensku og í sumum deildum er beinlínis rætt um hvort kenna ætti ákveðna hluta námsins á ensku. Í verkfræðideild er t.d. M.S.-námið aðeins kennt á ensku en deildin leggur mikið uppúr alþjóðlegu samstarfi, bæði að senda stúdenta utan og að taka á móti erlendum stúdentum. Fram kom að kennrar hafa lagt talsvert á sig til þess að aðstoða þá erlendu nemendur sem eru í námskeiðum hjá þeim, t.d. með því að taka þá í nokkurs konar einkatíma og jafnvel útbúa námsefni á ensku handa þeim þar sem það hefur ekki verið til staðar. Þetta kallar á mikla vinnu og menn hafa spurt sig hvort þetta sé hluti af starfinu – hvort ekki sé eðlilegt að greitt sé sérstaklega fyrir vinnu af þessu tagi. Viðmælendur skýrsluhöfundar bentu líka á að meiri áhersla á kennslu á ensku og mikill sveigjanleiki og aðstoð vegna tungumálaörðugleika væri tvíbent. Hvers vegna ættu íslenskir stúdentar, jafnvel nýnemar, að þurfa að sitja undir enskum fyrirlestrum í íslenskum háskóla? Og sumir rifjuðu upp að þeir hefðu ekki fengið neinar tilslakanir þegar þeir voru útlendingar í námi við erlenda háskóla. Þá var bent á erlendir stúdentar, a.m.k. þeir sem kæmu til lengri dvalar, yrðu einfaldlega að læra íslensku.

Hins vegar þarf Háskólinn að laga sig að kröfum stúdenta (og þá um leið samstarfsháskóla í stúdentaskiptum) sem koma til náms í skamman tíma, í eitt til tvö misseri, og taka afstöðu til þess hvernig best verði staðið að málum. Forsvarsmenn deilda töldu þarf að vinna að málefnum erlendra stúdenta og litu á það sem þýðingarmikinn þátt í alþjóðavæðingu Háskóla Íslands, eða eins og einn þeirra orðaði það: „Langflestir eru þó tilbúnir til þess að taka þátt í að alþjóðavæða betur þetta umhverfi sem við erum í. Að við séum ekki bara þiggjendur í öllu svona alþjóðasamstarfi.“

Heimspekideild Háskóla Íslands hefur ein deilda ráðið sérstakan alþjóðafulltrúa til starfa, en hann sinnir alþjóðasamstarfi, sem er mikið í deildinni, og erlendum stúdentum. Vafalaust er full þörf á sambærilegri stöðu hjá öðrum stórum deildum sem eru virkar í stúdentaskiptum því brýnt er að stúdentar, jafnt erlendir sem innlendir, séu vel upplýstir um réttindi sín og skyldur.

Á fundi jafnréttisnefndar Háskóla Íslands 30. október 2002 var samþykkt skipan starfshóps um málefni erlendra nemenda og starfsmanna við Háskólann. Vinn starfshópsins felst í því að gera faglega úttekt á stöðu þessara hópa skólann og setj fram tillögur til úrbóta. Jafnframt er það meðal verkefna starfshópsins að gera tillög um útvíkkun jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands þannig að hún nái til þessara hópa. Gísli Fannberg, verkefnisstjóri á kennslusviði, stýrir vinnu starfshópsins. Jafnréttisfulltrúi Háskólans starfar með starfshópnum og Tryggi Þórhallsson lögfræðingur veitir starfshópnum ráðgjöf um lagaleg sjónarmið.

Réttindi og kjör erlendra sendikennara þarfnaðast úrbóta sagði einn forsvarsmana deilda. Þeir eru ekki ráðnir af Háskóla Íslands heldur viðkomandi löndum, og oft á slæmum kjörum sem háskólakennrarar hér og hagsmunasamtök þeirra geta ekki haft áhrif á.

Það er því ljóst að málefni erlendra stúdenta og starfsmanna eru meðal þarfra verkefna Háskóla Íslands næstu misserin.

## Starf jafnréttisfulltrúa

Frá upphafi var ljóst að starf jafnréttisnefndar var umfangsmikið og krefjandi og tæplega á færi nefndarmanna að sinna því sem skyldi með öðrum störfum. Snemma vetrar árið 1999 réði nefndin Rós Erlingsdóttur til að starfa tímbundið að verkefnum nefndarinnar en Rósa er með M.A.-gráðu í stjórnmálafræði með áherslu á kynjafræði. Hún átti m.a. að sjá um heimasíðu nefndarinnar, útgáfu bæklings um kynferðislega áreitni, stýra og undirbúa átaksverkefni um jafnara námsval kynjanna, undirbúa komu Ninni Hagman í janúar 2000 (sjá nánar í kafla um kynferðislega áreitni) og hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar fyrir Háskóla Íslands, auk annarra verkefna.<sup>126</sup> Haustið 2000 var Rósa ráðin í 30% starf hjá jafnréttisnefnd en hún stýrði einnig verkefni nefndarinnar og samstarfsaðila hennar um jafnara námsval kynjanna í 70% starfi.

Haustið 2001 var auglýst eftir jafnréttisfulltrúa í hálft starf við Háskóla Íslands. Rósa Erlingsdóttir var ráðin í starfið frá 1. janúar 2002 en var áfram verkefnisstjóri átaksverkefnisins um jafnara námsval kynjanna og starfshlutfall hennar því samanlagt 100%.<sup>127</sup> Verkefnisstjórnarhlutinn var fjármagnaður af fyrirtækjum og ráðuneytum. Þegar átaksverkefninu lauk í árslok 2002 varð starfshlutfall jafnréttisfulltrúa hins vegar 50% og hefur þróngur fjárhagur Háskóla Íslands ekki leyft að það hlutfall verði hækkað. Þetta hlutfall verður endurskoðað með hliðsjón af fjárhagsramma Háskólans fyrir árið 2005.

Samkvæmt starfslýsingu er markmið jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands annars vegar að fylgja eftir jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og hins vegar „að veita stjórnendum og öðru starfsfólk Háskólans ráðgjöf um jafnréttismál.“ Jafnréttisfulltrúi ber jafnframt ábyrð á framkvæmd jafnréttisáætlunarinnar í samstarfi við framkvæmdastjóra stjórnsýslusviðs og jafnréttisnefnd Háskólans. Þegar gripið er niður í einstaka verkþætti í starfslýsingu jafnréttisfulltrúa segir m.a. að hann skuli fylgjast með að farið sé að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna í starfsemi Háskólans, að farið sé að lögum sem gilda um stöðu fatlaðra, samkynhneigðra, útlendinga o.s.frv. Þá er jafnréttisfulltrúa ætlað að hafa frumkvæði að aðgerðum í jafnréttismálum í samráði við jafnréttisnefnd o. fl. ef þurfa þykir og

<sup>126</sup> Fundargerð jafnréttisnefndar 16/11 1999.

<sup>127</sup> Fundargerð jafnréttisnefndar 2/10 2001. Rósa Erlingsdóttir tók til starfa sem jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands 1. janúar 2002.

vinna að stefnumótun og áætlunum á sviði jafnréttismála. Jafnréttisfulltrúa er ætlað að hafa umsjón með könnunum sem gerðar eru á vegum jafnréttisnefndar og sjá um upplýsingaöflun og gagnavinnslu um jafnréttismál. Jafnréttisfulltrúi situr fundi jafnréttisnefndar, svarar erindum og hefur umsjón með fjármálum nefndarinnar og jafnréttisfulltrúi tekur við kvörtunum, t.d. vegna kynferðislegrar áreitni. Loks sinnir jafnréttisfulltrúi „öðrum verkefnum sem tengjast starfinu og jafnréttisfulltrúa eru falin hverju sinni“, eins og segir í starfslýsingu.<sup>128</sup> Af þessu má sjá að starfssviðið er yfirgripsmikið og í samantekt um starf jafnréttisfulltrúa árið 2002, sem tekið var saman fyrir stjórnsýslusvið HÍ, kemur fram að jafnréttisfulltrúi hefur setið í fjölda nefnda í tengslum við starf sitt og jafnréttisnefndar og tekið þátt í ráðstefnum og málþingum um jafnréttismál. Þá hefur jafnréttisfulltrúi verið í nánum tengslum við jafnréttisfulltrúa við háskóla víða um heim, ekki síst á Norðurlöndum og í Pýskalandi, til þess að nýta þá þekkingu og reynslu sem þar hefur fengist af jafnréttisstarfi við háskóla og í vísindasamfélagi.<sup>129</sup>

Jafnréttisfulltrúi heyrir undir akademísa stjórnsýlu og hefur í umboði rektors og í samstarfi við jafnréttisnefnd umsjón með framkvæmd jafnréttismála við Háskóla Íslands.

Athygli vekur að þrátt fyrir að jafnréttisfulltrúi sé tiltölulega hátt settur í skipuriti skólans hefur hann ekki aðgang að fundum sem telja verður mikilvægt að jafnréttisfulltrúi sitji, eigi hann að sinna ofangreindri starfsskyldu sinni. Annars vegar er um að ræða vikulega fundi framkvæmdastjórnar, þar sem málefni Háskólans eru rædd, og hins vegar háskólfundur, sem haldinn er tvívar á ári. Í lögum um Háskóla Íslands segir:

Háskólfundur er samráðsvettvangur háskóladeilda og háskólastofnana. Háskólfundur vinnur að þróun og eflingu Háskóla Íslands og mótar og setur fram sameiginlega vísinda- og menntastefnu háskólans. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólfundar um hvaðeina sem varðar starfsemi háskólans og deilda hans.

Háskólfundur er ályktunarbær um þau málefni sem honum eru falin samkvæmt lögum þessum eða reglum settum með stoð í þeim. Ályktanir

<sup>128</sup> Starfslýsing jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands í 50% starfshlutfalli, tók gildi 1. janúar 2002.

<sup>129</sup> Nefna má Center of Excellence for Women and science í Pýskalandi, <http://www.cews.uni-bonn.de>. Þá á jafnréttisfulltrúi sæti í sérfraeðinganeftnd Evrópusambandsins um jafnréttisstefnu í vísindasamféluginu.

háskólfundar skulu kynntar háskólaráði, rektor, deildarforsetum, forstöðumönnum háskólastofnana og öðrum þeim er þær kunna að varða. Ákvörðunum háskólaráðs eða annarra stofnana háskólans verður ekki skotið til háskólfundar.<sup>130</sup>

Í jafnréttisáetlun Háskóla Íslands segir: „Stefnt er að því að jafnréttissjónarmið verði samþætt allri starfsemi háskólasamfélagsins. Það þýðir að jafnrétti kynjanna verði haft í huga við alla stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð.“<sup>131</sup> Jafnréttisfulltrúa Háskólans er ætlað að fylgja jafnréttisáetluninni eftir og vinna að stefnumótun og áætlunum á sviði jafnréttismála.<sup>132</sup> Með hliðsjón af ofangreindu telur skýrsluhöfundur mikilvægt að jafnréttisfulltrúi hverju sinni eigi sæti á fyrrnefndum fundum. Á þann hátt yrði sú þekking sem jafnréttisfulltrúi hverju sinni býr yfir nýtt að fullnustu við stefnumótun og ákvarðanatöku. Ein grundvallarforsenda þess að samþætting jafnréttissjónarmiða takist er sú að unnið sé að henni á *öllum stigum* stefnumótunar. Það þarf því að skoða sjónarhorn jafnréttis þegar á *umræðustigi*, ekki aðeins þegar komið er að því að taka ákvörðun.

Skýrsluhöfundi hefur verið bent á að á áðurnefndum fundum séu engar endanlegar ákvarðanir teknar og því óþarfi að jafnréttisfulltrúi eigi þar sæti. Jafnframt að þeir sem sitja áðurnefnda fundi, og starfsmenn stjórnsýslu Háskóla Íslands, séu fullfærir um að halda fram sjónarmiðum jafnréttis. Skýrsluhöfundi þykir rétt að taka fram að hann efast ekki um vilja eða getu starfsmanna Háskólans til þess að vinna að framgangi jafnréttismála en ítrekar að mikilvægt er að sérfræðiþekking jafnréttisfulltrúa, eins og annarra sérfræðinga, sé nýtt. Góður vilji og áhugi annarra starfsmanna er hins vegar nauðsynlegur til þess að árangur náist en sá áhugi nýtist best þegar honum er beitt samhliða sérfræðiþekkingu.

Þá hefur skýrsluhöfundi verið bent á að erfitt geti reynst að veita jafnréttisfulltrúa aðgang að framkvæmdastjórnarfundum vegna stöðu hans í skipuriti Háskólans. Og að aðgangur jafnréttisfulltrúa myndi kalla á spurningar um aðgang fleiri aðila. Ákvörðun um að veita jafnréttisfulltrúa aðgang að framkvæmdastjórnarfundi getur því reynst snúin og kallað á breytingar á skipuriti. Skýrsluhöfundur telur engu að síður að seta jafnréttisfulltrúa á

<sup>130</sup> Lög um Háskóla Íslands nr. 44/1999, 7. gr.

<sup>131</sup> *Jafnréttisáetlun Háskóla Íslands 2000–2004*, bls. [2].

<sup>132</sup> Starfslysing jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands frá 1. janúar 2002.

framkvæmdastjórnarfundum og háskólafundum myndi leiða til farsælla starfs að jafnréttismálum og hvetur því til þess að fundin verði leið til þess að veita jafnréttisfulltrúa aðgang áðurnefndum fundum.

Eins og áður hefur komið fram er jafnréttisáætlun Háskólangs metnaðarfullt plagg sem nær fyrst og fremst til jafnrar stöðu kvenna og karla og með útvíkkun á starfssviði jafnréttisnefndar árið 2001 lýsti Háskólinn yfir vilja til þess að starfa af krafti að málefnum fatlaðra, samkynhneigðra og erlendra náms- og starfsmanna.

Ljóst er að stórhuga áætlunum fylgir umtalsverður kostnaður en svo virðist sem stjórnvöld og stjórnendur stofnana og fyrirtækja eigi oft erfitt með að fylgja áætlunum sínum eftir á sannfærandi hátt. Benda má á gagnrýni Jafnréttisstofu á stjórnvöld í skýrslu nefndar um opinbera stefnumótun frá 2002. Þar segir að helsti veikleiki framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sé „misræmi milli háleitra og mikilvægra markmiða annars vegar og hins vegar þess að forsendur séu tryggðar til að framkvæma það sem áætlað er með raunhæfu fjármagni.“<sup>133</sup> Hér má einnig nefna fjórar meginforsendur þess að samþætting takist: Það eru *pólitískur vilji, fjármagn, fræðsla og sérfræðipekking*. Það er dýrt að halda úti metnaðarfullu jafnréttisstarfi en eins og dr. Teresa Rees sagði á fundi um jafnréttismál í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur 28. apríl 2003 er enn dýrara að aðhafast ekkert því að þá fer mannauður til spillis.<sup>134</sup>

Skýrsluhöfundur hvetur því til þess að fundin verði leið til þess að hækka starfshlutfall jafnréttisfulltrúa úr þeim 50% sem nú er í 100% þegar unnið verður að fjárhagsáætlun ársins 2005.

---

<sup>133</sup> *Jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun. Nefndarálit* (Reykjavík, 2002), bls. 13.

<sup>134</sup> Sjá einnig: Teresa Rees, „Gender Mainstreaming: Misappropriated and Misunderstood?“

## **Viðhorf, mat og framtíðarsýn stjórnenda við Háskóla Íslands**

Viðmælendur skýrsluhöfundar voru spurðir hvort þeir söknuðu einhvers í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands, hvort þeir vildu sjá tekið á þáttum sem ekki væru nefndir þar – jafnframt hvort þeir hefðu tillögur að því hvernig best væri unnið að því að koma á jafnrétti kvenna og karla. Þeir voru einnig spurðir hvernig þeim þætti hafa til tekist í jafnréttisstarfi við Háskólann; hvernig jafnréttisnefndin hefði staðið sig og jafnréttisfulltrúi Háskólans.

Þegar hefur verið tæpt á nokkrum svörum við þessum spurningum, þar sem það hefur átt við, en segja má að meginniðurstaðan sé sú að viðmælendur skýrsluhöfundar telji jafnréttisstarfið hafa verið til góðs. Þeir kváðust yfirleitt ekki sjá neitt neikvætt við starfið, hvorki hjá nefndinni né jafnréttisfulltrúanum, helst þó að einkum heyrðist til nefndarinnar þegar eithvað bjátaði á. Af þeim sökum væri hægt að álykta að nefndin/jafnréttisfulltrúin væri í of miklu eftirlitshlutverki. Og rétt er að ítreka það sem nefnt var áður að ekki virðast allir átta sig á starfi jafnréttisfulltrúans og þætti hans í starfsemi jafnréttisnefndar.

Fram kom í máli viðmælenda að nauðsynlegt væri að ganga varlega um dyr í jafnréttismálunum og varast „stuðandi“ ummæli í þeim efnum. Jafnréttisumræðan væri viðkvæm og því bæri að varast það sem gæti vakið andúð. Skýrsluhöfundur tekur undir að starf að jafnréttismálum krefst mikillar og góðrar samskiptahæfni af hálfu allra þeirra sem að því koma en bendir jafnframt á að umræða um jafnréttismál er í eðli sínu ögrandi og því erfitt að koma í veg fyrir andstæðar skoðanir og viðbrögð.

Almennt virtust viðmælendur ánægðir með framgang jafnréttismála og einn þeirra kvaðst telja að vitund um jafnrétti hefði almennt aukist í samfélaginu og að jafnréttismálin hefðu komið meira upp á yfirborðið. Þá kom fram að markvisst væri unnið að því að fjölga konum í nefndarstörfum á vegum Háskólans en jafnframt sagði einn viðmælenda það sína reynslu að erfitt væri að fá konur til nefndasetu.

Í máli eins viðmælenda skýrsluhöfundar kom fram að hann taldi að konur ættu erfiðara uppdráttar innan stjórnsýslu Háskólans en í deildunum og hann kvaðst búinn að sjá að jafnrétti kæmi ekki af sjálfu sér, það sýndi sig m.a. í því ósamræmi sem væri milli þess fjölda kvenna sem lyki háskólaprófi og hlutfalls kvenna í valdastöðum, bæði innan háskólasamfélagsins og í atvinnulífinu.

Viðmælendur skýrsluhöfundar kváðust flestir einskis sakna í jafnréttisáætluninni, töldu hana ágæta sem slíka og þeir höfðu ekki hugmyndir um sérstakar aðgerðir til

þess að jafna hlut kvenna og karla við Háskólann. Nokkrir nefndu þó að þarfた væri að skoða framgangskerfi háskólamanna með tilliti til kvenna og karla og ef í ljós kæmi að framangur kvenna væri hægari en karla mætti reyna að uppræta þá þætti sem því kynnu að valda. Einn viðmælenda skýrsluhöfundar ræddi sérstaklega um það vandamál sem einelti er og kvaðst hafa orðið vitni að því þegar kennari var lagður í einelti í einni deild Háskólans fyrir nokkrum árum. Viðmælandinn taldi þörf á upplýsingu og fræðslu, að fólk væri vakið til vitundar um þessi mál, hvað fælist í einelti og hvaða úrræði væru í boði. Skýrsluhöfundur tekur undir þessi orð en eins og fram hefur komið í skýrslunni viðgengst einelti og mismunun í ýmsum birtingarmyndum við Háskóla Íslands. Einelti er einn þeirra þátta sem spurt er um í tíðnikönnun um áreiti sem send var út á vordögum 2003.

Viðmælendur voru spurðir sérstaklega um málefni minnihlutahópa, eins og áður hefur verið rætt, og þá hvort þeir teldu rétt að forgangsraða þessum málum. Spurt var hvort þeir teldu að jafnrétti minnihlutahópa ætti að vega þyngra en jafnrétti kynjanna. Viðmælendur töldu þarf og nauðsynlegt að vinna að jafnréttismálum í víðum skilningi en hikuðu við að taka afstöðu til forgangsröðunar, töldu æskilegt að vinna að þessum málum samhliða þótt gott og nauðsynlegt gæti verið að efna til sérstakra átaksverkefna um ákveðin málefni. Einn viðmælenda kvaðst efins um að rétt væri að setja jafnrétti minnihlutahópa og jafnrétti kynjanna undir sama hatt. Hann kvaðst telja að þá yrði minni áhersla lögð á jafnrétti kynjanna því öll orkan færi í minnihlutahópana þar sem byggja þyrfti upp stoðkerfi. Jafnrétti kynjanna, sagði hann, snýst um hugsun og viðhorf en jafnrétti minnihlutahópa ennþá um reglugerðir, lagasetningar og praktísk úrræði. Hann sagðist hafa áhyggjur af stöðu minnihlutahópa við skólann en velti fyrir sér hvort þeir ættu að vera á könnu jafnréttisnefndar, hvort það ætti ekki frekar að vera Námsráðgjöf og jafnvel deildirnar sjálfar sem sæju um uppbyggingu stoðkerfisins. Í framhaldi af þessu má nefna að á ráðstefnu sem haldin var 28. apríl 2003 um útvíkkun jafnréttishugtaksins var í umræðum varað við því að „henda“ framkvæmd og ábyrgð á málefnum minnihlutahópa inn á borð jafnréttisfulltrúa háskóla því þeir væru yfirleitt með menntun og þekkingu á sviði kynjajafnréttis. Það væri einfaldlega ekki hægt að ætlast til þess að þeir yrðu sérfræðingar í málefnum fatlaðra, samkynhneigðra o.s.frv. Hins vegar kom fram að hægt væri og æskilegt að nýta ýmislegt úr þeirri hugmyndafræði og aðgerðaáætlunum sem gerðar hafa verið með kynjajafnrétti í huga til þess að rétta hlut annarra hópa. Þar eru einkum nefnd grundvallarviðmið sem eiga við alla jafnréttisbaráttu: Lýðræði,

þjónustu, gagnsæi, sanngirni, réttlæti og hlutdeild margra í stefnumótun og ákvarðanatöku. Sérfræðiþekking er aftur á móti mismunandi eftir hópum og hið sama á við um aðferðafræði.<sup>135</sup>

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir teldu rétt að bregðast við kynbundnu námsvali og reyna með einhverjum hætti að jafna kynjahlutföll innan deilda og skora. Langflestir töldu rétt að vinna gegn kynbundnu námsvali og hvetja karla til þess að stunda nám á svokölluðum kvennasviðum, einkum hjúkrun, jafnframt því sem konur væru hvattar til þess að stunda nám í t.d. verkfræði, stærðfræði og eðlisfræði. Einn viðmælenda benti á að vænleg leið til árangurs gæti falist í sérstökum námsstyrkjum, t.d. til karla í doktorsnámi í hjúkrun. Í þessu sambandi má nefna að Orkuveita Reykjavíkur hefur um nokkurra ára skeið veitt styrki til kvenna í verkfræði og Félagsþjónusta Reykjavíkurborgar veitir sérstaka styrki til karla í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Jafnframt var ráðist í sérstakt kynningarátak til þess að fjölga karlnemendum. Í samstarfi við jafnréttisfulltrúa HÍ var gerður kynningarbæklingur um námið þar sem sérstaklega var höfðað til karla og er það mat karlkynsnemenda í félagsráðgjöf að þessi markvissa kynning eigi stóran þátt í því líklega myndu þríkarlar útskrifast úr faginu árið 2003. Á þeim 20 árum sem félagsráðgjöf hafði verið kennd við skólann höfðu aðeins 12 karlmenn útskrifast á móti 171 konu.<sup>136</sup> Ástæða er til þess að hvetja Háskóla Íslands til frekara starfs á þessu sviði.

Þegar rætt var um kynbundið námsval kvaðst einn viðmælenda telja að verkfræðideild hefði unnið gott starf við að hvetja konur til náms við deildina en í ljós kom að þessi sami viðmælandi vissi ekki að átaksverkefnið var samstarfsverkefni jafnréttisnefndar (og þar með Háskóla Íslands) og fjölmargra annarra aðila, undir stjórn jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands. Þessi ummæli eru athyglisverð í því ljósi að til var að sumir viðmælendur kváðust ekki hafa hugmynd um hvað jafnréttisnefnd eða jafnréttisfulltrúi væru eða ættu að gera en dáðust í næsta orði að því sem gert væri innan einstakra deilda eða Háskólans í heild – án þess að tengja það við opinbert starf Háskólans að jafnréttismálum.

Forsvarsmenn deilda voru spurðir hvort deildir gættu þess að kynningarefni og námsefni höfðaði jafnt til beggja kynja. Hvað námsefnið varðar töldu forsvarsmenn deilda að það væri á hendi hvers kennara og deildin sem slík hefði ekkert með það að

<sup>135</sup> Ráðstefnan *Jafnrétti kynja – jafnrétti allra* 28. apríl 2003. Aðalfyrirlesari var dr. Teresa Rees, prófessor við Cardiff-háskóla í Wales, [www.cf.ac.uk/socsi/whoswho/reesT.html](http://www.cf.ac.uk/socsi/whoswho/reesT.html).

<sup>136</sup> Pétur Gauti Jónsson og Eymundur Garðar Hannesson, „Jafnara kynjahlutfall í félagsráðgjöf“, *Morgunblaðið* 14/12 2002.

gera. Kynningarefni deilda og skora virðist þó oftast vera þannig úr garði gert að það gefi ekki einhæfa mynd af faginu og þar sem vitund um kynjaslagsíðu er til staðar (eins og í verkfræðideild) er leitast við að hafa sem jöfnust hlutföll kynjanna í kynningarefninu jafnvel þótt það endurspegli ekki veruleikann í deildinni.

Jafnréttisfulltrúi Háskólans fór yfir allar þróunaráætlanir deilda árið 2002 með tilliti til jafnréttisáætlunar skólans og var flestum deildum m.a. bent á að huga að kynningarefni. Í sumum deildanna var ekkert minnst á jafnréttismál í þróunaráætlununum. Þegar skýrsluhöfundur hafði orð á því í viðtölum við forsvarsmenn deilda sögðu þeir ýmist að ástæðan væri sú að þeim þætti jafnrétti svo sjálfsagt að það gefur ekki komið til tals að ræða það sérstaklega eða þeir sögðu hugsunarleysi um að kenna. Á þessu eru að sjálfsögðu undantekningar og gekk heimspekideild lengst í því að taka tillit til jafnréttissjónarmiða. Skiptar skoðanir voru þó innan deildarinnar um ágæti þess að taka svo afdráttarlaust undir stefnu jafnréttisnefndar og jafnréttisáætlun skólans.

Viðmælendur voru sérstaklega spurðir um það ákvæði jafnréttisáætlunarinnar að ráða skuli þann af því kyni sem er í minnihluta á því starfssviði sem um ræðir þegar tveir jafnhæfir eða fleiri sækja um starfið. Meirihluti viðmælenda skýrsluhöfundar var tvístígandi í þessu máli, enda eru sértækar aðgerðir umdeilt jafnréttistæki. Viðmælendurnir virtust sumir líta þannig á að væri kona ráðin á grundvelli þessa ákvæðis væri hún ráðin eingöngu vegna kyns en ekki hæfni. Í það minnsta vildu ekki allir viðmælendurnir segja hreint út að þeir myndu beita þessu ákvæði ef á reyndi en ljóst er að ekki er mikils stuðnings að vænta fyrir róttækari aðgerðir, s.s. kvóta eða eyrnamerkingar.

Einn viðmælenda kvaðst skilja ákvæði jafnréttisáætlunarinnar svo að það ætti við um stjórnsýslueiningu, þ.e. deildina en ekki skorir, og vísaði til dóms Hæstaréttar í máli Helgu Kress. Þar af leiðandi þyrftu deildir þar sem hlutfall kvenna og karla í kennari liði væri jafnt ekki að horfa til þessa ákvæðis við mannaráðningar. Þessi skilningur kom skýrsluhöfundi á óvart því hann hefði talið að þessu ákvæði væri ætlað að taka á stöðunni í skorum ekki síður en deildum, enda mikil kynjaslagsíða innan margra skora. Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur Háskóla Íslands var af þessum sökum beðinn um álit á því hvort átt væri við deild eða skor með þessu ákvæði jafnréttisáætlunar Háskólans. Niðurstaða Tryggva er sú að hugtakið „starfssvið“ sem notað er í forgangsreglu jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands kveði ekki skýrt á um hvort um sé að ræða deild eða skor. Hann segir:

Það er því niðurstaða mín að uns nánari skýring á hugtakinu „starfssvið“ verður tekin upp í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands, sé líklegt að rúm merking verði lögð í hugtakið og að tilhneiting muni verða til þess að meta fjölda kennara eða sérfræðinga af hvoru kynni innan deildar þegar forgangsreglu er beitt. Því verður að telja ólíklegan þann skýringarkost, að „starfssvið“ nái einungis til skorar og sömuleiðis að meta eigi kynjaskiptingu eftir starfsheitum, hvort sem er innan deildar eða Háskólans í heild.

Tryggvi útilokar þó ekki að ef á reyndi yrði forgangsreglunni beitt þannig skoðuð yrði kynjaskipting „bæði innan viðkomandi skorar og viðkomandi deildar.“ Fyrir þessu eru hins vegar engin fordæmi. Tryggvi telur mikilvægt að skýrar sé kveðið á um það í jafnréttisáætlun Háskólans hvað við sé átt og segir að því hljóti „að vera nærtækt að háskólaráð taki af skarið í því efni við næstu endurskoðun áætlunarinnar.“<sup>137</sup>

Þótt sértækar aðgerðir hafi verið viðurkennt tæki til þess að jafna hlut kvenna og karla eru skiptar skoðanir um ágæti þeirra og hve langt eigi að ganga. Þetta kemur m.a. fram í viðtali við dr. Cathrine Egeland sem skrifaði doktorsritgerð sína um kynjahindranir (kønsbarrier) á æðri stigum menntunar og rannsóknarstofunum í Danmörku. Hún segir að háskólafólk eigi mjög erfitt með að sætta sig við sértækar aðgerðir vegna þess hve mjög það trúir á kynhlutleysi háskólasamfélagsins. Mestu um þessa afstöðu ræður sú sannfæring háskólafólks að við stöðuveitingar sé eingöngu horft til hæfni. Rætt var við Egeland vegna deilna um jafnréttisáætlun Háskólans í Ósló fyrir árin 2000–2004. Þar var gert ráð fyrir sértækum aðgerðum til þess að auka hlut kvenna í hópi kennara og styrkþega (stipendium og post doc). Tilgangurinn var að auka hlut kvenna í þeim fögum þar sem karlar eru í miklum meirihluta. Þetta vakti talsverðar deilur og loks kærur sem enduðu með því að EFTA-dómstólinn dæmdi eyrnamerkingar Óslóarháskóla ólögmætar. EFTA-dómstóllinn tekur mið af réttarvenju Evrópuðómstólsins sem heimilar enga mismunun, jafnvel þótt henni sé beitt tímabundið til þess að rétta hlut annars kynsins eða minnihlutahóps. Þá var ekki tekið tillit til þess að aðgerðirnar voru í samræmi við norsk lög, vilja háskólayfirvalda og höfðu hlotið jákvæða umsögn kærunefndar jafnréttismála. Þá var heldur ekki tekið

---

<sup>137</sup> Minnisblað 5. maí 2003. Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur: Skýring forgangsreglu um veitingu starfa við Háskóla Íslands.

tillit til þess að þær kennarastöður sem um ræddi voru allar á fagsviðum þar sem konur voru í miklum minnihluta.<sup>138</sup> Hins vegar bendir dómurinn á að:

reynslan sýni að við mat á hæfni séu það öðru fremur ákveðin atriði eða þættir sem séu til þess fallnir að gera hlut kvenna lakari í samanburði við karla. Í þessu sambandi taldi dómstóllinn að með því að hafa þessa þætti í huga og með því að leggja áherslu á að sérstök reynsla kvenna geti verið mikilvæg við mat á hæfni til að gegna akademískum störfum á hinum ýmsu sviðum ætti að vera unnt að bæta stöðu kvenna.<sup>139</sup>

Þetta er mikilvæg viðurkenning á þeirri óbeinu mismunun sem getur falist í mati á hæfni kvenna og karla til að gegna ákveðnum stöðum.

Hér á landi hefur sértaekum aðgerðum aldrei verið beitt á þann hátt að stöður hafi verið eyrnamerkar konum heldur hafa karlar og konur sótt um störf á jafnréttisgrundvelli og þau hefur átt að meta á jafnréttisgrundvelli. Dómar sem fallið hafa um brot á jafnréttislögum benda hins vegar til þess að það dugi konum ekki að vera jafnhæfar eða jafnvél hæfari þegar sótt er um störf. Rétt er að ítreka að ákvæði jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands um sértaekar aðgerðir byggist á þeirri grundvallarforsendu að umsækjendur séu jafnhæfir og geta komið báðum kynjum til góða.

Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, lýsti yfir stuðningi við jafnréttismál í ræðu sem hann hélt á fundi um konur og rektorskjör árið 1997 og tók undir það sjónarmið femínista að fjölgun kvenna í æðri stöðum við Háskólann gerist ekki sjálfkrafa, þ.e. haldist ekki í hendur við þann fjölda kvenna sem lýkur háskólanámi. Páll kvaðst telja að háskólayfirvöld ættu „að kappkosta að styrkja konur og styðja til hinna æðri starfa í Háskólanum.“<sup>140</sup> Hér má skjóta inn í að einn forsvarsmanna deilda nefndi sérstaklega í viðtali við skýrsluhöfund að innan hans deildar væri leitast við að hvetja þær konur í kennaraliðinu, sem væru langt komnar með doktorsnámið, til þess að ljúka þeim áfanga sem fyrst. Þetta fælist helst í að reyna að liðka til á einhvern hátt, léttu af þeim

<sup>138</sup> „Skift fokus i likestillingsdebatten!“ Viðtal við Cathrine Egeland, <http://wo.uio.no/as/WebObjects/avis.woa/wa/visArtikkel?id=2543&del=uniforum>. – Handlingsplan for likestilling UIO 2000–2004, [www.admin.uio.no/opa/likest/handlplan.html](http://www.admin.uio.no/opa/likest/handlplan.html). – „Trulig dom mot kvinneprofessorat“, viðtal við Lise Christensen jafnréttisráðgjafa Óslóarháskóla, <http://wo.uio.no/as/WebObjects/avis.woa/wa/visArtikkel?id=2543&del=uniforum>

<sup>139</sup> Fréttatilkynning um EFTA-dóminn var birt á heimasíðu Jafnréttisstofu: [www.jafnretti.is/Press%20Release.htm](http://www.jafnretti.is/Press%20Release.htm) en dóminn sjálfan er hægt að skoða á pdf-formi á <http://www.eftacourt.lu/pdf/01-02AdvisoryOpinion-E.pdf>

<sup>140</sup> „Jafnréttisstefna“, fundur 3. apríl 1997: Konur og rektorskjör. Sjá, [www.hi.is/~pallsk/jafnretti.html](http://www.hi.is/~pallsk/jafnretti.html)

stjórnunarálagi o.s.frv. Þessi viðmælandi kvaðst í sjálfu sér ekki geta sagt til um árangurinn en deildin sýndi í það minnsta viðleitni. Skýrsluhöfundur telur það afar jákvætt ef deildir (og þá um leið Háskóli Íslands) leggur sig fram um að fylgjast með kennurum og starfsfólki, sýna sveigjanleika og hvetja til framgangs í starfi.

Í áðurnefndu erindi lagði Páll Skúlason áherslu á nauðsyn jafnréttisfræðslu og uppbyggingar kynjafræða. Páll sagði réttmæta þá kröfu kvenna að tekið sé fullt tillit til sjónarmiða þeirra og að staða þeirra sé virt á sama hátt og karla, valdi togstreitu og spennu. Páll sagði: „Markmið jafnréttisbaráttu á að vera að eyða þessari spennu og skapa andrúmsloft gagnkvæmrar viðurkenningar og virðingar á milli kynjanna, sem útrýmir því öryggisleysi og þeim ótta sem einkenna slíka togstreitu og spillir samskiptum okkar.“

Þegar upp er staðið er ljóst að frá því millifundaneftnd var fyrst sett á laggirnar árið 1995 hefur mikið áunnist í jafnréttisstarfi við Háskóla Íslands og ekki að ósekju að af mörgum sé litið til Háskólans sem fyrirmynðar í þessum efnum, eins og var draumsýn Páls í áðurnefndu erindi. Hins vegar hefur ekki tekist sem skyldi að eyða spennu og koma á gagnkvæmri virðingu og viðurkenningu milli kynjanna og því er mikilvægt að vinna áfram að þessu markmiði.



## Aðgerðir – horft til framtíðar

Af því sem fram kemur í skýrslunni er ljóst að við Háskóla Íslands er mikil þörf á fræðslu um jafnréttismál í víðum skilningi.

Fræðsla og sampætting jafnréttissjónarmiða er grundvöllur markviss jafnréttisstarfs. Hið fyrnefnda er á ábyrgð jafnréttisnefndar – og hún á einnig að fylgja sampættingu eftir en þar liggar ábyrgðin fyrst og fremst hjá stjórnendum Háskóla Íslands.

Benda má á að í skýrslu Nefndar um opinbera stefnumótun í jafnréttismálum kemur fram það mat Jafnréttisstofu að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna gegni lykilhlutverki við að sampætta jafnréttis- og kynjasjónarmið í alla stefnumótun og starf á vegum ríkisins. Frá fyrstu áætluninni 1986 hafa orðið stórstígar framfarir í þá átt. Næsta áætlun, 2004–2008, á að hafa alla möguleika á að tryggja lokaskrefið í átt til sampættingar jafnréttis- og kynjasjónarmiða í alla stefnumótun og allt starf á vegum ríkisins. Til að svo megi verða telur Jafnréttisstofa að gera þurfi stórfellt fræðsluátak og ætla aukið fjármagn til þeirra sem eiga að tryggja framkvæmdina og eftirfylgnina.<sup>141</sup> Ástæða er til að benda Háskóla Íslands á þessa athugasemd Jafnréttisstofu, en Jafnréttisstofa gagnrýndi ríkisvaldið fyrir ósamræmi milli háleitra markmiða í jafnréttismálum og þess fjármagns sem veitt var til málaflokkssins. Vilji Háskóli Íslands vera í fararbroddi í jafnréttismálum og sýna í verki að skólinn líður enga mismunun, hvorki beina né óbeina, verður að veita fé til málaflokkssins og starfa að honum af einurð.

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands hefur sinnt fræðslumálum, s.s. námskeiðshaldi, útgáfu bæklinga og tekið þátt í fundum og ráðstefnum þar sem jafnréttismál eru til umræðu, sbr. fyrri umfjöllun. Gagnrýna má að nefndin hafi ekki staðið fyrir stöðugri fræðslu fyrir starfsmenn Háskólans og unnið markvisst að kynningu jafnréttisstarfsins í deildunum. Halda verður námskeið og kynningarfundir reglulega og jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi verða að hafa frumkvæði að því að kynna jafnréttisstarfið og jafnréttisáætlunina. Viðtöl skýrsluhöfundar við forsvarsmenn deilda leiða í ljós að þótt skýrt sé kveðið á um það í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands að ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar sé í höndum deildarforseta, skorarformanna, forstöðumanna, skrifstofustjóra og framkvæmdastjóra, og þannig gert ráð fyrir frumkvæði af þeirra hálfu, virðist nauðsynlegt að frumkvæðið komi frá jafnréttisnefndinni eða

---

<sup>141</sup> Jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun. Nefndarálit (Reykjavík, 2002).

jafnréttisfulltrúa. Jafnréttissjónarmið eða samþætting jafnréttissjónarmiða hefur einfaldlega ekki fest sig nógu vel í sessi.

Ólíklegt er að allir þeir sem málið varðar (deildarforsetar, skrifstofustjórar, skorarformenn og aðrir yfirmenn) telji sig þurfa á því að halda að sækja námskeið um jafnréttismál. Af þeim sökum er nauðsynlegt að boða þá á námskeið – viðtöl skýrsluhöfundar bentu til þess að í þeim deildum þar sem ekki er að finna kynjaslagsíðu í hópi nemenda eða kennara telji menn jafnréttismál ekki koma sinni deild/skor við.

Jafnframt eru stjórnendur innan Háskólangs hvattir til þess að sýna frumkvæði í jafnréttismálum, m.a. með því að óska eftir fræðslu eða kynningu og með því að beina hugmyndum um aðgerðir til jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúans. Aukið samstarf getur dregið úr þeirri spennu sem óneitanlega fylgir jafnréttisstarfinu. Aðspurðir kváðust forsvarsmenn deilda gjarnan vilja fá fræðslu út í deildirnar, þ.e. fá jafnréttisfulltrúann á skorarfundi eða deildarfund þar sem eins konar kynning færí fram og hægt væri að spryja spurninga. Slík kynning gæti orðið til góðs en markviss fræðslunámskeið, þar sem aðilar jafnt innan HÍ sem utan sæju um kennslu, eru nauðsynleg.

Ekki ríkir einhugur inna Háskóla Íslands um hvernig standa eigi að jafnréttismálum og hverjar megináherslurnar skuli vera. Vart verður við óánægju meðal kvenna, sem telja að konur eigi örðugar uppráttar innan skólans og að hlutur kvenna í stjórnsýslu og valdakerfi Háskólangs sé fyrir borð borinn. Jafnfram heyrast þær raddir að nú sé nóg komið af jafnréttisumræðu og allt sem þurfi er að konur sanni sig á sama hátt og karlar. Margir hafa hins vegar bent á að málið sé flóknara svo að konur þurfi að sanna sig. Hin breska Teresa Rees, prófessor við Cardiff-háskóla í Wales og sérfræðingur í samþættingu jafnréttismála, er ein þeirra sem bent hefur á að ekki sé endilega jafnrétti að setja konu og karla við sama rásmark og segja þeim að keppa á jafnréttisgrundvelli því kerfið og reglur séu oftar en ekki sniðnar að körlum. Dr. Rees nefnir sem dæmi skemmtilega sögu frá Bretlandi þar sem haldið var sex vikna námskeið á vegum hersins í þeim tilgangi að velja karla og konur til herþjónustu. Konurnar stóðu sig jafnvel eða betur en karlarnir í mörgum prófanna en hins vegar áttu þær í stökustu erfiðleikum með marseringuna sem hópurinn var láttinn æfa daglega, þær fundu fyrir eymslum í mjöðum og sumar fóru beinlínis úr lið. Þegar málið var skoðað nánar kom í ljós að í reglugerð fyrir marseringu var gert ráð fyrir skreflengd sem samsvaraði meðalskreflengd meðalkarlmanns! Það að þurfa að

marsera í karlmannsskreflengd er í vissum skilningi myndlíking fyrir það sem samþættingin er að berjast við segir Rees.<sup>142</sup> Samþættingin gengur því út á að breyta kerfinu þannig að það taki tillit til mismunandi sjónarhorna og þarfa.

Skýrsluhöfundur telur mikilvægt að leitast verði við að sætta andstæð sjónarmið um jafnréttismál við Háskóla Íslands. Eðlilegt er að uppi séu andstæðar skoðanir á aðgerðum í jafnréttismálum en umræðan er viðkvæm og lendir gjarnan í skotgröfum – oft að nauðsynjalausu. Af þeim sökum þurfa þeir sem starfa að jafnréttismálum að vera samtaka í því að leita lausna og vinna að framgangi jafnréttismála.

---

<sup>142</sup> Teresa Rees, „Gender Mainstreaming: Misappropriated and Misunderstood?“



## **Heimildaskrá**

### **Prentuð rit, skýrslur og greinar:**

„Að kenna drengjum og stúlkum“ [Viðtal við Ingólf Á. Jóhannesson], *Morgunblaðið*

16. nóvember 2002.

„Fátt sem hvetur stúlkur til vísindalegs áhuga“, *Vísindaveisla. Sérblað um gróskuna í vísinda- og tæknisamfélaginu á Íslandi í tilefni af Vísindadögum 2002*, bls. 4.

„Fleiri konur í verkfræði og raunvísindi“ [Viðtal við Elviru Scheich], *Fréttabréf Háskóla Íslands 21:4 (1999).*

„Jafnréttisnefnd háskólaráðs“, *Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum* (haust 1998).

„Stjórnendur taki mið af stöðu kynjanna. Rætt við Sigríði Þorgeirsdóttur um jafnréttisnámskeið fyrir stjórnendur Háskólans“, *Fréttabréf Háskóla Íslands 20:7 (1998).*

„Tækni- og tölvunarfræði fyrir bæði kynin“ [Viðtal við Inga Jónasson kerfisfræðing við Háskólann í Skövde], *Fréttabréf Háskóla Íslands 22:2 (2000)*. Sjá einnig [www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/fraedsla/konurogvisindi.html](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/fraedsla/konurogvisindi.html)

„Vitundarvakning um fordóma“. Viðtal við Baldur Þórhallsson. *Fréttabréf Háskóla Íslands 4:23 (2001).*

*Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna innan Háskóla Íslands. Tillögur millifundaneftnar um jafnréttismál (apríl, 1997).*

Albertína Elíasdóttir, „Eru karlmenn í útrýmingarhættu í Háskóla Íslands“, *Stúdentablaðið 5. tbl. (2002)*, bls. 11.

*Árbækur Háskóla Íslands 1911-2001.*

*Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna. Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir og Guðrún Dís Jónatansdóttir (Reykjavík, 1998).*

Baldur Þórhallsson, „Jafnréttisstefna Háskóla Íslands“, *Lesbók Morgunblaðsins 30. nóvember 2002.*

Baldur Þórhallsson, *Equal rights at the University of Iceland.*

Ræða haldin við upphaf átaksins Vitundarvakning gegn fordómum, 1. desember 2001.

Brynja Sigurðardóttir og Steinunn Vala Sigfúsdóttir, „Parf að taka tillit til kvenna í raunvísindum“, *Morgunblaðið 14. nóvember 2002.*

COM (2000) 335 final. „Towards a Community Framework Strategy on Gender Equality (2001–2005).“

Eymundur Hannesson, „Skráning og brottafni nemenda við Háskóla Íslands“, B.A.-ritgerð í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands 2003, *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*.

Erindisbréf jafnréttisnefndar, sjá [www.hi.is/stofn/jafnrettisn](http://www.hi.is/stofn/jafnrettisn)  
Framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 2002–2004.  
[www.jafnretti.is/gogn/skyrsla%20um%20framkvaemdaetlun.htm#fylgiskjal](http://www.jafnretti.is/gogn/skyrsla%20um%20framkvaemdaetlun.htm#fylgiskjal).

Gísli Hrafn Atlason, „Karlar í kvennaheimi. Um íslenska karla í kvennastétt“, B.A.-ritgerð í mannfræði við Háskóla Íslands 1999, *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*.

Gísli Hrafn Atlason, „Karlar í kvennaheimi“, *19. júní* (1999).

*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland.* Ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík, 1997)

Hasse, Cathrine, „Det bestemte køn – kulturelle læreprocesser i akademia“, *Subjekt, politik og konstruktion: det jämförda Norden som framtidsverkstad*. Rapport från en nordisk forskningskonferens 28.2–1.3. 2002, Stockholm. Nikk Småskrifter nr. 8 (2002).

Henningsen, Inga. „Women in science – The Danish case“, *Gender & Research. Brussels, 8–9 November 2001*. Conference Proceedings (Brussels, 2002).

Husu, Liisa, „On metaphors on the position of women in academia and science“, *Nora. Journal of Women's Studies* 9:3. Gender in academia (2001).

Husu, Liisa, „Sexism, support and survival in academia: the Finnish experience“, *Gender & Research. Brussels, 8–9 November 2001*. Conference Proceedings (Brussels, 2002).

Hæstaréttardómar nr. 431/1995, nr. 11/2000, nr. 211:213/1993 og nr. 177/1998.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Karlafræði eða karlafræði? Vangaveltur um kynjarannsóknir í sagnfræði og menntunarfræði“, *Íslenska sögubingið 28.–31. maí 1997. Ráðstefnurit II*. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Reykjavík, 1998).

*Is there a Nordic feminism? Nordic feminist thought on culture and society.* Ritstj. Drude von der Fehr, Bente Rosenbeck og Anna G. Jónasdóttir (London, 1998).

*Íslenskar kvennarannsóknir 29. ágúst–1. sept. 1985* (Reykjavík, 1985).

*Jafnrétti og lýðræði? – konur og stjórnmál á Norðurlöndum.* Auður Styrkársdóttir  
stjórnmálafræðingur tók saman (TemaNord, 1999:566).

*Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000–2004* (Reykjavík, 2. útg., 2002).

*Jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun. Nefndarálit* (Reykjavík, 2002), sjá:  
<http://forsaetisraduneyti.is/interpro/for/for.nsf/pages/utg0045>.

Jón Torfi Jónasson, „Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar.“ Erindi flutt á  
málþingi um háskólastigið í Reykjavík 19/2 2000. – Jón Torfi Jónasson og  
Kristjana Stella Blöndal, *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á  
námsengi og afstöðu '75 árgangsins til náms* (Reykjavík, 2002).

Knudsen, Susanne V., „Barriers and careers in academia“, *NIKK-magasin* 3/2002.

*Konur í vísindum á Íslandi* (Reykjavík, 2002).

*Kvennablaðið* 31. desember 1919.

*Kynferðisleg áreitni: Fraðsla, fyrirbyggjandi aðgerðir* [Reykjavík, 2000].

*Kön in den akademiske organisation. Perspektive på kønsskævheden i forskningen og  
de højere uddannelser. Nogle resultater fra projekterne under  
forskningprogrammet: Kønsbarrierer i de højere uddannelser og forskningen.*

Ritstj. Lis Højgaard og Dorthe Marie Søndergaard. Arbejdspapir nr. 14.  
Institut for Stadskundskab við Kaupmannahafnarháskóla (Kaupmannahöfn,  
2002).

*Könnun á starfsaðstæðum og kjörum starfsmanna Háskóla Íslands*  
(Félagsvísindastofnun, 1996).

*Likestilte demokratier? Kjønn og politikk i Norden.* Ritstj. Christina Bergqvist o.fl.  
(Oslo, 1999).

Lykke, Nina, „Response to the Gender Impact Assessment of „Improving human  
research potential and the social-economic knowledge base“, *Gender &  
Research. Brussels, 8–9 November 2001. Conference Proceedings* (Brussels,  
2002).

Lög um Háskóla Íslands nr. 44/1999.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 65/1985.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

Lög um jafnlaunaráð nr. 37/1973.

Lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976.

- Lög um launajöfnuð kvenna og karla nr. 60/1961.
- Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.
- Lög um skipun barnakennara og laun þeirra nr. 75/1919.
- Magrét Jónsdóttir, Sigríður Þorgeirs dóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Hlufall kvenna í Háskóla Íslands, hættumerki – eða hvað?“ *Fréttabréf Háskóla Íslands* 24:2 (2002).
- Magrét Margeirs dóttir, *Fötlun og samfélag. Um þróun í málefnum fatlaðra* (Reykjavík, 2001)
- Morgunblaðið* 20. október 2000, 16. febrúar 2001 og 17. febrúar 2001.
- Morgunblaðið* 28. október 2000.
- Morgunblaðið* 29. september 2001.
- Morgunblaðið*. Sérblað um Háskóla Íslands 90 ára 29. september 2001
- NIKK-magasin* 2/2003 (Hvem er klasserommets vinnere og tapere?).
- Páll Valdimarsson, „Ímynd verkfræði og raungreina“, *Morgunblaðið* 29. nóvember 2003.
- Perspektiver på kønsskævheden i forskningen og de højere uddannelser – nogle resultater fra projekterne under forskningsprogrammet: Kønsbarrierer i de højere uddannelser og forskningen.* Ritstj. Lis Højgaard og Dorte Marie Søndergaard. Køn i den akademiske organisation, Arbejdspapir nr. 14, 2002.
- Pétur Gauti Jónsson og Eymundur Garðar Hannesson, „Jafnara kynjahlutfall í félagsráðgjöf“, *Morgunblaðið* 14. desember 2002.
- Rannveig Traustadóttir, „Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði.“ Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir. Ritstj. Rannveig Traustadóttir (Reykjavík, 2003).
- Rees, Teresa, „First results from the Helsinki Group on Women and Science: policy review“, *Gender & Research. Brussels, 8–9 November 2001*. Conference Proceedings (Brussels, 2002).
- Rees, Teresa, „Gender Mainstreaming: Misappropriated and Misunderstood?“ (fyrirlestur haldinn 21/2 2002), sjá [www.sociology.su.se/cgs/ReesPaper.doc](http://www.sociology.su.se/cgs/ReesPaper.doc) (sótt 27. apríl 2003)
- Rogg, Elisabet, „Passion and pain in academia“, *Nora. Journal of Women's Studies* 9:3. Gender in academia (2001).
- Rósa Erlingsdóttir, „Fréttir frá jafnréttisnefnd Háskóla Íslands“, *Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum* (vor, 2000).

Rósa Erlingsdóttir, „Jafnréttismál eru samfélagsleg nauðsyn“, *Morgunblaðið* 16. nóvember 2002.

Rósa Erlingsdóttir, „Námskeið um meðferð mála varðandi kynferðislega áreitni á vinnustöðum/í háskólum“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 22:1 (2000).

*Samkynhneigðir og fjölskyldulíf*. Ritstj. Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson (Reykjavík, 2003).

Schiebinger, Londa, *Has Feminism Changed Science?* (Cambridge, Mass., 1999)  
*Science policies in the European Union: Promoting excellence through mainstreaming gender equality* (Brussel, 2000).

Sharon Traweek, *Beamtimes and Lifetimes; The World of High Energy Physics*, Harvard University Press 1988.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Tvö kyn, tvö menntakerfi?“ Erindi flutt á Háskólapíngi 19/2 2000.

Sigríður Matthíasdóttir, „Kynferðisleg áreitni í háskólum“, *Sæmundur á selnum. Tímarit Háskóla Íslands*, 2:1 (1995).

Sigríður Þorgeirsdóttir, „Námskeið um kynferðislega áreitni“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 21:3 (1999), bls. 20.

*Skýrsla millifundanefndar háskólaráðs um mörkun stefnu í jafnréttismálum og framkvæmd hennar* (maí, 1996).

*Starfsmannastefna Háskóla Íslands* (Reykjavík, 2002).

Steindór J. Erlingsson, „Eiga mannvísindi heima í raunvísindum?“, *Morgunblaðið* 7. desember 2002.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944 (nr. 33/1944). Breyting samp. 25. febrúar 1995. (þskj. 817, 957/1995?)

*Stjórnartíðindi* 1909 A.

*Stjórnartíðindi* 1958 A.

*Stúdentar með fjölskylduábyrgð – aðstæður og úrbætur. Greinargerð starfshóps um mótun fjölskyldustefnu Háskóla Íslands* (Reykjavík, 2003).

Søndergaard, Dorte Marie, „Consensual and disensual university cultures: gender and power in academia“, *Nora. Journal of Women's Studies* 9:3. Gender in academia (2001).

Søndergaard, Dorte Marie, „Innledning.“ Workshop: Kønnede spor i akademia – definitionsmagt og drivkræfter. *Subjekt, politik och könskonstruktion: det jämförda Norden som framtidsverkstad*. Rapport från en nordisk

forskningskonferens 28.2–1.3. 2002, Stockholm. Nikk Småskrifter nr. 8 (2002).

V. Edda Benediktsdóttir „Aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna innan Háskóla Íslands”, *Fréttabréf Háskóla Íslands*, 5:19 (1997).

Viðhorfsrannsókn, febrúar–mars 2003. Jafnréttisátak. Háskóli Íslands. Gallup–IMG. Stúdentar.

Viðhorfsrannsókn, febrúar–mars 2003. Jafnréttisátak. Háskóli Íslands. Gallup–IMG. Verkefnisstjórn.

*Women in Academia – a Nordic Perspective. Proceedings from the conference in Oslo 7th–9th May 2001.* NorFA (Oslo, 2002).

*Women in Academia. Report of the working group appointed by the Academy of Finland.* Publication of the Academy of Finland 3/98 (Helsinki, 3. útg., 1999).

Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna 1998–2001.

Þorgerður Einarsdóttir, „Er menntun lykillinn að jafnrétti? Staða kvenna í háskólasamféluginu“, *Bryddingar. Um samfélagið sem mannanna verk* (Reykjavík, 2000).

Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða? Um þáttaskil í íslenskri jafnréttisumræðu“, *Ritið 2. Femínismi* (2002).

Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamunur í vinnumatskerfi háskólamanna“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 21:1 (1999).

Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamunur í vinnumatskerfi háskólamanna“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 21:1 (1999).

Þorgerður Þorvaldsdóttir, „*Kynlegar víddir í dómnefndarálitum?*“ *Er kynbundinn munur á umfjöllun um karl- og kvenumsækjendur í dómnefndarálitum Háskóla Íslands?* (Reykjavík, 2002).

Þórður Kristinsson. „Kynlegir kvistir: Karlar í hjúkrun.“ M.A.-ritgerð í mannfræði við Háskóla Íslands 2003, *Landsbókasafn - Háskólabókasafn*.

## **Fréttatímar Ríkisútværpsins – Kastljósið**

Kastljósið 13. nóvember 2002 þar sem Kristján Kristjánsson og Sigmar Guðmundsson ræddu við Guðfinnu Bjarnadóttur rektor Háskólans í Reykjavík.

Fréttir kl. 19, 18. nóvember 2002. Sigríður Margrét Guðmundsdóttir ræddi við Albertínu Elíasdóttur og Steinunni Völu Sigfúsdóttur.

Fréttir kl. 19, 19. nóvember 2002. Ríkissjónvarpið. Sigríður Margrét Guðmundsdóttir ræddi við Pál Skúlason rektor HÍ.

### **Heimildir af vefmiðlum:**

„Eru konur hræddar við stærðfræði?“ Án höfundarnafns á [www.deiglan.com](http://www.deiglan.com) 8/11 2002.

„Lego robot challenge aids learning“. BBC NEWS, 4. desember 2003,  
<http://news.bbc.co.uk/2/hi/technology/2517875.stm>.

„Skift fokus i likestillingsdebatten!“ Viðtal við Cathrine Egeland, 17/10 2001  
<http://wo.uio.no/as/WebObjects/avis.woa/wa/visArtikkel?id=2543&del=uniform>.

„Trulig dom mot kvenneprofessorat“. Viðtal við Lise Christensen jafnréttisráðgjafa Óslóarháskóla,  
<http://wo.uio.no/as/WebObjects/avis.woa/wa/visArtikkel?id=2543&del=uniform>.

Elva Dögg Melsteð, „Kvenréttindafulltrúi Háskóla Íslands“ á [www.tikin.is](http://www.tikin.is) 22/11 2002.

Erindisbréf jafnréttisnefndar Háskóla Íslands,  
Félag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra stúdenta, sjá [www.gay.hi.is](http://www.gay.hi.is).  
Fréttatilkynning birt á vefritinu Pressunni, [www.strik.is](http://www.strik.is), 8/11 2002.  
Fréttatilkynning um EFTA-dóm yfir Óslóarháskóla var m.a. birt á heimasíðu Jafnréttisstofu: [www.jafnretti.is/Press%20Release.htm](http://www.jafnretti.is/Press%20Release.htm) en dóminn er að finna á pdf-formi á <http://www.eftacourt.lu/pdf/01-02AdvisoryOpinion-E.pdf>.

Fundargerðir háskólaráðs er að finna á heimasíðu Háskóla Íslands, sjá <http://www2.hi.is/id/1001834>.

Fundargerðir jafnréttisnefndar Háskóla Íslands er að finna á heimasíðu nefndarinnar sjá, [www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/Fundargerdir](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/Fundargerdir).

*Fötlunarfræði: nýjar íslenskar rannsóknir.* Ritstj. Rannveig Traustadóttir (Reykjavík, 2003).

Hagstofa Íslands, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

Jafnréttisáætlun Óslóarháskóla 2000–2004,

[www.admin.uio.no/opa/likest/handlplan.html](http://www.admin.uio.no/opa/likest/handlplan.html).

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands: [www.hi.is/stjorn/jafnrettisn](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn) Á vefsíðunni er að finna margvíslegar upplýsingar um starf nefndarinnar, fundargerðir, erindisbréf o.fl.

Jafnréttisstarf Háskólans í Helsinki: [www.helsinki.fi/tasa-arvo/english/index.html](http://www.helsinki.fi/tasa-arvo/english/index.html).

Jafnréttisstarf Massachusetts Institute of Technology, MIT: <http://web.mit.edu/gep/>.

Jafnréttisstarf við Háskólan í Lundi: [www.lu.se/pers/Jamstalldhet/jamstall.htm](http://www.lu.se/pers/Jamstalldhet/jamstall.htm).

Jón Torfi Jónasson, „Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar.“ Erindi flutt á

málþingi um háskólastigið í Reykjavík 19. febrúar 2000. Sjá,  
[http://menntamalaraduneyti.is/mrn/mrn.nsf/Files/framtidislandshaskolathing/\\$file/Jón%20Torfi.pdf](http://menntamalaraduneyti.is/mrn/mrn.nsf/Files/framtidislandshaskolathing/$file/Jón%20Torfi.pdf).

Nordisk likestillingssamarbeide 2001–2005.

[www.norden.org/jaemst/sk/samarbetsprogram2001-2005.pdf](http://www.norden.org/jaemst/sk/samarbetsprogram2001-2005.pdf)

Páll Skúlason, „Jafnréttisstefna“, fundur 3. apríl 1997: Konur og rektorskjör. Sjá,  
[www.hi.is/~pallsk/jafnretti.html](http://www.hi.is/~pallsk/jafnretti.html).

Póstlistinn [feministinn@hi.is](mailto:feministinn@hi.is) 26. og 27. febrúar 2003.

Póstlistinn HI-STARF 30. ágúst 2002.

*Sjef og kvinner. Myter & fakta om kvinner i ledelse* (2002), sjá pdf-form

[www.kvinnebasen.no/nyheter/Sjef\\_og\\_kvinne.pdf](http://www.kvinnebasen.no/nyheter/Sjef_og_kvinne.pdf).

Stefna Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra er aðgengileg á netinu, sjá:

[www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/stefna%20mf%20140602.html](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/stefna%20mf%20140602.html) og reglur um  
sértæk úrræði eru á slóðinni:

[www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/reglur%20mf%20140602.html](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/reglur%20mf%20140602.html)

Torfi Kristjánsson, „Aulagreiði fulltrúans“ á [www.deiglan.com](http://www.deiglan.com) 9/11 2002.

Ulrikke Moustgaard, „Panik i skolegården“, *FORUM for køn og kultur* 8/9 2003, >  
<http://www.forum.kvinfo.dk/features/?id=1656670<>

*Vi vil! Slipp os til!* (2002), sjá [www.kvinnebasen.no/nyheter/farapport.htm](http://www.kvinnebasen.no/nyheter/farapport.htm).

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, „1+1=3 í stelpustærðfræði?“ á [www.tikin.is](http://www.tikin.is) 15/11 2002.

Þórður Kristinsson, „Kynlegir kvistir: Karlar í hjúkrun“, M.A. rigerð í þjóðfræði við  
Háskóla Íslands 2003, *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn*.

**Aðrar heimildir:**

Minnisblað 5. maí 2003. Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur: Skýring forgangsreglu um veitingu starfa við Háskóla Íslands.

Minnisblað Rósu Erlingsdóttur jafnréttisfulltrúa um ráðstefnu í Genova á Ítalíu 13.-16. apríl 2003. “3rd European Conference on Gender Equality in Higher Education“.

Minnispunktar til dómnefndar vegna nýráðningar þar sem umsækjendur eru fleiri en einn, 2003.

Samantekt um starf jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands, mars 2003.

Starfslysing jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands.



## **Viðaukar**



## Viðauki 1

### JAFNRÉTTISNEFND HÁSKÓLA ÍSLANDS

#### ÚTGEFIÐ EFNI

##### Bæklingar, skýrslur, úttektir og kannanir:

*Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000-2004* (Reykjavík, 2000).

*Kynferðisleg áreitni: Fraðsla, fyrirbyggjandi aðgerðir* (Reykjavík, 1999).

*Skýrsla millifundanefndar háskólaráðs um mörkun stefnu í jafnréttismálum og framkvæmd hennar* (maí, 1996).

Þorgerður Einarsdóttir, *Kynjamunur í vinnumatskerfi háskólamanna* (Febrúar, 1998).

Þorgerður Þorvaldsdóttir, *Kynlegar víddir í dómnefndarálitum. Er kynbundinn munur á umfjöllun um karl- og kvenumsækjendur í dómnefndarálitum Háskóla Íslands?* (Reykjavík, 2002)

##### Helstu greinar:

Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Fjölgun kvenna í vísindum-Ekki bara jafnréttisspursmál, heldur nauðsyn“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 24:1 (2002).

Margrét Jónsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Hlufall kvenna í Háskóla Íslands, hættumerki – eða hvað?“ *Fréttabréf Háskóla Íslands* 24:2 (2002).

Rósa Erlingsdóttir, „Ráðstefna um konur í vísindum“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 24:1 (2002). [http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/fraedsbla/konur\\_visindi.FHI.html](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/fraedsbla/konur_visindi.FHI.html)

Rósa Erlingsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjaslagsíða í vísindasamfélaginu? Jafn mikilvægt að fjölga konum í vísindum og stjórnsmálum“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 24:1 (2002).

Rósa Erlingsdóttir, „Jafnréttismál eru samfélagsleg nauðsyn“, *Morgunblaðið* 16. nóvember 2002.

Rósa Erlingsdóttir, „Námskeið um meðferð mála varðandi kynferðislega áreitni á vinnustöðum/í háskólum“, *Fréttabréf Háskóla Íslands* 22:1 (2000).

„Stjórnendur taki mið af stöðu kynjanna.“ Viðtal við Sigríði Þorgeirs dóttur formann jafnréttisnefndar Háskóla Íslands um jafnréttisnámskeið fyrir stjórnendur.

*Fréttabréf Háskóla Íslands, 20:3 (1998).*

„Vitundarvakning um fordóma.“ Viðtal við Baldur Þórhallsson, formann jafnréttisnefndar Háskóla Íslands. *Fréttabréf Háskóla Íslands 23:4 (2001).*

### **Fræðsla:**

*Konur og stjórnun.* Námskeið jafnréttisnefndar og starfsmannasviðs fyrir starfskonur við Háskólann. Leiðbeinendur voru Svafa Grönfeldt og Árelíía Guðmundsdóttir.

*Ást? Misskilningur? Valdníðsla? Um kynferðislega áreitni á vinnustöðum / í háskólum.* Opinn fyrirlestur fluttur af Ninni Hagman 17. maí 1999.

*Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum / í háskólum. Orsakir, afleiðingar, aðgerðir.* Námskeið jafnréttisnefndar, fyrri hluti, fyrir starfsmenn HÍ um kynferðislega áreitni á vinnustöðum / háskólum 18. maí 1999. Leiðbeinandi Ninni Hagman.

*Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum / í háskólum. Orsakir, afleiðingar, aðgerðir.* Námskeið jafnréttisnefndar, seinni hluti. Þjálfun stjórnenda, sáttasemjara og ráðgjafa. Fjallað var um hlutverk þessara aðila í að taka á og stöðva kynferðislega áreitni. Leiðbeinandi Ninni Hagman. 25-28. janúar 2000.

### **Ráðstefnur, málþing og fundir:**

*Fleiri konur í verkfræði og raunvísindi.*

Fyrirlestur Dr. Elviru Scheich vísindafélagsfræðings við Tækniháskólann í Berlín þar sem hún skýrði frá framkvæmdaáætlun skólans til að fjölga konum í verkfræði og raungreinum. Apríl 1999.

*Vitundarvakning gegn fordómum.*

Samstarfsverkefni jafnréttisnefndar og Stúdentaráðs. Málfundarröð í Norræna húsinu þar sem fjallað var um birtingarmyndir fordóma:

Fordómar gegn útlendingum, 28. janúar 2002

Fordómar gegn femínisma, 18. febrúar 2002

Fordómar gegn geðsjúkdómum, 18. mars 2002

Fordómar gegn samkynhneigð, 28. október 2002

Forvarnir gegn fordómum í félagslega kerfinu 11. apríl 2002

*Ráðstefna um konur í vísindum, fer mannauður til spillis?*

Ráðstefna haldin af menntamálaráðuneytinu í samstarfi við forsætisráðuneytið, Hagstofu Íslands, jafnréttisátak Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu, Rannsóknastofu í kvennafræðum og Rannsóknaráð Íslands. 22. mars 2002.

## **FRÆÐSLA, GREINASKRIF OG ÚTGÁFA JAFNRÉTTISNEFNDAR Í TENGSLUM VIÐ JAFNRÉTTISÁTAK**

### **Ráðstefnur, málþing og fundir:**

*Konur til forystu og jafnara námsval kynjanna.* Kynningarfundur um jafnréttisátak jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu. 26. október 2000. Verkefnið var kynnt í heild sinn fyrir nemendum, kennurum, fjöldum og öðru áhugafólki.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri afhenti styrki Orkuveitu Reykjavíkur til kvennemenda í verkfræði. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og verndari átaksverkefnisins flutti inngangserindi. Rætt var um stöðu kvenna í íslensku menntakerfi, í vísindasamfélagit og á vinnumarkaðnum.

*Lykillinn að velgengni á vinnumarkaði.* Kynningarfundur um bæklinginn Lykillinn að velgengni á vinnumarkaði. 28. nóvember 2001.

*Ráðstefna um konur í vísindum, fer mannauður til spillis?* Ráðstefna haldin af menntamálaráðuneytinu í samstarfi við forsætisráðuneytið, Hagstofu Íslands, jafnréttisátak Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu, Rannsóknastofu í kvennafræðum og Rannsóknaráð Íslands. 22. mars 2002.

### **Námskeið:**

*Búðu þig undir vinnumarkaðinn.* Sumarskóli jafnréttisátaks jafnréttisnefndar Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu í maí og júní 2001.

Námskeið um grundvallaratriði við stofnun fyrirtækja og gerð viðskiptaáætlana.

Námskeið í stjórnun lista og menningarstofnana.

*Stjórnunar- og starfsframanámskeið Pekingarsmiðju IMG.*

*Búðu þig undir vinnumarkaðinn. Stjórnunar- og starfsframanámskeið IMG. Haust 2001, vor 2002 og haust 2002.*

**Bæklingar:**

*Fleiri konur í verkfræði* (Háskóli Íslands, 2001).

*Fleiri konur í tölvunarfræði* (Háskóli Íslands, 2001).

*Lykillinn að velgengni að vinnumarkaði* (Háskóli Íslands, 2001).

**Helstu greinar:**

Guðmundur Ómar Hafsteinsson, „Jafnara námsval kynjanna“, *Morgunblaðið*

26. október 2000. [http://www.roskva.hi.is/greinar/jafnara\\_namsval.htm](http://www.roskva.hi.is/greinar/jafnara_namsval.htm)

„Fleiri konur í verkfræði og raunvísindi“ [Viðtal við Elviru Scheich]. *Fréttabréf*

*Háskóla Íslands* 21:4 (1999).

Rósa Erlingsdóttir, „Virkjum bæði kynin í þjóðfélagi framtíðar“, *Morgunblaðið* 10.

nóvember 2000.

<http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/Ataksverkefni/Mbl.nov.2000.doc>

Rósa Erlingsdóttir „Tækni- og tölvunarfræði fyrir bæði kynin“ [Viðtal við Inga

Jónasson, kerfisfræðing við háskólann í Skövde í Svíþjóð]. *Fréttabréf*

*Háskólans* 22:2 (2000).

<http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/fraedsla/konurogvisindi.html>.

## **Viðauki 2**

### **JAFNRÉTTISFULLTRÚI HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Seta í nefndum, ráðum og stjórnum

- 2000-2002 Verkefnisstjórn jafnréttisátaks Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu.
- 2001-2002: Formaður starfshóps um samstarfsverkefni jafnréttisnefndar og Stúdentaráðs um vitundarvakningu gegn fordóum.
- 2002 í kynningarnefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) og hjúkrunarfræðideildar H. Í.
- Frá janúar 2002: Sæti í stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum.
- Febrúar-september 2002: Fulltrúi stjórnar Rannsóknastofu í kvennafræðum í Nefnd um jafnrétti kynjanna við opinbera stefnumótun, skipuð af forsætisráðherra.
- Frá janúar 2002: Í forsvari vinnuhóps um málefni fatlaðra. Stefna og reglugerð um málaflokkinn var kynnt af jafnréttisfulltrúa á háskólfundi 23. maí 2002 og samþykkt af háskólaráði 19. júní 2002.
- Frá júní 2002: Formaður ráðs um málefni fatlaðra.
- Frá september 2002 í starfshópi um staðtolur í Háskóla Íslands.
- Frá september 2002 í jafnréttisnefnd Bandalagi háskólamanna (BHM)
- Frá september 2002 í samráðsnefnd Háskólans og Félags íslenskra framhaldsskóla um kynningu á námi í H.Í.
- Frá nóvember 2001 í samráðsnefnd um starfs- og hæfnismat skv. stofnanasamningi Félags háskólakennara.
- Frá nóvember 2002 í starfshópi jafnréttisnefndar um málefni erlendra starfsmanna og nemenda.
- Frá október 2002 í starfshóp jafnréttisnefndar um kynferðislega áreitni.
- Frá febrúar 2003 í starfshóp um fræðslu starfsmanna Háskóla Íslands.

## Viðauki 3

### Skiptar skoðanir um átaksverkefnið og jafnréttismál

Þrátt fyrir jákvæð viðhorf til verkefnis um jafnara námsval kynjanna og augljósa þörf á því að brjóta upp staðlaðar ímyndir bæði karlafaga og kvennafaga er ljóst að undir niðri ólgar óánægja og efasemdir um verkefni af þessu tagi. Umræða í fjölmíðlum, á póstlista háskólamanna og á netmiðlum síðari hluta árs 2002 sýnir þetta. Þar má segja að kristallast hafi andstæð viðhorf til sértækra aðgerða í jafnréttismálum og til þess hvaða málefni ætti að leggja áherslu á í jafnréttisstarfi Háskólans.

Í ágúst 2002 fór fram umræða á póstlista háskólastarfsmanna um réttmæti þess að hvetja konur sérstaklega til náms í ákveðnum fögum fyrst þær væru orðnar fleiri en karlar á háskólastigi. Um þetta voru skiptar skoðanir þar sem m.a. var rætt um hvers vegna þessi mikli fjöldi kvenna skilaði sér ekki í æðstu stöður innan háskóla- og vísindasamfélagsins, rætt var um framgangskerfi Háskóla Íslands og um fordóma gagnvart iðnámi, svo nokkuð sé nefnt. Jafnréttisnefnd var sökuð um „rangar“ áherslur, þ.e. að hún hefði ekki sinnt því sem skyldi að hvetja stráka til þess að fara í hefðbundin kvennafög.<sup>143</sup> Í kjölfarið fylgdi grein í *Stúdentablaðinu* þar sem spurt var hvort karlar væru í útrýmingarhættu við Háskólann. Þar var Háskólinn harðlega gagnrýndur fyrir áherslu á jafnrétti kvenna og karla og spurt hvort ekki væri nær að beina sjónum að öðrum hópum.<sup>144</sup> Þessari grein var svarað í *Fréttabréfi Háskóla Íslands* þar sem rætt var um kynbundið námsval, aldursdreifingu nemenda við Háskólann, framgang kvenna, launamuninn og loks bent á að áhersla á jafnrétti kvenna og karla útilokaði ekki að unnið væri jafnhliða að því að bæta stöðu minnihlutahópa við skólann.<sup>145</sup>

Hápunkti náði þó þessi umræða í nóvember í kjölfar svokallaðra Vísindadaga eftir að Rósa Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi ræddi um kennslufræði raungreina í

<sup>143</sup> HI-STARF 30. ágúst 2002. Bréfaskipti 7 einstaklinga. Í vörlu skýrsluhöfundar. – Einnig má benda á rannsóknir fræðimanna á kynjaskiptingu í skólum: T.d. Jón Torfi Jónasson, „Framtíð háskóla á Íslandi í ljósi sögunnar.“ Erindi flutt á málþingi um háskólastigið í Reykjavík 19/2 2000. – Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms* (Reykjavík, 2002). – Sjá einnig viðtal við Ingólf Á. Jóhannesson dósent á Akureyri þar sem m.a. var rætt um kynjaímyndir í skólum: „Að kenna drengjum og stúlkum“, *Morgunblaðið* 16/11 2002, bls. 43.

<sup>144</sup> Albertína Elíasdóttir, „Eru karlmenn í útrýmingarhættu í Háskóla Íslands“, *Stúdentablaðið* 5. tbl. (2002), bls. 11.

<sup>145</sup> Margrét Jónsdóttir, Sigríður Þorgeirs dóttir og Þorgerður Einarssdóttir, „Hlufall kvenna í Háskóla Íslands, hættumerki – eða hvað?“ *Fréttabréf Háskóla Íslands* 24:2 (2002), bls. 13–14.

morgunfréttatíma Ríkisútvarpsins 4. nóvember.<sup>146</sup> Þar ræddi hún m.a. um að opna þyrfti raunvíindi fyrir hug- og félagsvíindum, ræddi um sértækari aðgerðir til þess að laða stúlkur að náminu og um þá staðreynd að þær virtust hræðast stærðfræði. Í því sambandi ræddi hún um möguleika á að dregið yrði úr kröfum í stærðfræði í upphafi náms til þess að fleiri konur létu slag standa, en eins og fram hefur komið í meginmáli skýrslunnar virðast margar konur að ósekju líta á stærðfræði sem hindrun.<sup>147</sup> Mikil og hörð viðbrögð urðu við þessu. Fundur var haldinn í verkfræðideild 8. nóvember þar sem spurt var hvort konur væru hræddar við stærðfræði, greinar skrifaðar í *Morgunblaðið* og á vefmiðla þar sem efast var um ágæti átaks Háskólans um jafnara námsval kynjanna.<sup>148</sup>

Athyglisvert er að sjá að um leið og flestir höfundar þeirra greina sem hér er vísað til gagnrýndu að konur skyldu hvattar til náms í verkfræði, og lýstu þeirri skoðun sinni að sinna ætti körlum, fötluðum, samkynhneigðum og útlendingum, kusu þeir að horfa framhjá þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til til þess að jafna hlut kvenna og karla þar sem karlar eru í miklum minnihluta, félagsráðgjöf og hjúkrunarfræði. Þá var lítið um það starf sem unnið hefur verið í þágu minnihlutahópa við Háskólan, þótt vissulega megi gagnrýna að ekki hafi verið staðið betur að málum.

Um átök sem þessi og þá orðræðu þarna má sjá hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir. Áhugasönum er bent á neðangreind rit til frekari upplýsingar.<sup>149</sup>

<sup>146</sup> Í viðtalini var meðal annars brugðist við grein eftir Baldur Garðarsson líffræðing þar sem hann sagði m.a. að áhugaleysi kvenna á raunvíindum virtist „liggja í kveneðlinu“, en jafnframta að raunvíindin væru ekki nógum mannleg. Sjá Baldur Garðarsson, „Fátt sem hvetur stúlkur til vísindalegs áhuga“, *Vísindaveisla. Sérblað um gróskuna í vísinda- og teknisamfélaginu á Íslandi í tilefni af Vísindadögum 2002*, bls. 4. „Að kenna drengjum og stúlkum“, *Morgunblaðið* 16/11 2002, bls. 43.

<sup>147</sup> Peirri skoðun að gera þurfi raunvíindin mannlegri vex sifelt fiskur um hrygg: Sjá t.d. „Tækni- og tölvunarfræði fyrir bæði kynin“ [Viðtal við Inga Jónasson kerfisfræðing við Háskólan í Skövde], *Fréttabréf Háskóla Íslands* 22:2 (2000). [www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/fraedsla/konurogvísindi.html](http://www.hi.is/stjorn/jafnrettisn/fraedsla/konurogvísindi.html). – Einnig má benda á ráðstefnuritið *Gender & Research*, þar sem margir fyrirlesarar ræða nauðsyn þess að endurskoða kennslufræði raungreina og uppræta staðalmyndir um víindi og tækni, jafnframta að gera raunvíindi þverfaglegri og tengja þau betur við samfélagið. T.d. bls. 17–19, 241–47 og 283–87.

<sup>148</sup> „Eiga raunvíindin að laga sig að konum?“ Fréttatilkynning birt á vefritinu Pressunni á [www.Strik.is](http://www.Strik.is) 8/11 2002. – [án höfundarnafns], „Eru konur hræddar við stærðfræði?“ á [www.deiglan.com](http://www.deiglan.com) 8/11 2002. – Torfi Kristjánsson, „Aulagreiði fulltrúans“ á [www.deiglan.com](http://www.deiglan.com). – *Morgunblaðið* 10/11 2003. – Brynja Sigurðardóttir og Steinunn Vala Sigfusdóttir, „Parf að taka tillit til kvenna í raunvíindum“, *Morgunblaðið* 14/11 2002, bls. 34. – Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, „1+1=3 í stelpustærðfræði?“ á [www.tikin.is](http://www.tikin.is) 15/11 2002. – Elva Dögg Melsteð, „Kvenréttindafulltrúi Háskóla Íslands“ á [www.tikin.is](http://www.tikin.is) 22/11 2002. – Viðtal Sigríðar Margrétar Guðmundsdóttur við Albertínu Elíasdóttur í aðalfréttatíma sjónvarps kl. 19, 18/11 2002. – Páll Valdimarsson, „Ímynd verkfræði og raungreina“, *Morgunblaðið* 29/11 2003, bls. 39.

<sup>149</sup> Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Karlafræði eða karlafræði? Vangaveltur um kynjarannsóknir í sagnfræði og menntunarfræði“, *Íslenska sögubingingið 28.–31. maí 1997. Ráðstefnurit II. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Reykjavík, 1998)*, bls. 233–234. – Dorte Marie Søndergaard, „Innledning.“ Workshop: Kønnede spor i akademia – definitionsmagt og drivkræfter. *Subjekt, politik och könskonstruktion: det jämförda Norden som framtidsverkstad*. Rapport från en

Lítið var um greinar til stuðnings stefnu Háskólans eða jafnréttisfulltrúa hans en þó birtist ein grein þar sem rætt var um að æskilegt væri að breyta kennslufræði raungreina. Jafnframt grein þar sem bent var á að markvisst hefði verið unnið að því að fjölgum körlum í félagsráðgjöf, m.a. með sérstökum styrkjum frá Félagsþjónustunni í Reykjavík, sem eingöngu eru ætlaðir körlum.<sup>150</sup> Sjálf svaraði Rósa Erlingsdóttir jafnréttisfulltrúi með einni grein í *Morgunblaðinu*<sup>151</sup> og Páll Skúlason rektor kom fram í sjónvarpsfréttum þar sem hann lýsti því yfir að jafnréttisfulltrúinn ynni samkvæmt stefnu Háskólans.<sup>152</sup>

---

nordisk forskningskonferens 28.2–1.3. 2002, Stockholm. Nikk Småskrifter nr. 8 (2002), bls. 142. – Inga Henningsen, „Women in science – The Danish case“, *Gender and Research*, bls. 283–287. Hún vitnar til Sharon Traweek, *Beamtimes and Lifetimes; The World of High Energy Physics* (Harvard, 1988). – Gegnum glerþakið. Valdahandbók fyrir konur (Reykjavík, 1999), bls. 48-53.

<sup>150</sup> Stendór J. Erlingsson, „Eiga mannvísindi heima í raunvísindum?“, *Morgunblaðið* 7/12 2002. – Pétur Gauti Jónsson og Eymundur Garðar Hannesson, „Jafnara kynjahlutfall í félagsráðgjöf“, *Morgunblaðið* 14/12 2002.

<sup>151</sup> Rósa Erlingsdóttir, „Jafnréttismál eru samfélagsleg nauðsyn“, *Morgunblaðið* 16/11 2002.

<sup>152</sup> Fréttir kl. 19, 19/11, Ríkissjónvarpið. Sigríður Margrét Guðmundsdóttir ræddi við Pál Skúlason rektor.

## **Viðauki 4**

### **JAFNRÉTTISÁTAK HÁSKÓLA ÍSLANDS OG JAFNRÉTTISSTOFU**

Viðhorfsrannsókn febrúar-mars 2003 Gallup-IMG




Á næstu síðum má sjá valda kafla rannsóknarinnar.



**Hefurðu orðið mikið eða lítið var/vör við Átak Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu?**

**Finnst þér Átak Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu vera jákvætt eða neikvætt?**


**Finnst þér Átak Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu hafa skilað miklu eða litlu árangri?**




**Telur þú að slík verkefni skili miklum eða litlum árangri í jafnréttisbaráttu?**

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Virk-mörk +/-
Mjög miklum árangri	106	4,2	0,8
Frekar miklum árangri	890	35,4	1,9
Hvorki né	658	26,2	1,7
Frekar litlum árangri	509	20,2	1,6
Mjög litlum árangri	212	8,4	1,1
Engum árangri	141	5,6	0,9
<b>Miklum árangri</b>	<b>39,6</b>	<b>1,9</b>	
Hvorki né	26,2	1,7	
<b>Litlum árangri</b>	<b>28,7</b>	<b>1,8</b>	
Engum árangri	5,6	0,9	
<b>Fjöldi svara</b>	<b>2516</b>	<b>100,0</b>	
Tóku afstöðu	2516	79,6	
Tóku ekki afstöðu	645	20,4	
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>3161</b>	<b>100,0</b>	

Rúm 20% neituðu að svara þessari spurningu eða svoruðu 'veit ekki'.




**Greiningar**




\* Marktækt

**Ert þú sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: Það væri til góðs fyrir viðskiptalífið og hagkerfið ef fleiri konur væru í stjórnunarstöðum.**

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mörk +/-
Mjög sammála	1070	35,0	1,7
Frekar sammála	790	25,9	1,6
Hvorki né	890	29,2	1,6
Frekar ósammála	155	5,1	0,8
Mjög ósammála	148	4,8	0,8
Sammála		60,9	1,7
Hvorki né		29,2	1,6
Ósammála		9,9	1,1
Fjöldi svara	3053	100,0	
Tóku afstöðu	3053	96,6	
Tóku ekki afstöðu	108	3,4	
Fjöldi svarenda	3161	100,0	




**Greiningar**




\* Marktækt

## Telur þú að konur og karlar hafi jöfn tækifæri á vinnumarkaði eftir háskólapróf?

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Virknunarhlutfall mörk +/-
Konur og karlar hafi jöfn tækifæri á vinnumarkaði eftir háskólapróf	934	31,9	1,7
Karlar hafi betri tækifæri en konur á vinnumarkaði eftir háskólapróf	1898	64,8	1,7
Konur hafi betri tækifæri en karlar á vinnumarkaði eftir háskólapróf	97	3,3	0,6
Fjöldi svara	2929	100,0	
Tóku afstöðu	2929	92,7	
Tóku ekki afstöðu	232	7,3	
Fjöldi svarenda	3161	100,0	





### Greiningar



\* Marktækt

## Telur þú að konur og karlar hafi sambærileg laun á vinnumarkaði eftir háskólapróf?


Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Virk. mörk +/-
Konur og karlar hafi sambærileg laun á vinnumarkaði eftir háskólapróf	399	13,3	1,2
Karlar hafi hærri laun en konur á vinnumarkaði eftir háskólapróf	2561	85,5	1,3
Konur hafi hærri laun en karlar á vinnumarkaði eftir háskólapróf	36	1,2	0,4
Fjöldi svara	2996	100,0	
Tóku afstöðu	2996	94,8	
Tóku ekki afstöðu	165	5,2	
Fjöldi svarenda	3161	100,0	




\* Marktækt

**Ertu sammála því að það sé  
erfitt fyrir konur í Háskóla  
Íslands að taka sér frí í námi  
vegna fjölskylduaðstæðna?**

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vik-mórk +/-
Mjög sammála	298	13,0	1,4
Frekar sammála	612	26,6	1,8
Hvorki né	516	22,4	1,7
Frekar ósammála	623	27,1	1,8
Mjög ósammála	250	10,9	1,3
Sammála	39,6	2,0	
Hvorki né	22,4	1,7	
Ósammála	38,0	2,0	
Fjöldi svara	2299	100,0	
Tóku afstöðu	2299	72,7	
Tóku ekki afstöðu	862	27,3	
Fjöldi svarenda	3161	100,0	



**Greiningar**



\* Marktækt